

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1944 - 1955

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi  
Básun  
Básaskersbryggju  
900 Vestmannaeyjum

Bók 2  
Vélrit

# Fundargerðabók

22. nóvember 1944 - 16. október 1955



**39. Fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu  
Verðandi  
miðvikudaginn 22. nóvember 1944 og hófst hann kl. 20:30 í  
Agógeshúsinu.**

1. Sótt um inntöku eftirtaldranna:  
Júlíusar Hallgrímssonar  
Jóhanns Pálssonar  
Guðjóns Jónssonar  
Ragnars Helgasonar  
Guðlaugs Halldórssonar  
Inntökubeiðni þessara manna var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
3. Á fundinum var mættur Loftur Guðmundsson kennari og las upp smásögu til skemmtunar.
4. Talstöðvarnar. Um þær var ennþá rætt og heyrðist sem áður í umræðum manna kvörtun á ásigkomulagi þeirra í bátum hér.  
Nefnd sú sem kosin var á síðasta fundi gat ekki gefið neinar upplýsingar viðvikjandi stöðvunum eða öðru því sem henni var falið í sambandi við þær. Hafði enn ekki náð sambandi við Björgunarfélag Vestm.eyja sem henni hafði verið falið að leita samstarfs við.  
Af þessum ástæðum var nefndin hvött til að fara sínar eigin götur og hefjast handa strax, því þetta mál þyldi ekki bið.  
En eins og menn muna, átti nefndin að vinna að því að hingað yrði fenginn fyrir n.k. vertíð fullfær maður sem starfaði hér yfir vertíðina að viðgerðum og endurbótum talstöðvanna.
5. Sjómannadagssjóðurinn.  
Formaður, Hannes Hansson, gaf þær upplýsingar að sjómannadagsráð hefði enn ekki komið saman, en hefði enn á ný gefið góð loforð þar um.  
Um þennan sjóð hófust dálitlar umræður, eða í hvaða fyrirtæki peningunum skyldi varið.  
En um það atriði voru engar endanlegar ákvarðanir teknar.
6. Kappróðrabátar.  
Til umræðna kom hversu óviðeigandi eða ólíðandi það væri að ekki væru til hér í plássi góðir bátar til kappróðra. Árni Þórarinsson taldi að bátarnir þyrftu að vera til fyrir n.k. sjómannadag.  
Kosin var nefnd er athuga skyldi möguleika þá hvort hægt væri að smíða þá eða útvega fyrir næsta sjómannadag, og einnig ef hægt væri að fá upp kostnaðarverð þeirra.  
Í nefndina voru kosnir:  
Runólfur Jóhannsson  
Karl Guðmundsson  
Grímur Gíslason
7. Félagsafmælið.  
Jónas Sigurðsson skýrði frá því að nefndin hefði komið sér saman um að félagsmenn fengju 4 aðgöngumiða ef þeir æsktu þess. En aftur á móti hefði hún horfið frá að bjóða þátttöku nemendum sjómanna- og vélskólans. Þessi álitgjörð nefndarinnar var borin undir atkvæði og samþykkt.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1944 - 1955

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 40. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi þriðjudaginn 9. janúar 1945 og hófst hann kl. 20:30 í Agógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Samningar fyrir n.k. vertíðar- og síldarúthald. Arnoddur Gunnlaugsson hóf máls og skýrði frá samkomulagsumleitunum þeim sem fram höfðu farið við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja, einnig ræddi Sighvatur Bjarnason um sama efni. Í umræðum þeirra upplýstist að einn samninganefndafundur hefði verði haldinn.  
Guðjón Jónsson kvaddi sér hljóðs og taldi að um svo mikla smámuni væri að ræða frá sínu sjónarmiði að hann taldi rétt að **svona** samningar yrðu framvegis eins og verið hefðu áður og sagðist hann eiga við línu og netabáta.  
Að lokum umræðum var það borið undir atkvæði að veita nefndinni fullt umboð til að semja fyrir félagið og var það samþykkt með meiri hluta atkvæða.
3. Sjómannadagsráðið.  
Ársæll Sveinsson kvaddi sér hljóðs og greindi frá að sjómannadagsráðið hefði nú komið saman, sjóðurinn kvað hann nú vera kr. 24.000. Hann greindi einnig frá því að ráðið hefði álitnið nauðsyn á að byggja kappróðrabáta og yrði strax hafist handa með undirbúning og yrði að skipa nefnd er vinna skyldi að þessum málum.  
Einnig minntist hann á fleira er sjómannadagsráðið hefði rætt þ.á.m styrktarheimili aldraðra sjómanna o. fl. og óskaði hann eftir umræðum manna um þessi mál.  
Um málið urðu allmiklar umræður og kom fram í þeim ýmislegt er nauðsyn þótti á að styrkja þ.á.m minnimerki drukknaðra sjómanna.  
Næst var stungið upp á mönnum í sjómannadagsráð og hlutu eftirtaldir menn kosningu, og voru þeir kosnir með 16 atkvæðum:  
Árni Þórarinsson  
Hannes Hansson  
Jónas Sigurðsson  
Guðmundur Vigfússon  
Sighvatur Bjarnason
4. Talstöðvarnar  
Formaður, Hannes Hansson, upplýsti að viðgerðamaður talstöðvanna væri kominn hingað, en í samtali við Þórhall Gunnlaugsson kom í ljós að húspláss væri ekki fengið handa honum, en ef það fengist ekki mjög bráðlega taldi Þórhallur að svo gæti farið að maðurinn færi héðan úr plássinu.
5. Hannes Hansson hóf máls á því að nauðsynlegt væri, að stemma **stigum** við áfengisflóði því sem hér flæddi yfir á hverri vertíð, taldi hann að æskilegt væri að fleiri tæku til máls um þetta nauðsynjamál.  
Um þetta var talsvert rætt og voru ræðumenn allir sammála um nauðsyn þess að vinna að því að áfengisversluninni yrði helst lokað yfir vertíðina.  
Að lokum var það borið undir fundarmenn hvort þeir væru samþykkir þessu.  
Síðan var kosin nefnd manna er vinna skyldi að þessum málum.  
Í nefndina voru kosnir:  
Ársæll Sveinsson  
Sighvatur Bjarnason  
Hannes Hansson
6. Styrktarsjóður félagsins:  
Hannes Hansson minntist þess, að á síðasta fundi hefði komið fram tillaga um að farið yrði

með línustump í róður í vetur og færi hver bátur minnst einu sinni með stampinn og skiluðu aflanum.

Minntist Hannes einnig sjóðsins með fleirum orðum, og taldi nauðsyn þess að félagsmenn styrktu hann. Tóku fleiri í sama streng, og var gjörður að þessu góður rómur.

Sighvatur Bjarnason stakk upp á því að hvorfið yrði frá að fara með línustubba en formenn hétu heldur á sjóðinn einhvern vissan dag og létu þá einhvern hluta úr sínum eigin aflaparti.

Um þetta var allmikið rætt og var að lokum fallist á að menn fengju að vera sjálfráðir um hvort þeir heldur vildu fara með línustamp eða láta einhvern vissan part úr afla sínum einhvern daganna frá 20. febrúar til 10. mars n.k.

[Á spássíðu: Formaður áfengisnefndar Þórarinn Gunnlaugsson, Gjábakka fyrir Vélstjórafélag Vestmannaeyja.]

7. Sighvatur Bjarnason hóf máls á því að nauðsynlegt væri að setja hlíf í kringum dragnótuspilin sem gæti varnað slysum.

Einnig að stjórn félagsins yrði falið að leitast fyrir um hvort ekki væri hægt að fá gúmmíbáta sem hver mótorbátur hefði meðferðis til öryggis.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 41. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 18. febrúar 1945 og hófst hann kl. 2 e.h. í Agógeshúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Formaður, Hannes Hansson, kvaddi sér hljóðs, og kvaðst hafa boðað til fundar í dag, aðallega vegna þess að hann kvaðst hafa verið boðaður til fundar hjá Björgunarfélagi Vestmannaeyja nýlega í tilefni þess, að skipstjóri Jóhann P. Jónsson sem verið hefur starfandi hjá Björgunarfélagi Vestmannaeyja og við björgunar og strandgæslu í 25 ár s.l. samleitt.

Tilmæli eða ákvörðun Björgunarfélagsins væri sú að Jóhanni P. Jónssyni skipstjóri yrði haldið veglegt samsæti og um leið afhvent einhver minningargjöf og fjárupphæð að auki sem helst væri ekki minni en 25.000. En æskilegast yrði þó að ná inn kr. 35.000 og yrðu þó að ná inn kr. 35.000 og yrðu þá 10.000 kr. afhentar frá Önnu Pálsdóttur ekkju Sigurðar heitins apótekara sem hér var í Vestmannaeyjum og eins og flestum væri kunnugt hefði Sigurður heitin verið stór brautryðjandi og áhugamaður um slysavarnir og einn af stofnendum Björgunarfélag Vestmannaeyja.

En kunnugt væri að ekkjan lifði við þröngann kost.

Jón Jónsson tók næstur til máls tók hann það fram að hann hefði persónulega kynnt sér hag ekkjunnar og hefði komist að raun um að hann væri þröngur sagðist hann mótfallinn því að ekkjan yrði afskipt ef um fjársöfnun yrði að ræða.

Hann kvað einnig vitað að þau hjónin Sigurður og Anna hefðu gefið Björgunarfélaginu 10.000 kr. úr sínu búi í stofnun þess Björgunarfélagsins á sínum tíma.

Ýmsir fleiri tóku til máls og kom fram í umræðum um að vafasamt þótti með fjársöfnun en töldu hins vegar sjálfsagt að halda Jóhanni samsæti til heiðurs og gefa honum þá einhverja myndarlega gjöf til minningar um starf hans í þágu björgunarmálanna.

Sigurður Stefánsson stakk upp á því að samsæti þetta sem um ræðir væri heppilegra að nefna sem 25 ára afmæli Björgunarfélags Vestmannaeyja og að Jóhanni yrði þá boðið hingað og hann að einhverju leiti heiðraður fyrir starf sitt í þágu Björgunarmálanna.

Næst var rætt um að nefnd manna yrði kosin er hafa skyldi fjársöfnun með höndum meðal formanna og sjómanna.

Í nefnd þessa voru kosnir:

Árni Þórarinsson  
Karl Guðmundsson  
Jónas Sigurðsson

3. Talstöðvahlustun.

Formaður kvaddi sér hljóðs og taldi að menn yrðu að vera vel á hlustverði, þann tíma sem hverjum og einum væri áætluðum kvaðst hann hafa fengið um þetta umkvörtun, en þetta mætti ekki koma fyrir, þar sem einnig hlustunartími væri auglýstur í sjómannaalmanakinu.

4. Breyting á róðratímanum.

Formaður sagði að komið hefðu upp raddir um að stytta þann róðratíma sem ákveðin var og lögskipaður er yfir þetta vertíðarúthald.

Um þetta var nokkuð rætt og urðu menn sammála um að breyta honum þannig að sólarklukkunni yrði fylgt áfram en eins og kunnugt er verður klukkunni flýtt fyrsta sunnudag í mars n.k.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt.

"Á fundi sem haldinn var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, 18. febrúar þ.á., var samþykkt tillaga þess efnis, að róðratíminn yrði þannig framvegis að sólarklukkunni yrði fylgt áfram eða tíminn ekki færður fram, er klukkunni verður flýtt, fyrsta sunnudag í mars n.k."

5. Sighvatur Bjarnason ræddi um að formenn yrðu framvegis að leggja bátum sínum á festar, en ekki hafa þá við bryggju, sagðist hann ekki vera grunlaus um að ef sjómenn ekki athuguðu þetta, mundi verða gripið til róttækari ráðstafana.

Einnig minntist hann á fleira, þ.á.m. kappróðrabáta þá sem fyrirhugað er að byggja, og kvað hann ekki líklegt að hægt væri að byggja þá fyrir næsta sjómannaþing, aðallega vegna þess að valið efni væri ekki fyrir hendi og óvíst hvort það fengist.

6. Kompásaréttingar.

Hannes Hansson skýrði frá því, að í samtali við Guðmund Guðmundsson kompásafrettingarmann hafi komið fram uppástunga frá Guðmundi, að sett yrði niður bauja innanhafnar sem notuð væri við afréttingu, þar sem mjög örðugt væri oft og einatt að rétta af utanhafnar.

Fleiri tóku til máls um þetta og voru menn almennt samþykkir því að félagið beitti sér fyrir þessu er til kæmi þótt það hinsvegar væri ekki tímabært fyrir þetta úthald.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 42. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 30. september 1945 og hófst hann kl 2 e.h. í Samkomuhúsi Vestmannaeyja.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Lesið upp bréf frá nýbyggingarráði.

3. Sighvatur Bjarnason tók til máls og myntist væntanlegs róðratíma og kom fram eftirfarandi tillögu.

"Á fundi sem haldinn var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 30. september 1945 var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Fundurinn skorar á bæjarstjórn Vestmannaeyja að beita sér fyrir því þannig að sólarlukkunni verði fylgt. Eða tímanum ekki breytt er klukkunni verður flýtt fyrsta sunnudag í marz."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

4. Rætt var um nauðsyn þess að bauja yrði sett hér innanhafnar til notkunar við afréttingu kompása í bátum hér. Jóhann Pálsson stakk uppá í þessu sambandi að vissara væri að maður með sérþekkingu yrði með í framkvæmdum þessum er velja skyldi baujunni stað, Ólafur Vigfússon skýrði einnig frá útbúnaði þeim sem notaður væri við afréttingu kompasa í Friðrikssund. Að loknum umræðum var kosin nefnd er vinna skyldi að framgangi málsins.

Í nefndina voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason

Guðni Grímsson

Arnoddur Gunnlaugsson

5. Þá var rætt um bréf það sem lesið var upp í byrjun fundarins, frá Nýbyggingarráði og sem ræðir um tillögur sem ákveðið er að leggja fyrir n.k. alþingi þess efnis.

1. að útgerð landsmanna sé sem fyrst tryggð allt að 75% stofnlán með lágum vöxtum, sérstaklega til kaupa á skipum erlendis en einnig til smíða á skipum innan lands.

2. Vextir af reksturslánum útgerðarinnar verði lækkaðir mjög verulega frá því sem nú er. Þessu bréfi fylgja einnig greinargerðir en þær eru:

1. Frumvarp til laga um breitingu á lögum um nýbyggingaráð.

2. Frumvarp til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

3. Greinargerð fyrri afkomu og hagnaði bankanna undanfarin ár.

4. Almenn greinargerð um þær fjármálaaðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að

koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Kosin var nefnd, er athuga skyldi ofanrituð fylgiskjöl, og skyldi nefndin leggja álit sitt fyrir næsta fund.

Í nefndina voru kosnir:

Runólfur Jóhannsson

Sigurður Bjarnason

Guðmundur Vigfússon

Þorgeir Jóelsson

Guðjón Tómasson

6. Formannasambandsþingið.

Rætt var um væntanlegt Formannasambandsþing og nauðsyn þess að menn úr félaginu mættu þar.



Í umræðunum komu fram vankvæði á því aðallega vegna örðugleika og kostnaðar við uppihald í Reykjavík meðan þingið stæði yfir.

Að loknum umræðum voru eftirtaldir menn kosnir til fararinnar:

Þorsteinn Jónsson, Laufási  
Karl Guðmundsson  
Oddur Sigurðsson  
Til vara: Runólfur Jóhannsson

7. Varaformaður, Eyjólfur Gíslason, kvaddi sér hljóðs og taldi aðbúnað aðkomusjómanna hér á vetrarvertíðinni í alla staði ónothæfan í flestum tilfellum. Kvað hann þetta alvörumál sem alla varðaði og ekki hvað síst útgerðina og mundi horfa til vandræða með að fá menn hingað ef ekki yrði bætt úr hirð bráðasta á viðunandi hátt.

Um þetta urðu talsverðar umræður og kom margt í ljós í umræðum manna sem benti á að hér væru orð í tíma töluð.

Sighvatur Bjarnason stakk uppá því að heppilegast mundi að koma hér upp sjóbúðum með líku fyrirkomulagi og tíðkaðist suður með sjó.

Jóhann Pálsson stakk upp á að kosin yrði 3ja manna nefnd til að vinna með útgerðarmönnum að undirbúningi þessa nauðsynjamáls.

Í nefndina voru kosnir:

Elías Sveinsson  
Sigurður Stefánsson  
Óskar Ólafsson

8. Kjör stýrimanna á síldveiðiskipum.

Sighvatur Bjarnason hóf máls á því, að óviðeigandi og órétt mætti kalla, að stýrimannalaun á síldveiðiskipum væru kauplægstir af skipshöfninni ef til kauptryggingar kæmi en samkvæmt núgildandi samningum væri það svo eða svo hefði reynst við uppgjör síðastliðins síldveiðiúthalds, fleiri tóku til máls og voru allir sammála málshefjanda og töldu nauðsyn á að þetta yrði lagfært.

Sigurður Stefánsson stakk upp á því að segja upp núgildandi kjörum stýrimanna á síldveiðiskipum.

Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga samþykkt.

"Fundurinn samþykkir einróma að segja upp núgildandi kjörum stýrimanna á síldveiðiskipum. Eingöngu vegna kauptryggingarlaganna."

9. Guðmundur Vigfússon tók næst til máls og ræddi um pramma þann sem notaður er til fólksflutninga að og frá skipum. Taldi hann fleytuna mjög til skammar eða ómyndarlegan eins og hann komst að orði, ásamt útbúnaði hans.

Skýrði hann einnig frá mjög ömurlegri afgreiðslu og taldi að nauðsyn bæri til að þessu yrði kippt í lag hið bráðasta.

Um þetta urðu allmiklar umræður og virtust allir hafa sömu sögu að segja yfirleitt um báta þá sem notaðir eru á vegum afgreiðslunar að þeir væru mjög án öryggisbúnaðar og ljóslitlir eða ljóslausir þegar á því þyrfti að halda.

Að loknum umræðum var kosin 3ja manna nefnd og var henni falið að tala við afgreiðsluna og vinna að því að þessu verði kippt í lag hið bráðasta. Hér er um að ræða afgreiðslu hjá verslun Gunnars Ólafssonar co.

Í nefndina voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason  
Guðmundur Vigfússon  
Ólafur Vigfússon

10. Eiríkur Jónsson kvaddi sér hljóð og myntist þess að nefnd sú sem hann og fleiri hefðu verið kosnir í fyrir 2 árum væri enn starfandi.

En starf þessar nefndar væri það að hafa framkvæmd með gjöf til handa Guðjóni Jónssyni vélsmið. En uppástunga eða tillaga nefndarinnar var á sínum tíma sú að Guðjóni yrði gefinn bítt, og var ætlast til að félagið stæði að þessu ásamt útgerðarmönnum og stofnunum hér í bæ. En vegna umflutningsörðugleika hefði þetta ekki tekist fyrr en nú að innflutningsleyfi væri fyrir hendi og fór Eiríkur framá að manni væri bætt við í nefndina.

Um þetta urðu lítilsháttar umræður og stakk Sighvatur Bjarnason uppá því, að nefndin starfaði áfram og safnaði fé þar sem hún sæi sér fært.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 43. fundur. Sunnudaginn 4. nóvember 1945 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 2 e.h. í Bryggjuskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Formaður, Hannes Hansson, kvaddi sér hljóðs og minntist fyrirhugaðs afmælis, sem ákveðið væri að halda 15. desember n.k.

Einnig las hann upp bréf til félagsins frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja en efni þess bréfs er að félögin haldi sameiginlegt afmæli, það formaður fundarmenn að athuga þetta og óskaði umræðna.

Nokkrar umræður urðu um afmælið og bréf Vélstjórafélagsins og komu fram ýmsar skoðanir og þ.á.m. sú að afmæli yrði aðeins haldið 4-5 hvert ár.

Að umræðum loknum var gengið til atkvæðagreiðslu um það hvort félagið skyldi vera eitt um afmælisfagnaðinum eða hvort félögin yrðu saman eins og að undanfögnu, atkvæði fóru þannig að með sameiginlegu afmæli greiddu 17 atkvæði, 1 á móti.

3. Formaður bað því næst menn þá er nefndarstörf höfðu með höndum frá síðasta fundi að skýra frá árangri.

Sighvatur Bjarnason stóð næstur upp og skýrði frá því að nefndin hefði enn ekki hafið starf viðkomandi bauju þeirri sem rætt var um á síðasta fundi og skyldi vera hér innanhafnar og notast við afréttingu kompása í bátum hér. Sagðist Sighvatur bráðlega mundi vinna að þessu en stakk uppá hvort ekki mundi hyggilegra að fá hingað kunnáttumann í þessum efnum, og óskaði samþykkt félagsmanna þar um. Var því næst gengið til atkvæðagreiðslu og það samþykkt með öllum atkvæðum að fela Sighvati Bjarnasyni að vinna að framgangi málsins og komast helst í samband við Konráð Gíslason.

Athugasemd. Í öðru máli sem rætt var á fundinum. Var kosin afmælisnefnd, og hlutu þessir menn kosningu.

Helgi Bergvinsson  
Sigurður Andrésen  
Guðni Árnason  
Óskar Ólafsson og Páll Ingibergsson.

Ritari las upp bréf til nýbyggingarráðs frá félaginu dagsettu 15. október s.l. Bréfið var svarbréf við áður greindu bréfi nýbyggingaráðs.

Einnig las hann upp bréf frá félaginu til Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, en innihald þess var uppsögn á kjörum stýrimanna á síldveiðiskipum.

Næst var stungið uppá mönnum í samninganefnd og hlutu eftirtaldir menn kosningu:

Júlíus Sigurðsson  
Sigurður Stefánsson  
Elías Sveinsson

Sigurður Stefánsson skýrði því næst frá að hann hefði mætt á fund hjá Útvegsbandafélaginu varðandi sjóbúðarmálið. Sagði hann að á fundi þessum hefðu umræður orðið talsverðar um þetta mál, en menn þó með mjög ólíkar skoðanir og dró í efa að um mikinn styrk væri þaðan að fá að sinni, en sagðist álíta að þetta mál heyrði mest undir útgerðamennina sjálfa.

Upplýsti hann einnig að F.F.S.Í. hefði haft þetta mál til meðferðar og hefði þar verið samþykkt tillaga þess efnis að bæta úr þessu á einhvern hátt.

Samþykkt var tillaga frá Sighvati Bjarnasyni þess efnis að fela nefndinni áframhaldandi störf í þessu máli.

4. Formaður kvaddi sér hljóðs og ræddi um væntanlegar stjórnarkosningar innan félagsins, taldi hann réttara að frjálsar kosningar færu fram og að 7 manna nefndin yrði lögð niður. Einnig minntist hann þess að leitt hefði verið að enginn félagsmanna fór á formannþingið og taldi að slíkt mætti ekki oftara koma fyrir og tóku fleiri í sama streng.

Um kosningafyrirkomulagið urðu nokkrar umræður en að þeim loknum fór fram atkvæðagreiðsla og var einróma samþykkt að kosningin skyldi frjáls og 7 manna nefndin lögð niður.

5. Kappróðrabátarnir: Sighvatur Bjarnason skýrði frá því að efni hefði ekki fengist enn, en sagði að búið ?? væri að semja um smíði þeirra, eða fá loforð þar um, ef efnið fengist bráðlega.

Ritari upplýsti að nú væri fyrir hendi hér á staðnum sænskt timbur og taldi rétt að athuga það, og taldi Sighvatur það sjálfsagt en áður yrði hann að fá vissu fyrir hvernig gengi með efnispöntun þá sem gjörð var hjá G. J. Jónsson.

6. Rætt var um nauðsyn þess, að hér yrði eins og að undanfögnu maður til að rétta af og lagfæra kompása og var formanni félagsins falið að vinna að framgangi þess máls.

7. Sighvatur Bjarnason hóf máls á því að nauðsyn væri til að leita samkomulags við Bifreiðastöðina um það að á vertíðinni yrði vakt á stöðinni eða m.ö.o. að vís aðgangur væri að bíl og bílstjóra allan sólarhringinn.

Um þetta tóku fleiri til máls og voru sammála málshefjanda.

Að loknum umræðum voru eftirtaldir menn kosnir til að vinna að samningsumleitunum við Bílastöðina:

Jón Benónýsson  
Willum Andersen  
Björgvin Jónsson

8. Alexander Gíslason hóf máls á því hvort félagið vildi gangast fyrir samskotum til Guðna frá Norðurgarði. Taldi hann heimilisástæður hans mjög slæmar vegna veikinda þeirra sem hann hefði orðið fyrir, fleiri tóku til máls um þetta og var þá einnig minnst á sama hátt Finns Guðmundssonar, kirkjuhóli, sem hefði við veikindaörðugleika að stríða, voru ræðumenn einhuga um að samskot yrðu hafin innan þessa félags og einnig að leita samstarfs við Vélstjórafélagið.

Að loknum umræðum var kosin nefnd er vinna skyldi að framgangi málsins og einnig leita samstarfs við Vélstjórafélagið.

Í nefndina voru kosnir:

Alexander Gíslason  
Grímur Gíslason  
Eiríkur Jónsson

9. Næst voru gerðar fyrrisurnir.

1. Frá Óskari Ólafssyni: Hvað liði miðunarstöð á Stórhöfða.

2. Frá Sigurði Stefánssyni: Hvenær vænta mætti fullnaðaruppgjörs frá Ísfisksamlaginu.

3. Og frá Þorgeiri Jólssyni: Hvort viðgerðamaður talstöðva sé væntanlegur og hvenær.

4. Einnig var lögð fram fyrirspurn um áfengismálið eða hvort félagið vildi beita sér fyrir afnámi þess hér í plássi.

Formaður svaraði Óskari Ólafssyni um miðunarstöð á Stórhöfða. Kvað hann vissu fyrir því að unnið væri að framgangi málsins.

Sighvatur Bjarnason svaraði fyrirspurn Sigurðar Stefánssonar. Um uppgjör frá Ísfisksamlaginu sagði hann að uppgjörið stæði fyrir dyrum og yrði útborgun hagað í samráði við fiskimálanefnd.

Sigurjón Ingvarsson svaraði fyrirspurn Þorgeirs Jólssonar og kvaðst hann hafa komist að því í samtali við Þórhall Gunnlaugsson að viðgerðamaður væri væntanlegur næst með Laxfossi.

Í þessu sambandi þótti þó vissara að kjósa nefnd manna er hefði það með höndum að tala við stöðvarstjóra og herða á þessum málum.

Í nefndina voru kosnir:

Guðjón Valdason

Þorgeir Jólsson

Brynjólfur Brynjólfsson

Fyrirspurn um áfengismálið svaraði formaður og kvað hann sjálfsagt að vinna að útrýmingu þess og að komast í samvinnu við stúkurnar og önnur félög hér til samstarfs og var því beint til stjórnar félagsins að hann athugaði þetta og jafnvel skrifaði stúkunum, lðnaðarmannafélaginu og Sjómannafélaginu Jötun.

Eyjólfur Gíslason og fleirri ræddu um nauðsyn á að löndunarkranar yrðu settir á Básaskersbryggjuna.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 44. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 18. nóvember 1945 og hófst hann kl. 2 e.h.

1. Lesin upp fundargjörð síðasti fundur og samþykkt.

2. Formaður kvaddi sér hljóðs og upplýsti fundarmenn á því, að hann hefði rætt við stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja um greiðslu vegna væntanlegs kostnaðar við kompásafrettingu fyrir n.k. vertíð. Taldi hann samkvæmt fengnum upplýsingum að kostnaðarhlíðinni væri borgið og hefði stjórn Bataábyrgðarfélagsins samþykkt að greiða kostnað þennan frá Bataábyrgðarfélaginu.

Bað hann því næst nefndarmenn sem kosnir voru á síðasta fundi að skýra frá störfum.

Sighvatur Bjarnason upplýsti að efni í kappróðrabátana væri komið til Reykjavíkur samkvæmt upplýsingum frá G. J. Johnsen og kvað Sighvatur að efnið mundi bráðlega sent hingað til Eyja.

Viðvíkjandi sjóbúðarmálinu og samningaumleitunum með ?? á Bílastöðinni yfir n.k. vertíð hafði enn enginn árangur náðst samkvæmt upplýsingum nefndarmanna.

Næst skýrði Sigurður Auðunsson frá störfum afmælisnefndar, kváðust þeir hafa átt tal við Svein Ársælsson og mundi Samkomuhúsið kosta yfir nóttina 2850 kr. með músík en kaffi með tertu 15 kr. pr. mann.

Um þetta var nokkuð rætt og þótti þeim er til máls tóku þetta slæm viðskipti, en í annað hús væri ekki að venda.

Í þessu sambandi var einnig rætt um tölu þeirra gesta er hverjum félagsmanni væri heimilt að hafa og bað Eiríkur Jónsson þess að bókað yrði að hann óskaði þess að hver félagsmaður mætti hafa með sér 1-3 gesti eins og verið hefði að undanfögnu.

3. Formaður greindi því næst frá samtali við Þorstein í Laufási viðkomandi veðurfregnum héðan úr Vestmannaeyjum. Í þessu samtali sagði hann að þeim hefði komið saman um að nauðsynlegt væri að lagfæra þetta, þar sem öllum væri ljóst að yfirleitt væri veðurhæðin sögð meiri en hún að réttu lagi væri og hefði Þorsteinn talið að sjálfsgagt væri að snúa sér til veðurstofunnar um þetta mál. Fleiri tóku til máls og voru allir sammála um að nauðsynlegt væri að lagfæra þetta.

Að umræðum loknum var kosin 3ja manna nefnd í hana voru kosnir:

Þorsteinn Jónsson, Laufási

Eyjólfur Gíslason

Þorgeir Jólsson

4. Ritari las upp bréf frá Formanna- og fiskimannasambandi Íslands 1. nóvember þ.á. bréfið ræðir um samræmingu kaups og hlutföll í kjörum (það er) að fyrir sömu vinnu séu greidd jafnhá laun hvar sem er á landinu eins og tekið er fram í greinargerð atvinnu- og launamálanefndar frá síðasta þingi formanna og fiskimanna.

Um bréf þetta var dálítið rætt og töldu sumir ræðumenn réttast að kjósa nefnd til athugunar þessu máli, en að loknum umræðum var stungið uppá áður kosinni samninganefnd og var hún samþykkt. En hana skipa:

Júlíus Sigurðsson

Sigurður Stefánsson

Elías Sveinsson

5. Áfengismálið. Samkvæmt bókum frá síðasta fundi var stjórn félagsins falið að athuga heppilega leið til útrýmingar áfenginu héðan úr plássi og jafnvel skrifa stúkunum og öðrum félögum hér, um áform þessa félags.

Ritari upplýsti að stjórnin hefði enn ekki hafist handa eða skrifað félögum, aðallega vegna þess að er rætt var um þetta mál voru margir gengnir af fundi og engin tillögusamþykkt fyrir hendi frá fundinum. Taldi hann að þessi fundur yrði að samþykkja tillögu í þessa átt, og samkvæmt henni yrði svo áðurgreindum félögum skrifað.

Í þessu sambandi upplýsti formaður, að hann hefði átt tal við És A. Gíslason um þetta mál og hefði És talið heppilegast að þetta félag hefði forustuna.

Sighvatur Bjarnason stakk uppá því að helst öllum félögum hér yrði skrifað bréf og kosinn yrði 1 maður úr hverju félagi sem störfuðu svo allir sameiginlega.

Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga samþykkt.

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi skorar á stúkurnar hér í plássi að beita sér fyrir því, að áfenginu verði algjörlega útrýmt héðan úr bænum með almennum borgarafundi, og lofar félagið eindregið stuðningi sínum er til atkvæðagreiðslu kemur um þetta mál."

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 45. fundur.

Aðalfundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi  
sunnudaginn 9. desember 1945 og hófst hann kl. 2 e.h. í  
Samkomuhúsi Vestmannaeyja

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Sótt um inntöku nýs félaga Bjarna Jónssonar og var hann samþykktur einróma.
3. Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga félagsins, að því loknu voru þeir bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.
4. Gjaldkeri las upp nöfn þeirra er gefið höfðu á þessu ári í styrktarsjóð félagsins og er sjóðurinn nú kr.
5. Formaður las upp stutta skýrslu yfir störf félagsins þ.á.
6. Formaður bað fundarmenn að kveða á um menn í stjórn félagsins og var fyrst stungið uppá mönnum í formannssæti stungið var uppá þessum mönnum.  
Eyjólfur Gíslasyni  
Óskari Ólafssyni  
Hannesi Hanssyni  
og Jónasi Sigurðssyni

Að því loknu var gengið til kosninga og fóru þær þannig að Hannes Hansson var kosinn formaður með 22 atkvæðum.

Eyjólfur Gíslason fékk 12  
Jónas Sigurðsson 2  
Óskar Ólafsson 1 atkvæði  
1 seðill auður

Í ritarasæti var stungið uppá þessum mönnum:

Runólfur Jóhannssyni  
Vigfúsi Guðmundssyni  
Eiríki Jónssyni  
og Páli Þorbjarnarsyni  
Kosning í ritarasætið fór þannig  
Runólfur Jóhannsson fékk 26  
Vigfús Guðmundsson 5  
Eiríkur Jónsson 3  
Páll Þorbjörnsson 3  
1 seðill auður

Í gjaldkerasæti var stungið uppá eftirtöldum mönnum:

Jónasi Sigurðssini  
Karli Guðmundssini  
Eiríki Jónssini  
og Guðna Grímssini  
Kosning fór þannig að í gjaldkerasæti var kosinn  
Jónas Sigurðsson með 25 atkvæði



Karl Guðmundsson fékk 2  
Eiríkur Jónsson 6  
Guðni Grímsson 4  
1 seðill auður

Í sjómannadagsráð voru eftirtaldir menn kosnir:

Páll Þorbjörnsson  
Sighvatur Bjarnason  
Þorsteinn Jónsson  
Hannes Hansson  
Jónas Sigurðsson

Stungið var uppá eftirtöldum mönnum sem gæslumönnum fiskiveiðasamþykktarinnar n.k. ár:

Brynjólfur Brynjólfsson, Jóhann Pálsson  
Alexander Gíslason, Ólafur Vigfússon  
Guðni Grímsson, Angantýr Elíasson  
Ingvar Gíslason, Einar Runólfsson  
og Oddur Sigurðsson

Þessir menn voru kosnir með öllum greiddum atkvæðum.

Endurskoðendur voru kosnir,  
Karl Guðmundsson  
og Eiríkur Jónsson

7. Guðmundur Vigfússon hóf máls á tilhögun helgidagaróðra og taldi að óheppilegt væri að beita þeim ákvæðum ef um báta er veiða með þorskanetunum væri að ræða.

Fleiri tóku til máls og voru ræðumenn yfirleitt sammála um að tillíðilegt væri að rymkva nokkuð til um þetta ákvæði.

En í samþykkt félagsins frá 27. desember 1942 segir svo:

"að ekki skuli róa á sunnudögum frá 1. janúar til 15. mars og einnig frá 15. maí til 31. desember."

Ennfremur segir:

"Samþykkt þessi nær til allra báta, hvaða veiðarfæri sem þeir stunda."

Að loknum umræðum kom fram eftirfarandi tillaga frá Guðmundi Vigfússyni:

"Fundurinn samþykkir að áður samþykktum félagsákvæðum um helgidagaróðra verði breytt þannig að bátar þeir er veiða með þorskanetjum verði undanþegnir sunnudagaróðrum og sé því heimilt frá félagsins hálfu að vitja um net sín á sunnudögum."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

8. Þorsteinn Jónsson skýrði frá nefndarstörfum þeim er hann og fleiri voru kosnir í á síðasta fundi verðandi villandi veðurfregnir héðan úr Vestmannaeyjum og las hann upp bréf eða nefndarálit. Í bréfi þessu lagði nefndin til að stjórn félagsins skrifi forstjóra veðurstofu Íslands og gjöri þá kröfu.

Í fyrsta lagi - ef veðurstöðin verði framvegis á Stórhöfða að fenginn sé vindhraðamælir og með honum rannsakaður mismunur á vindmagni uppi á Stórhöfða og niður við sjó.

Í öðru lagi - að veðurstöðin verði flutt frá Stórhöfða og á annann heppilegri stað.

Í þriðja lagi - að þingmanni Eyjanna, Hr. Jóh. Þ. Jósepsyni, verði falið að greiða fyrir að framangreind atriði nái sem fyrst fram að ganga.

Tillögum þessum fylgdi ýtarlegt álit nefndarinnar.

Um innihald bréfs þessa var dálítið rætt og voru menn að öllu leyti samþykktir því að bréfið eða nefndarálitið yrði sent áfram og var stjórn félagsins falið að gjöra það.

Nefndarálitið var síðan borið undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum.

9. Frá Þorgeiri Jólssyni og Eyjólfí Gíslasyni kom fram eftirfarandi tillaga:

"Fundur, haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, skorar á hafnarnefnd, að hlutast til um að sett verði þegar á n.k. vertíð einhverskonar löndunarhjálpartæki á Básaskersbryggjuna þar sem bátunum er ætlað að losa afla sinn."

Tillögu þessari fylgdi einnig greinargjörð er greindi frá nauðsyn þeirri er við lægi að löndunarskilyrðum yrði breytt hér til bóta sem allra fyrst.

Tillagan ásamt greinargjörðinni var nokkuð rædd og voru ræðumenn sammála um nauðsyn þessa máls.

Að lokum voru eftirtaldir menn kosnir í nefnd er vinna skyldi að þessu máli m.a. með því að ræða við hafnarnefnd.

Eyjólfur Gíslason  
Þorgeir Jólsson  
Sigurður Stefánsson  
Alexander Gíslason  
Guðmundur Vigfússon

10. Formaður kvaddi sér síðan hljóðs og minntist eins og annars þ. á. m. þess að formenn gættu þess að sigla með gætni innan hafnar, og taldi að mjög oft hefði legið við skaða eða jafnvel slysi vegna ógætilegrar keyrslu millum bryggjana.

Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 45. fundur var haldinn sunnudaginn 30. desember 1945 í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst kl. 2 e.h. í bryggjuskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður kvaðst hafa átt tal við mann þann sem ráðinn væri hingað til að rétta af og lagfæra kompása og sagði að hans mundi ekki von í þetta pláss fyrr en um 20. janúar n.k.  
Í þessu sambandi kvaðst hann vilja áminna þá er þyrftu að láta endurbæta kompása að vissara væri að senda þá til Reykjavíkur ef þeir hefðu í hyggju að byrja róðra snemma.

3. Eyjólfur Gíslason skýrði frá því að hann hefði skirfað Bæjarstjóra og einnig átt tal við hann viðkomandi löndunartækjum þeim sem farið er fram á að sett verði á Básaskersbryggjuna, og rætt var um og sett í nefnd á síðasta fundi.

Kvað hann Bæjarstjóra að vísu hafa tekið vel í þetta, en þó færst undan því að Eyjólfur og þeir nefndarmennirnir sætu fund með hafnarnefnd varðandi þetta mál, en mundi hinsvegar verða að sjálfsögðu verða tekið til umræðna og athugunar innan hafnarnefndar.

Á fundinum voru mættir 2 hafnarnefndarmanna, þeir Páll Þorbjörnsson og Ársæll Sveinsson og ræddu þeir báðir um þetta.

Páll upplýsti að nú þegar mundi vera búið að festa kaup á hafnarkrana en hann mundi sennilega of stór til fiskilöndunar talaði hann um þetta á víð og dreif og lýsti löndunartækjum þeim er nú væru notuð við að landa fiski úr skipum í Englandi, og var ræða hans fróðleg og skemmtileg.

Ársæll Sveinsson upplýsti að mál þetta hefði enn ekki komið til umræðna innan hafnarnefndar og taldi sjálfsgagt að nefndarmenn yrðu boðaðir á þann fund er þetta yrði rætt.

Taldi hann ekkert því til fyrirstöðu og sagði að sér væri kunnugt um að búið væri að boða 2 menn á hafnarnefndarfund viðvíkjandi öðru máli.

Báðir virtust ræðumenn einhuga um að löndunarskilyrðum yrði sem fyrst breytt í betra horf.

4. Helgi Bergvinsson skýrði frá störfum afmælisnefndar og lagði fram skýrslu svohljóðandi:

"283 aðgöngumiðar á 30 kr. samtals	8490,25.
Undirbúningskostnaður kr.	658,66.
Greitt til samkomuhússins	7000,00.
Hagnaður af skemtuninni	831,59.
Samtals:	8490,25 – 8490,25

Formaður þakkaði skemmtinefnd fyrir hönd félagsins. Taldi hann þennan árangur mjög góðan og lýsti ánæju sinni yfir því að skemmtunin hefði farið myndarlega fram, og verið félaginu til sóma.

Þá var borið undir atkvæði um hvort peningar þeir er afgangs voru skyldu vera sameign beggja félaganna er að skemtuninni stóðu, eða skiptast strax, og fóru atkvæði þannig að peningunum yrði strax skipt jafnt millum félaganna og gætu svo hvort um sig ráðstafað því eftir geðþótta.

5. Júlíus Sigurðsson skýrði því næst frá störfum samninganefndar viðkomandi kjörum stýrimanna á síldveiðiskipum en í þessa nefnd voru kosnir á fundinn, er haldinn var 4. nóvember þ.á., þeir Júlíus Sigurðsson, Sigurður Stefánsson og Elías Sveinsson.

Lagði Júlíus fram álit nefndarinnar vélritað og er það svohljóðandi:

"Taxti Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi yfir kaup og kjör meðlima sinna á síldveiðum

1. gr. Hlutur skipstjóra skal vera 6 1/2 % af bruttóafli og kr 250.00 á mánuði.
2. gr. Hlutur stýrimanns skal vera 3 3/4 % af bruttóafli, og kr. 150.00 á mánuði.

3. gr. Útgerðarmaður tryggir skipstjóra og stýrimanni kr 550.00 mánaðarlega greiðslu á síldveiðitímanum, upp í hundraðshluta hans af afla frá lögskráningardegi til uppgerðardags.

Sé gert upp Norðanlands skal reikna minnst 2 daga til heimferðar.

4. gr. Á framannefnt kaup og tryggingu greiðist verðlagsuppbót samkvæmt verðvísitölukaup verðlagsnefndar.

Því næst talaði Júlíus Sigurðsson um kauptaxtann og sagði að kjörin væru þau sömu og verið hefði s.l. síldveiðiúthald nema að kauptrygging stýrimanns hefði verið færð inni samninginn en taldi að kauptryggingu vantaði fyrir skipstjóra og sagði hann að þetta þyrfti að lagfærast því vel gæti svo farið að skiptjóri gengi kauplaus frá ef um síldarleysisár væri að ræða.

Um þetta tóku fleiri til máls og sýndist misjafnt um, en voru þó sammála Júlíusi um að skipstjóri yrði kauptryggður sem aðrir skipverjar.

Eftir nokkurt þref og umræður var þetta lagfært þannig að taxtinn var samþykktur óbreyttur í einu hljóði og stjórninni falið að senda hann til Útvegsbændafélagsins.

En eins og segir í 3. gr. taxtans ber útgerðarmanni að tryggja skipstjóra og stýrimanni kr. 550 mánaðarlega ásamt verðvísitölu.

6. Áfengismálið. Formaður upplýsti að um áður samþykktu tillögu félagsins um útrýmingu áfengis úr plássinu hefði 9 félögum verið skrifað en aðeins borist bréf frá einu og taldi þetta sem vonlegt var, daufar undirtektir.

7. Páll Þorbjörnsson hóf næst máls á björgunarstarfsemi n.k. vertíðar. Taldi hann horfurnar ekki góðar með gæsluskip þar sem Ægir væri í Danmörku og sennilega ekki væntanlegur hingað til lands á næstunni. En Þór væri leigður til Ísafjarðar fram í marz til að byrja með.

Ársæll Sveinsson tók næstur til máls og greindi í stuttum dráttum starfsfyrirkomulag Björgunarfélagsins og fjárframlög til þess, skýrði hann einnig frá því að ríkisstjórnin hefði fyrir nokkru tekið upp þá nýbreytni að krefja gjalds af þeim bátum eða Bataábyrgðafélaginu sem eftirlitsskipið aðstoðaði eða hjálpaði að landi. Kvað hann sig algjörlega mótfallinn þessu og hefði það ekki verið greitt til þessa sagði hann einnig að samkvæmt samningum þeim er gerðir voru við ríkisstjórnina er gamli Þór var seldur, hefði verið áskilið í samningunum að Vestmannaeyingum yrði í té látið gæsluskip ekki verra en Þór án allra kvaða utan ákveðins árlegs gjalds.

Fleiri tóku til máls um þetta og að umræðum loknum var Ársæli Sveinsyni falið að tala við Jóhann Þ. Jósefsson varðandi þessum málum og fylgja því fast eftir að skip verði hér yfir vetrarvertíðina eins og að undanfögnu.

8. Að lokum skýrði Alexander Gíslason frá söfnun þeirri sem fram fór til konu Guðna Finnbogasonar, Norðurgarði. Einn eins og kunnugt er hefur Guðni verið nú um lengri tíma sjúkur.

Skýrði Alexander frá því að fyrir jólin hefði henni verið sendar kr. 3.550,00, en eftir mundu vera um kr 500.

Þá kom fram fyrirspurn um það hvað safnast hefði frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja því það félag hafði undirgengist söfnun þar sem Guðni er þar einnig félagsmaður.

Þessari fyrirspurn var svarað á þá leið að um 200 kr. hefðu safnast frá því félagi eða hefðu verið af hendi látnir.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

**47. fundur. Sunnudaginn 19. maí var fundur haldinn í  
Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi  
í Verkamannaskýlinu kl. 1:30 e.h.**

Formaður skipaði Pál Þorbjörnsson fundarritara í fjarveru Runólfs Jóhannssonar.

Fyrir var tekið:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Rætt um nafn á kappróðrabát félagsins. Formaður tók til máls og lagði til að báturinn bæri nafn félagsins eða Verðandi.  
Sighvatur Bjarnason lagði til að báturinn bæri nafnið "Óli" eftir Ólafi bátasmið byggingarmeistarabátsmið.  
Einnig var lagt til að báturinn bæri fullt nafn Ólafs Ástgeirssonar.  
Ýmsir fleiri tóku til máls. Samþykkt með miklum meirihluta atkvæða, var nafn bátsins ákveðið "Óli".
3. Frumvarp að reglugerð fyrir fulltrúaráð stéttarféлага sjómanna og starfssvið sjómannadagsráðs í Vestmannaeyjum var lagt fyrir fundinn og lesið upp. Nokkrar umræður urðu.  
Jóhann Pálsson taldi heppilegra að hafa sjómannadag á laugardag ár hvert. Tillaga kom fram um að fella niður síðari málsgrein 10. gr. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 1. Frumvarpið síðan samþykkt í einu hljóði.
4. Rætt var um fyrirkomulag á kappróðri á sjómannadaginn. Talið var eðlilegt að ein sveit keppti frá hverju félagi.  
Róðraformaður var kosinn Þorgeir Jónsson.
5. Skýrði formaður frá því að umkvartanir hefðu komið frá breskum togurum útaf hinu auglýsta ?? frá í vetur. Hafði verið sendur breskur tundurspillir upp útaf þessu.  
Óskað hefði verið eftir að gerðar yrðu ákveðnar tillögur um ákveðið afmarkað ?? ásamt fleiri upplýsingum. Samþykktir voru í nefnd útaf þessu máli því:  
Páll Þorbjörnsson, Jóhann Pálsson, Guðni Grímsson, Þorgeir Jónsson og Sighvatur Bjarnason.
6. Lesið var upp bréf frá Veðurstofunni dagsett í janúar útaf veðurathugunum í Vestmannaeyjum.
7. Eiríkur Jónsson gerði grein fyrir söfnun vegna heiðursgjafar til Guðjóns Jónssonar vélsmiðs.  
Alls söfnuðust kr. 20.290,00. Kostnaður við samsæti kr. 1440,00. Í bankabók nú kr. 18.750,00.  
Formaður þakkaði Eiríki öflugt starf hans í þessu máli. Loks var frá því skýrt að fyrir atbeina félagsins o.fl., hefði Guðjóni verið veittur Fálkariddaraorðan.
8. Loks ræddi formaður um róðrasamþykktina og brot félagsmanna á henni. Sighvatur Bjarnason tók einnig til máls um þetta. Fleiri tóku til máls og samþykkt var að taka málið til athugunar í haust.
9. Ýmsir tóku til máls um sjómannadaginn.  
  
Fleira ekki gert. Fundi slitið  
  
Páll Jónsson (settur ritari).

## 48. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 22. september 1946 og hófst hann kl. 2:30 e.h.

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Lesið upp bréf frá félaginu dagsett 27. júní þ.á. til Pálma Loftssonar forstjóra.  
Í bréfi þessu var þess farið á leit að svæði það er aðallega er fiskað á með net hér, við Vestmannaeyjar yrði afmarkað með ljósbaujum, og friðað gegn botnvörpuveiðarfærum.
3. Kosning fulltrúa á formanna- og fiskimannasambandsþingið. Kosnir voru með öllum atkvæðum Hannes Hansson og Páll Þorbjörnsson til vara, Jóhann Pálsson.  
Í þessu sambandi, eða áður en kosning þessi fór fram hóf formaður máls á, að félagið yrði að standa straum af fararkostnaði fulltrúanna og var það stutt af þeim er til máls tóku um þetta.  
Ýmislegt fleira var rætt án þess að tillögur kæmu fram t.d. að sjómannadagurinn yrði framvegis haldinn á laugardegi. Að sjómenn yrðu friðhelgir að einhverju leyti, gagnvart opinberum gjöldum. Í þessum umræðum upplýstist að 30-40 % hefðu verið hirt af hlut manna á Siglufirði í sumar og var þetta talið illviðunandi ef um fjölskyldumenn væri að ræða og lítill aflahlutur annarsvegar eins og t.d. s.l. síldarúthald.
4. Róðratíminn.  
Rætt var um sleifarlag það sem ríkt hefði undangengnar vertíðir með róðratíman og töldu menn að lagast þyrfti algjörlega með einhverjum ráðum, heyrðust m.a. raddir um að gera afla þeirra báta upptækann sem brytu róðrasamþykktina.  
Að loknum umræðum voru kosnir 3 menn er athuga skyldu í samráði við lögreglustjóra, hvernig þessu yrði best kippt í lag.  
Þessir menn voru kosnir:  
Jóhann Pálsson  
Guðjón Valdason  
og Þorgeir Jólsson
5. Áfengismálið  
Rætt var um nauðsyn þess að stemma stigu við áfengisneyslu hér í plássi, aðallega yfir vertíðina en ekkert endanlegt samþykkt um það frekar  
Um þetta tóku nokkrir til máls, og var talið að um allmikla örðugleika væri að ræða í þessu efni og aðeins gæti lagast með héraðsbanni.
6. Ýmislegt  
Rætt var um örðugleika á manni til að rétta af og gera við kompása hér í plássi, byggingu hraðfrystihúss og skýrði Páll Þorbjörnsson frá gangi þess máls og hvers vegna dregið hefði verið til baka að halda hér sjómannaámskeið.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

A.h.s. þessi fundur var mjög illa sóttur eða innan við 20 manns, og umræður yfirleitt frekar daufar.

RJ.

## 49. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 6. október 1946 og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lesið upp bréf frá Jóhanni Þ. Jósepsyni dagsettu 22. september þ.á. Bréfið var svar við fyrirspurn félagsins um hvers vegna stýrimannanámsskeiði því sem haldast átti hér í Eyjum hafi verið aflýst.
3. Formaður las upp bréf frá Formanna- og fiskimannasambandi Íslands. En í bréfi þessu er stjórnarsamþykkt þess félags frá 17. september þ.á. um mál þau er leggja skyldi fyrir 10. þing F.F.S.Í. sem ákveðið er að hefjist þann 10. þ.m.  
Að loknum lestri bréfsins voru hinar 9 greinar þess ræddar sérstaklega.

### 1. gr. Dyrtíðarmálin.

Umræður um þessa grein urðu allmiklar þ.á.m. hélt Páll Þorbjörnsson ýtarlega ræðu um núverandi ástand, mistök og sleifarlag í dyrtíðar- og gjaldeyrismálum.  
Hannes Hansson, Sighvatur Bjarnason og fleiri tóku til máls og kom fram í þessum umræðum nauðsyn þess að gjaldeyrir allur yrði í höndum þeirra er hann framleiddu.  
Engin endanleg tillaga var samþykkt um þessi mál.

### 2. gr. Landhelgismál.

Formaður las upp greinargjörð frá 8. þingi F.F.S.Í. um landhelgismál.  
Sighvatur Bjarnason taldi nauðsyn á að fá landhelgislínuna rýmkaða.  
Að loknum umræðum kom fram eftirfarandi tillaga frá Páli Þorbjarnarsyni.  
"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi skorar á F.F.S.Í. að beita sér fyrir því að hin nýju varðskip og strandferðabátar ríkisins, verði skráðir til heimilis utan Reykjavíkur og á þeim stöðum sem heppilegast þykir."  
Tillaga þessi var samþykkt einróma.

### 3. gr. Vitamál.

Ólafur Sigurðsson taldi nauðsynlegt að allir Radiovitar hér yrðu skráðir í Sjómannaalmanakið, sagði hann í þessu sambandi að Radiovitinn hér væri ekki skráður, það hefði gleymst.  
Fleiri tóku til máls um þetta þ.á.m. Jónas Sigurðsson og Sigurjón Ingvarsson og minntust á ólag það er væri á Þrídrangavitanum.  
Páll Þorbjörnsson talaði fróðlega um þessi mál og greindi frá fyrirspurnum er hann hafði gjört viðvirkjandi sjónvarpi fyrir Vestmannaeyjar, einnig um slóðaskap þann er virtist ríkja nú í vitamálum, og sagði um það hliðstæð dæmi.  
Engin tillaga kom fram.

### 5. gr. Kennsluhættir í Stýrimannaskólanum.

Um þessa grein ræddi Páll Þorbjörnsson aðallega og taldi hann núverandi kennsluaðferð óviðunandi og rammkakka. Í þessu sambandi talaði hann um kennsluaðferðir Bandaríkjamanna sem væru mikið.  
Engin tillaga kom fram / betri.

### 6. gr. Um öryggi skipa og eftirlit með þeim.

Í þessu sambandi skýrði Hannes Hansson frá samtali við skipaskoðunarstjóra aðallega í sambandi við fjórðungsmann þann er í ráði væri, eða hefði komist til orða með að skipaður yrði.

Fleiri tóku til máls, og var einnig rætt um nauðsyn þess, að hingað yrði fenginn kompásviðgerðamaður og sem einnig annaðist afréttingu kompása.

Engin sérstök tillaga kom fram.

7. gr. Siglingar erlendra skipa, í þjónustu Íslendinga, og óheilbrigð samkeppni þeirra.

Í umræðum um þetta mál skýrði Páll Þorbjörnsson frá því að undangengið ár hefði svenskur bátur annast hér strandsiglingar, en íslensk skip og bátar lægju aðgerðarlaus, fleiri tóku til máls og töldu nauðsynlegt að reyna að sporna við slíku framvegis.

Eftirfarandi tillaga frá Páli Þorbjarnarsyni og Sighvati Bjarnasyni var borin upp, og samþykkt einróma:

"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi skorar á F.F.S.Í. að beita sér fyrir því að engin sérréttindi verði gefin dönskum og færeyskum fiskiskipum, fram yfir aðra útlendinga til fiskiveiða eða athafna innan íslenskrar landhelgi."

8. gr. Samningur um kaup og kjör milli F.F.S.Í. og Landssamband Íslenskra Útvegsmanna.

Umræður máls þessa urðu nokkrar, vildu sumir er til máls tóku, að síldarsamningum við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja yrði sagt upp, ef hinir reyndust hagkvæmari, en þó varð samkomulag um að kynna sér betur samninga þá er F.F.S.Í. gjörði þann 18. júní þ.á. við Landsamband Íslenskra Útvegsmanna.

Tillaga kom ekki fram í máli þessu.

4. Hannes Hansson hóf máls á því að nauðsynlegt væri að efla sjúkrasjóð félagsins með fjársöfnun t.d. með happadrætti eða öðru hliðstæðu, í þessu sambandi tóku fleiri til máls, endanlegar samþykktir urðu ekki, og var málinu frestað.

5. Rætt var um nauðsyn þess, að fundur yrði sem fyrst haldinn í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, og var stjórn félagsins falið að skrifa Útvegsbændafélaginu.

Um þessa samþykkt fór fram atkvæðagreiðsla.

6. Ljósbaujur við Vestmannaeyjar.

Mál þetta var nokkuð rætt og gat Sighvatur Bjarnason þess að æskilegt væri að allt að 10 ljósbaujur yrðu hafðar hér við Eyjar á vetrarvertíðinni.

Að loknum umræðum var kosin nefnd manna til að kynna sér kostnaðarhlið og fl.

Kosnir voru:

Sighvatur Bjarnason

Björgvin Jónsson

Guðni Grímsson

7. Ýmislegt.

Páll Þorbjörnsson talaði um markaðshorfur, og mistök á ýmsu sviði í þeim efnun og taldi nauðsyn á að sjómenn héldu fast við rétt sinn á sviði viðskiptamála.

Þá minntist Óskar Ólafsson á dýpkun við Bæjarbryggjuna sem hann taldi að lagfærast þyrfti þar sem nú væri svo ástatt að djúpir pyttir og móklapparbríkur skiptust á, og þess vegna hættulegt að koma nálægt bryggjunni á vissum stöðum.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.



## 50. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 27. október 1946 og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu

Fyrir var tekið -

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður las upp uppkast af kjarasamning F.F.S.Í. og skýrir frá störfum nefndar þeirrar er þeir voru kosnir í á F.F.S.Í. s.l. (Hannes Hansson og Páll Þorbjörnsson) og skýrir frá fleiri málum er þar voru rædd. Páll Þorbjörnsson ræddi einnig um störf F.F.S.Í.-formannþingsins.
3. Talstöðvagæslan.  
P.Þ. ræddi um talstöðvagæsluna hér og skýrt frá tilboði Landssímastjóra um að Landssíminn greiði 350 kr. grunnkaup pr. mánuði en að Batabyrgðarfélagið og Björgunarfélag Vestmannaeyja greiði það er á vantar.  
Páll taldi í þessu sambandi að vinna ætti að því að vaktin yrði haldin og enginn tími félli úr og að Landssíminn greiddi allan kostnað.  
Sighvatur Bjarnason og Jónas Sigurðsson tóku til máls um þetta mál og voru báðir sammála málshefjanda.  
Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga frá Páli Þorbjörnssyni borin upp og samþykkt í einu hljóði:  
"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi skorar á Alþingismann kjördæmisins að vinna að því við póst- og símamálastjóra og Samgöngumálaráðuneytið að stöðug varsla verði við talstöðina í Vetsmannaeyjum og verði kostnaður allur greiddur af Landssímanum.
4. Sjómannaalmanakið 1947.  
Formaður las upp svohljóðandi bréf frá Fiskifélagi Íslands til félagsins dagsett 4. þ.m.:  
"Ef yður leikur hugur á að fá birta í næstu útgáfu almanaksins skrá yfir hlustunartíma Vestmannaeyjabáta, munum vér taka hana með gegn því að þér útvegið og innheimtið 2 heilsíðuauglýsingar hverja á 110 kr. sbr. meðfylgjandi aulýsingar frá yfirstandandi ári.  
Gjörði svo vel að láta okkur vita um þetta hið fyrsta."  
Um þetta ræddu Sighvatur Bjarnason og Jónas Sigurðsson og töldu bréf Fiskifélagsins smánarlegt og töldu rétt að skrifa þeim og mótmæla algjörlega slíkri kröfu sem þessari þar sem vitað væri að fleiri skip en Vestmannaeyjabátar notuðu hlustunartímann.  
Að loknum umræðum var samþykkt að senda Fiskifélagi Íslands hlustunarskýrsla ársins 1947 við Vestmannaeyjar ásamt viðeigandi greinargjörð.
5. Um ljósbaujur.  
Sighvatur Bjarnason seigr að nefndin hafi komið saman og rætt um möguleika á því að ná inn ljósbaujum fyrir næstu vertíð, skýrði einnig frá að um þetta hafi verið rætt á fundi hjá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja.
6. Rætt var um mötuneyti fyrir n.k. vertíð og vandræði þau er steðjuðu að í þessu efni. Sighvatur Bjarnason taldi í þessu sambandi að rétt mundi að skipshafnir 2-3 báta yrðu saman. Því höfuðókostir þeirra mötuneyta sem undanfarið hafa verið drifin hér væru þeir að of mörgum mönnum hefði verið þvingað saman.

7. Félagsafmælið.

Jónas Sigurðsson stakk uppá að kosin yrði afmælisnefnd og hvort félagið verði útaf fyrir sig, eða eins og að undanfögnu að Vélstjórafélag Vestmannaeyja yrði með í afmælisfagnaðinum.

Fleiri tóku til máls um þetta að loknum umræðum var kosin nefnd.

Afmælisnefnd:

Alexander Gíslason

Guðni Árnason

Angantýr Elíasson

Ólafur Sigurðsson

Jón Guðmundsson

Guðmundur Hákonarson

Ofanskráðir menn voru kosnir með öllum greiddum atkvæðum.

8. Ýmislegt.

Formaður ræddi um nauðsyn þess að fundir yrði betur sóttir framvegis ef félagið ætti að lifa.

Sighvatur Bjarnason stakk uppá að sjómenn hefðu nú átt að heimta skattfrelsi þar sem allar stéttir gerðu nýjar og nýjar kröfur.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 51. fundur var haldinn sunnudaginn 12. janúar 1947 í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lesið upp bréf frá félaginu til póst- og símamálastjóra um viðgerðir talstöðva í bátum hér fyrir n.k. vertíð og svarskeyti um sama efni. En í því segir að 2 viðgerðamenn verði sendir hingað um miðjan janúar.  
Skeytið er dagsett 2. þ.m. en bréf félagsins 28. f.m.  
Lesið upp bréf frá Fiskifélagi Íslands frá 4. október þ.á. um að hlustunartími Vestmannaeyjabáta yrði birtur í Sjómannalmanakinu gegn 2 heilsíðu auglýsingum og svarbréf félagsins um að hlustunarskýrslan yrði birt án auglýsinga og þá gegn greiðslu ef krafist yrði.  
Um þetta var nokkuð rætt og kom í ljós að hlustunarskýrslan mundi ekki hafa verið birt í almanakinu og fanst mönnum það furðu gegna.  
Að loknum umræðum var Páli Þorbjarnarsyni falið að grenslast fyrir um þetta og jafnvel að fara yfir í Fiskifélagið fyrir hönd félagsins, ef nauðsyn krefði .
3. Lesið upp bréf frá Bernótusi Þorkelssyni um að félagið veitti honum meðmæli sem stýrimanni á m/b Erling II. Bréfið var borið undir atkvæði og samþykkt.
4. Páll Þorbjörnsson skýrði frá nýjum stefnuvitum á Hvalsnesi og víðar, og syndi mönnum kort með útfærðum stefnum þessara vita.  
Í þessu sambandi minnti hann á að nauðsyn bæri til að líkum vitum eða vita yrði komið upp til notkunar Vestmannaeyjabáta og sagði í því sambandi að á Reynisfjalli væri einn stefnuviti og mundi því nægjanlegt að fá annann í Selvogi eða þar nálægt.  
Fleiri tóku til máls um þetta, og að lokum var kosin 3ja manna nefnd er vinna skyldi að þessum málum.  
Í nefndina voru kosnir:  
Páll Þorbjörnsson  
Sighvatur Bjarnason  
og Guðni Grímsson
5. Gæslunefnd og fiskiveiðasamþykktin.  
Jóhann Pálsson skýrði frá störfum nefndar þeirrar sem hann var formaður fyrir og athuga skyldi fiskiveiðasamþykktina. Las Jóhann upp samþykktina og þær breytingar sem nefndin taldi nauðsynlegar. Eftir það lét varaformaður, Eyjólfur Gíslason, ræða hverja grein sérstaklega þar sem breytingar þóttu nauðsynlegar, og byrjaði á 1. grein, en í greininni er kveðið á um að samþykktin nái til báta upp að 60 s.m.l. og þar yfir.  
Samþykkt var að fella stærðarákvæðið úr og næði samþykktin því til allra báta og skipa sem línuveiðar stunda frá Vestmannaeyjum.  
2. gr. Að tímanum verði breytt 15. mars og verði þá róið kl. 1 f.h. eftir sólarklukku. Breytingin var samþykkt með öllum atkvæðum.  
3. gr. Um hvar tímamerki skuli gefið. Nefndin leggur til að merkið verði gefið í 2 stöðvum samtímis, annað á Víkinni en hitt innanvið Eiði, en eins og kunnugt er hefur tímamerkið aðeins verið gefið á Víkinni.  
Breytingartillaga þessi var borin undir atkvæði og voru 11 með 7 á móti og var því samþykkt.  
12. gr. Um sektir, nefndin lagði til að sektirnar yrði hækkaðar 1 boot 500 kr. eða sama sekt hvort sem um 1 eða fleiri brot væri að ræða. Sighvatur Bjarnason kom með þá breytingartillögu að 1 sekt yrði 200 kr en svo þær næstu 500.

Breitingartillagan var borin undir atkvæði og voru 11 með 5 á móti.

10. gr. Nefndin leggur til að greinin verði breytt eða að þar sem kveðið er á um ljós á netjabaujum og gáfu um leið þá skýringu að þessu ákvæði hefði aldrei verið framfylgt.

Breyting þessi var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum.

Þá var einnig lesið upp bréf til lögreglufulltrúans hér sem nefndin hafði samið og fjallaði það aðallega um að hert yrði á að framfylgja sektum o.fl.

Að lokum var nefndinni falið að koma þessum breytingartillögum til rétttra aðila og einnig að útsjá ljósmerki þau er gefin skyldu fyrir innan Eiði. Stungið var uppá mönnum í gæslunefnd og voru þessir menn samþykktir í einu hljóði:

Jón Guðmundsson  
Oddur Sigurðsson  
Sighvatur Bjarnason  
Guðjón Valdason  
Eyjólfur Gíslason  
Þorgeir Jólsson

Það að gæslumenn eru aðeins 6 að þessu sinni í stað 9 eins og að undanfögnu var áður rætt og samþykkt samkvæmt tilmælum eða uppástungu Sighvatar Bjarnasonar.

6. Rætt var um varðskip það er hér skyldi vera næstu vertíð og kom mönnum saman um að v/s Ægir gæti aðeins komið til greina af þeim skipum sem varðgæslu stunduðu hér við land og var Páli Þorbjarnarsyni falið að tala við Pálma Loftsson í þessu sambandi.

Rætt var um að illa hefði gengið með að fá hingað ljósbaujur fyrir n.k. vertíð en unnið yrði að því eftir því sem best mætti. Sighvatur Bjarnason ræddi um kompásafrettingar hér innanhafnar og skýrði frá störfum Konráðs Gíslasonar þ.á.l. og var Sighvati falið að halda því máli gangandi framvegis.

Jóhanni Pálssyni var falið að tala við Pálma Loftsson viðvirkjandi afmörkun netjasvæðisins og skýra honum frá nefndartillögum þessu viðkomandi en Jóhann býður byrjar til Reykjavíkur með m/b Ernu.

Sighvatur Bjarnason skýrði frá því að bátaskýlið hefði sigið að hálfu leyti vegna sjógangs og flytja hefði þurft kappróðrabátum í burtu og það hann félagsmenn að bregðast við nú á næstunni og flytja skýlið á öruggari stað.

Júlíus Sigurðsson minntist á innsiglingarljósin hér inn leiðina og taldi að ýta þyrfti við hafnarnefndinni sem að sjá til að þeim yrði breytt en sem kunnugt væri sýndu þau ekki rétta innsiglingu nema að ófullkomnu leyti.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

**52. fundur. Aðalfundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu  
Verðandi  
sunnudaginn 10. janúar 1947 og hófst hann kl. 1:30 e.h. í  
Samkomuhúsi Vestmannaeyja.**

2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Formaður Hannes Hansson lagði fram stutt ávarp til félagsmanna yfir gjörðir stjórnarinnar s.l. kjörtímabil og drap á það helsta er félagið hefur beitt sér fyrir og fengið áorkað.

3. Féhirðir Jónas Sigurðsson las upp endurskoðaða reikninga félagsins, en að því loknu kvaddi formaður sér hljóðs og bað menn ræða um ef þeir hefðu eitthvað þeim viðkomandi.

Umræður urðu engar og voru reikningarnir síðan bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.

Þá las gjaldkeri upp reikninga styrktarsjóðs félagsins og var inneign sjóðsins 14.461,70.

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir.

Þá er styrktarsjóðsreikningarnir voru til umræðu stakk Sighvatur Bjarnason uppá því að menn hlynntu að sjóðnum með að ávaxta að einhverju leyti fé sitt í honum og mundi það hægkvæmara en að ávaxta þá í bankanum.

4. Formaður bað menn því næst að tilnefna mann í formannssæti og minntist þess um leið hvort menn væru því samþykktir að þessu yrði hagað eins og á síðasta aðalfundi, en eins og menn muna voru samþykktar breytingar fyrir þann fund um stjórnarkosningu.

Sigurður Stefánsson minnti á í þessu sambandi að viðkunnanlegra væri að tilkynna Formannasambandinu þessar breytingar en að öðru leyti væri frá sinni hlið ekkert við það að athuga. En þær breytingar sem hér um ræðir voru að stungið skyldi uppá manni í formannssæti á aðalfundinum sjálfum en í lögunum er tiltekið að á aðalfundi skuli kosnir 7 menn sem geri tillögur um menn í stjórn félagsins og skuli nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. nóvember ár hvert samkvæmt 10. gr. eða að nefnd þessi sé starfandi allt árið.

Í formannssæti var stungið uppá þessum mönnum:

Jónasi Sigurðssyni

Sighvati Bjarnasyni

Jóhanni Pálssyni

Eyjólfi Gíslasyni

Páli Þorbjarnarsyni

Atkvæði féllu þannig:

Páll Þorbjörnsson 21 atkvæði

Jóhann Pálsson 9

Jónas Sigurðsson 6

Sighvatur Bjarnason 5

Eyjólfur Gíslason 3

Í ritarasæti var kosinn Runólfur Jóhannsson

Vararitari: Eiríkur Jónsson

Í gjaldkerasæti Jónas Sigurðsson

Til vara: Eyjólfur Gíslason

Endurskoðendur voru kosnir:  
Karl Guðmundsson  
Eiríkur Jónsson

Í sjómannadagsráð voru kosnir:  
Þorsteinn Jónsson  
Sighvatur Bjarnason  
Jónas Sigurðsson  
Brynjólfur Guðlaugsson  
Páll Þorbjörnsson

5. Páll Þorbjörnsson gekk því næst í formannssæti, þakkaði hann traust það er félagarnir hefðu sýnt sér og las hann þá einnig upp afrit af bréfi er bæjarstjórninni hefði verið sent frá félaginu varðandi breytingar á róðrasamþykktinni.

6. Jóhann Pálsson tók næstur til máls, og skýrði frá ferð sinni með Ernu til Reykjavíkur eða að hann hefði aðeins verið beðinn um að fara með 2 kompása til viðgerðar þrátt fyrir tilboð sitt um að taka þá með og koma þeim til að Konráðs Gíslasonar til athugunar, og gat hann þessa einnig á síðasta fundi. Þá sagði hann þau ummæli Konráðs Gíslasonar að þótt hann kæmi hingað mundi hann aðeins afrétta þá kompása sem hann áður hefði haft meðhöndlun til athugunar.

Þá minntist Jóhann einnig á Þrídrangavitann og hversu villandi hann væri eða langt frá öllu lagi eins og hann komst að orði.

Næst skýrði hann frá samtali við Pálma Loftsson varðandi netjasvæðið og varnir þess.

Sagði hann þau ummæli Pálma að hann hefði helst viljað vinna að þessu sem mest í kyrrþey á næstu árum smátt og smátt og að félaginu skyldu send afrit af bréfum þeim eða svörum er Engendingar kynnu að leggja til í þessu máli.

Fleiri tóku til máls varðandi þetta en að lokum var samþykkt eftirfarandi tillaga frá Jóhanni Pálssyni:

"Aðalfundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi skorar á stjórn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja að hafa tilbúna 10 stórar og vandaðar baujur í kringum hið fyrirhugaða netjasvæði á vertíð komandi.

Mjög áriðandi fyrir varðskipið að baujurnar verði tilbúna með öllu tilheyrandi á réttum tíma eða ca 25. marz."

Þá minntist Páll Þorbjörnsson á Eiðisbaujuna og hvar hún mundi sett eða hvar heppilegast mundi að setja hana, einnig gat hann samtals við skrifstofustjóra ráðuneytisins um Þrídrangavitann.

Ársæll Sveinsson tók til máls og minntist starfa Björgunarfélags Vestmannaeyja á undangegnum árum kvaðst hann hafa starfað fyrir það eins og mönnum væri kunnugt en án greiðslu þar sem félagið væri ekki aflögufært eða peningalaust.

Þá tók einnig til máls Runólfur Jóhannsson og kvaðst hafa sömu sögu að segja en báðir töldu þó að þeir mundu enga kröfu gera til félagsins fyrir störf sín, eða þau er þeir framvegis mundu fyrir það vinna með líkum hætti og verið hefði. En sá síðarnefndi taldi illa farið fjárreiðu þessa félags þar sem það hefði svo þýðingarmikið starf að vinna í þágu sjómanna og minnti á að sanngjarnt mætti kalla þótt tryggingar af bátum hér yrðu sem svaraði helmingur þess sem greitt væri í öðrum veiðistöðvum en millimunur gengi til Björgunarfélagsins en eins og kunnugt væri væri hér greitt í iðgjald mjög lágt iðgjald í samanburði við aðrar veiðistöðvar.

Þá komst Eiðisbaujan aftur til umræðna og stakk formaður uppá að kjósa nefnd til að staðsetja hana.

Í nefndina voru kosnir:  
Sighvatur Bjarnason  
Willum Andersen  
Jóhann Pálsson

Næst komu til umræðna útgerðarhorfur á komandi vertíð og urðu um það allharðar umræður. Í því sambandi sagði Sighvatur Bjarnason að eftirtektarvert væri að nú er margar veiðistöðvar tilkynntu í útvarpinu stóra aukningu síns heimaflota væri hér í Vestmannaeyjum þegar sjáanleg stór rýrnun eða að víst væri að margir bátar mundu ekki gerðir leiðar út í vetur, sem alltaf hingað til hefðu verið gerðir út. Taldi hann að slíkt sem þetta mætti raunverulega ekki eiga sér stað og kvað það aðallega hinum yngri mönnum að kenna, eða að þeir væru mjög áhugalausir með að ná sér í fleytur eða að starfa sjálfstætt á þessu sviði.

Næst kom fram tillaga frá Þorsteini Jónssyni Laufási, varðandi Þrídrangavitann:

"Fundurinn samþykkir að krefjast þess að þegar verði ráðin bót á ljósinu á Þrídrangavitanum og aulgýst um hvernig hann er nú."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt.

7. Síldarsamningarnir. Helgi Bergvinsson kvaddi sér hljóðs og minntist á að segja þyrfi upp síldarsamningunum og gat þess um leið að félagið væri á eftir á þessu sviði sem öðru.

Ritari bað um skýringu þessara ummæla í garð félagsins og gat þess um leið, að samningarnir hefðu verið í höndum nefndar að undanfögnu en formaður hennar hefði verið Júlíus Sigurðsson en á síðasta fundi hefði Júlíus afhent stjórn félagsins samningana með þeim ummælum að þeir mundu síst óhagstæðari en í öðrum veiðistöðvum og teldi nefndin þess vegna ekki ástæða til athugasemda.

Bæði Helgi og Júlíus gáfu þá skýringu að nefndin hefði aðeins átt við vetrarvertíðarsamninginn en uppsögn væri nauðsynleg vegna hringnótabáta en í samningunum væri þeirra ekki minnst.

Að loknum þessum umræðum var eftirfarandi tillaga frá Júlíusi Sigurðssini samþykkt með 12 atkvæðum:

"Félagið samþykkir að segja upp samningum um kaup og kjör á síldveiðum."

8. Sighvatur Bjarnason kvaddi sér næst hljóðs og kvaðst vilja skora á stjórn styrktarsjóðsins að ávaxta hann á sem hagkvæmasta hátt.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 53. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi þann 4. febrúar 1947 og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu.

Fundur þessi var boðaður í þeim tilgangi að ræða að ræða um og gera tillögur í yfirstandandi kaupdeilu.

1. Formaður félagsins Páll Þorbjörnsson setti fundinn og gaf orðið laust. Næstur tók til máls Sighvatur Bjarnason ræddi hann um kaupdeiluna og fórust meðal annars orð á þá leið.

Páll Þorbjörnsson tók næstur til máls lýsti hann nokkuð gangi deilunnar. Las hann þá einnig upp bréf er samninganefnd útgerðarmanna hafði sent bæjarstjórninni. Bréfið var beiðni til bæjarstjórnarinnar um það að hún skærast í leikinn og tæki á sig ábyrgð á þeim hlut, er á milli færi í kaupdeilunni.

Nokkrar deilur urðu um þetta bréf og tóku í því sambandi til máls Sighvatur Bjarnason, Páll Þorbjörnsson og Óskar Gíslason.

Ársæll Sveinsson tók því næst til máls og óskaði eftir því að kosin yrði þriggja manna nefnd til þess að vinna í samráði við samninganefndirnar um launadeiluna.

Næstur tók til máls Páll Þorbjörnsson og las upp svohljóðandi tillögu:

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið "Verðandi" samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd, til þess fyrir félagsins hönd, að vinna að lausn yfirstandandi kaupsdeilu.

Er til þess ætlast að þeir ræði við sáttarsemjara ríkisins, félög þau sem deila og yfirhöfuð þá aðilja sem vænta má að áhrif geti haft á lausn deilunnar."

Næstur tók til máls Jóhann Pálsson og stakk uppá að trygging til sjómanna yrði útúrgreiðsla á afla sem partur úr hlutarsamningum.

Nokkrar umræður urðu um þetta, bæði með og móti og töluðu Júlíus Sigurðsson, Sighvatur Bjarnason.

Næst var tillaga Páls Þorbjörnssonar borin upp og samþykkt í einu hljóði.

Stungið var uppá þessum mönnum í nefndina:

Jóhanni Pálssyni  
Júlíusi Sigurðssyni  
Eyjólfu Gíslasyni  
Sigurði Auðunssyni  
og Alexander Gíslasyni

Nokkrar umræður hófust um það, hvort nefndin skyldi skipuð 3 eða 5 mönnum og var ákveðið að nefndin skyldi skipuð þremur mönnum og tveim varamönnum.

Kosnir voru með öllum atkvæðum sem aðalmenn:

Jóhann Pálsson  
Júlíus Sigurðsson  
Eyjólfur Gíslason

og sem varamenn:

Sigurður Auðunsson  
og Alexander Gíslason

Nokkrar umræður urðu um hvernig nefnd þessi skyldi haga störfum sínum, og var að lokum ákveðið að gefa nefndinni það frjálst á hvern hátt hún starfaði.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Á fundi þessum mætti ekki ritari félagsins en fundargerðina skrifaði Óskar Gíslason, skipstjóri.

Runólfur Jóhannsson, ritari.



## 54. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 11. maí 1947 og hófst hann kl. 2:30 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesnar upp fundargjörðir tveggja síðustu funda. Þær bornar undir atkvæði og samþykktar.
2. Formaður kvaddi sér næst hljóðs og skýrði frá því að treglega hefði gengið með samþykkt róðrasamþykktarinnar í stjórnarráðinu, en hefði þó að lokum verið samþykkt og mundi nú væntanleg á hverri stundu.  
Þá minntist formaður einnig á samtali við Pálma Loftson viðvirkjandi netjasvæðinu og við vitamálastjóra varðandi Eiðisbaujuna, við Konráð Gíslason um kompásafréttingar og að sjómannadagsráðið hefði í hyggju að gefa út blað fyrir n.k. sjómannadag, og bað menn um efni í það ef til væri eða að stuðla að því á sem bestan hátt.
3. Óskar Ólafsson tók næstur til máls og minntist þess að sér þætti slæmt útlit með heimafiskirí í sumar, ef sú regla yrði haldin sem hraðfrystihúsin hefðu sett sér, að taka ekki fisk af bátum sem hefðu verið lengur úti en 2 sólarhringa.  
Páll Þorbjörnsson og Sighvatur Bjarnason ræddu einnig um þetta vandamál og töldu að þetta félag gæti ekki látið málið afskiptalaust.  
Sighvatur gat þess einnig í þessu sambandi að nauðsynlegt væri að hafa auga með aðkomubátum sem stunda hér veiðar, og mætti jafnvel kallast nauðsynlegt að bægja þeim frá ef hægt væri. Sagði hann þá einnig að óviðeigandi mætti telja að þessir bátar fengju kunnuga menn um borð, vanalega 1 mann sem kenndu þeim að fiska hér á heimmiðum en þar að auki fengju hér landað í hraðfrystihúsin jafnt heimabátum og væri slíkt varhugavert, ekki síst nú þar sem vitað væri að húsin væru langt að því full af fiski.  
Um mál þetta ræddu einnig Eyjólfur Gíslason og Guðmundur Vigfússon og voru þeir einnig sammála því að ráða bót á þessum með einhverjum ráðum.  
Að loknum umræðum voru eftirtaldir menn kosnir til að vinna að breytingu á löndunarfyrrirkomulagi ísfiskjar:  
Óskar Ólafsson  
Guðmundur Vigfússon  
og Óskar Matthíasson
4. Uppástungur komu um menn í síldarsamninganefnd og voru eftirtaldir menn kosnir:  
Júlíus Sigurðsson  
Helgi Bergvinsson  
Gísli Gíslason
5. Guðmundur Vigfússon kvaddi sér hljóðs og ræddi um það sem áður var til umræðna eða með aðkomubátana og að nauðsynlegt væri að ráða bót á þessu.  
Jón Jónsson í Ólafshúsum tók til máls í þessu sambandi og taldi hann, að við mættum fara varlega í þessi mál, þar sem öllum væri heimilt að veiða utan landhelgi, jafnt innlendum sem útlendum skipum.  
Fleiri tóku einnig til máls um þetta atriði endanlegar samþykktir urðu engar.  
  
Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.  
  
Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 55. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn ?? júní 1947 og hófst hann kl. 8:30 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Formaður kvaddi sér hljóðs og skýrði frá því, að það sem fyrir þessum fundi lægi sérstaklega, væri að ræða samningsuppkast það varðandi kjör á síldveiðum sem áður kosin nefnd þessa félags hefði nú lokið við að semja, og lægi fyrir.

Las formaður því næst upp samningsuppkastið sem var í 13 greinum. Bað hann því næst formann nefndarinnar að skýra fyrir fundarmönnum þær breytingar sem nefndinni hefði þótt nauðsynlegar frá fyrri samning, um kaup og kjör stýrimanna og skipstjóra á síldveiðiskipum.

Júlíus Sigurðsson tók næst til máls en hann var formaður nefndarinnar, greindi hann frá því að nefndinni hefði komið sér saman um að hægja samningsgerðinni sem mest eftir síldarsamningum Formanna- og fiskimannasambands Íslands, en samningar þeir sem hér hefðu áður verið fyrir hefðu að mörgu leyti verið mjög ófullnægjandi enda mundi einn hafa verið samið utan við þá að meira og minna leyti.

Jóhann Pálsson minntist þá einnig á þá óheillastefnu er honum virtist ríkja á því sviði er snerti menn hér, sem tekið hefðu skipstjórarápróf. Þar sem plásmenn með þessi réttindi væru sniðgengnir en aðkomumenn teknir í þessar stöður, og taldi hann að félagið ætti að beita sér fyrir breytingu til batnaðar á þessu sviði.

Formaður svaraði þessari umkvörtun með því að lesa upp 9. gr. samningsuppkastsins en í þeirri grein er fullt tillit tekið til þessa atriðis.

Fleiri tóku til máls um samningsuppkastið, og ræddu um einstök atriði þess.

Eftirfarandi tillaga frá Páli Þorbjarnarsyni var borin upp og samþykkt með 9 samhljóða atkvæðum:

"Fundurinn samþykkir að fela samninganefnd félagsins um síldveiðikjör umboð til þess að undirrita samninga við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja á grundvelli samningsuppkast þess sem fyrir liggur."

3. Formaður las upp bréf frá F.F.S.Í. varðandi undanþágur skipstjóra, og einnig uppsögn úr félaginu frá Guðjóni Tómassyni, uppsögn Guðjóns byggðist á því að hann taldi sig hafa verið rægðan atvinnulega á síðasta fundi.

Um bréf þetta, eða uppsögn var dálítið rætt, og var álit manna að gagnvart Guðjóni væri hér um misskilning að ræða, því umræður síðasta fundar í þessa átt hefðu verið gagnvart heild en ekki einstaklingi.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 56. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 5. október 1947 og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

2. Formaður kvaddi sér hljóðs og skýrði frá því að sér hefði borist tilkynning þess efnis, að formanna- og fiskimannapingið yrði sett 10 þ.m. í Reykjavík, og væri því sérstaklega tilefni fundarins að kjósa 2 fulltrúa frá félaginu á þingið, einnig lægji fyrir fleiri mál svo sem radiovitarnir o. fl.

Jóhann Pálsson tók næst til máls og skýrði frá eða talaði um að óviðeigandi væri að hafa engan fulltrúa á þinginu frá þessu félagi en þar sem um nokkurt peningaspursmál væri að ræða væri heppilegast að fá menn til að sita þingið sem einhverra erinda vegna þyrftu að fara til Reykjavíkur.

Minntist hann þá einnig ýmislegs fleira svo sem ónýtra báta sem búið væri að leggja niður en væru skrásettir í sjómannaalmanakinu.

Rætt var um hlustunarskýrsluna og stungið upp á nefnd manna til að yfirfara og undirbúa hana fyrir næstu vertíð, og voru þessir menn kosnir:

Jóhann Pálsson  
Sigurður Ólafsson  
Þorgeir Jólsson

3. Jóhann Pálsson kvaddi sér hljóðs og talaði um færeyisk skip sem hér væru tekin inn í höfnina og lagði hann sérstaklega fyrirspurn fyrir formann félagsins um það hvort jafnvel þyrfti að gefa með sumum þessara skipa úr hafnarsjóði vegna of lágra gjalda og einnig fleira.

Þessari fyrirspurn svaraði Páll Þorbjörnsson, sagði hann að hafnarreglugjörðin væri orðin gömul og mundi endurbætur hennar liggja fyrir dyrum sérstaklega í sambandi við útlendu skipin sem hér leituðu hafnar.

4. Rætt var um kosningu eða val manna til þingfarar og taldi Sighvatur Bjarnason æskilegt að formaður félagsins færi, minntist hann þess að nauðsynlegt væri að velja góða menn til fararinnar vegna ýmsra mála, þ.á.m. fisksklaks o.fl.

Við umræður þessa máls kom í ljós að enginn fundarmanna taldi sig geta farið á þingið og höfðu ýmiskonar afsakanir. Var því horfið frá umræðum um þingfulltrúa í bili, en ýmis mál rædd, svo sem:

Endurbætur á innsiglingarmerkjum hafnarinnar (G.V.).

Kompásafréttingar fyrir næstu vertíð um að stemma stigu við tilsögu og standsetningu botnvörpuveiðarfæra útlendra skipa, aðallega eða eingöngu færeyiskra og um starfsemi varðandi slysavarnir eða að vöktun yrði framvegis í bryggjuskýlinu eins og hún raunverulega hefði verið undanfarnar vertíðir þótt hún hinsvegar hefði verið skrásett annarstaðar eða í söluturninum.

Einnig var rætt um að stofnsetja innan félagsins upplýsingastarfsemi eða skrásetningarskrifstofu viðkomandi atvinnulausum félagsmönnum.

Eftirfarandi tillögur voru bornar upp og samþykktar.

Nefnd um að athuga hafnarreglugjörðina og gera viðeigandi athugasemdir, og sem einnig skyldi vinna að því að útlendingum yrði ekki kennt nema í hófi tilhögun botnvörpuveiðarfæra og fl. í því sambandi, kosnir voru:

Guðmundur Vigfússon  
Guðlaugur Halldórsson  
Guðjón Jónsson (Hlíðardal)

Nefnd til að vinna að endurbótum innsiglingarmerkjana og einnig vinna að því að kompásafréttingar fyrir n.k. vertíð yrðu sem best tryggðar.

Kosnir voru:

Sighvatur Bjarnason

Óskar Ólafsson

Kristinn Sigurðsson

Svohljóðandi tillaga frá Jóhanni Pálssyni, borin upp og samþykkt:

"Félagið telur heppilegra að flytja starfsemi Björgunarfélagsins (varðandi hlustvörð og vöktun ef báta vantar eða eru hjálparþurfa) inni Verkamannaskýlið."

Að lokum var ákveðið að fresta fundi til þriðjudagskvölds vegna kosningu þingfulltrúa á F.F.S.Í.-þingið.

## Framhaldsfundur var haldinn í Verkamannaskýlinu þriðjudaginn 7. október 1947 og hófst kl. 8:30 e.h.

1. Formaður skýrði frá tilefni fundurins sem væri þess efnis að útsjá eða kjósa menn á formannþingið sem hefjast ætti 10. þ.m.

2. Jóhann Pálsson tók næstur til máls, og kvað æskilegt að Hannes Hansson mættir fyrir hönd félagsins á þinginu, en hann var mættur á fundinum.

Næst talaði Hannes Hansson, kvaðst hann ekki frá að mæta á þinginu en taldi hinsvegar nauðsynlegt að 1 eða helst 2 væru sendir, því nú yrði aðalfundur í þinginu og mörg mál lægju fyrir og mætti búast við hörðum átökum.

Tillaga kom fram frá Ólafi Sigurðssyni um að skora á Jóhann Pálsson og Guðmund Vigfússon að fara á þingið.

Tillaga Ólafs var borin undir atkvæði og samþykkt.

Kosnir voru til þingfarar:

Jóhann Pálsson og Guðmundur Vigfússon

og til vara:

Páll Þorbjörnsson

Hannes Hansson

og Ársæll Sveinsson

2. Formaður skýrði svo frá viðvirkjandi innsiglingarmerkjum hafnarinnar að bæjarstjóri hefði lofað að sjá um að lóðsarnir önnuðust þetta verk hið allra fyrsta.

Þá var einnig rætt um fleira svo sem fiskklak og félagsfána og var stungið uppá Runólfi Jóhannssyni sem formanni flaggnefndar og þeim Karli Guðmundssyni og Eiríki Jónssyni.

3. Óskar Ólafsson lagði fram fyrirspurn viðvirkjandi hraðfrystistöðvunum og starfsemi þeirra, en þær tækju ekki á móti fiski nú, sem kunnugt væri þessari fyrirspurn svaraði Jóhann Pálsson og skýrði frá fundi Ísfisksamlagsins er haldinn var í sambandi við kauphækkun verkafólks stöðvanna nú fyrir skömmu.

Fleiri tóku til máls um lokun hraðfrystihúsanna og töldu óheppilegt að ekki yrði tekið á móti fiski í haust þar sem mjög lítil atvinna væri í plássinu og að sumu leyti óskiljanleg þessi ráðstöfun, þar sem stöðvarnar hefðu allverulegan ríkisstyrk.

Taldi formaður ekki úr vegi að vegna þessa tilfellis væri ekki ósanngjörn krafa að fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna fengju að kynna sér rekstur stöðvanna t.d. ársins 1946.

Fleiri mál voru ekki rædd, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

Páll Þorbjörnsson

## 57. fundur sunnudaginn 25. janúar 1948 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 1:30 í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður tók næst til máls og greindi frá því að viðkomandi þeim málum er rædd voru á síðasta fundi, sagði hann að nú væri búðið að koma hafnarinnisglingarmerkjunum í lag og hefði verkfræðingur frá komið hingað til að framkvæma það.  
Þá minntist hann samtals við Konráð Gíslason, og sagði að hann mundi koma hingað til að rétta af kompása í bátum hér.  
Næst minntist formaður sleifarlags þess sem orðið hefði í haust með vöktum á símstöðinni í fjarveru Jónasar Sigurðssonar og sagði hann að sendisveinar hefðu verið stundum látnir passa vaktina, en slíkt mætti telja í alla staði óforsvaranlegt.  
Um þetta mál tóku fleiri til máls, bæði Eyjólfur Gíslason og Jónas Sigurðsson ásamt fleirum. Einnig var rætt um vöntun á manni til að gera hér við talstöðvar.  
Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt:  
"Fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi mótmælir þeirri ráðstöfun að láta sendisveina stöðvarinnar í Vestmannaeyjum annast talstöðvaþjónustu að nóttu til, í forföllum og fríum hins fasta starfsmanns.  
Jafnframt krefst fundurinn þess, að hingað komi talstöðvaviðgerðamaður, er setji inn og geri við gömlu stöðvarnar og setji upp þær nýju, sem pantaðar hafa verið."
3. Fiskiveiðisamþykktir. Tillaga var samþykkt þess efnis að fela Jóhanni Pálssyni og Eyjólf Gíslasyni að gera tillögur um menn í eftirlit með fiskiveiðisamþykktinni.
4. Formaður minntist samtals við Pálma Loftsson varðandi varðskip hér á n.k. vertíð, og kvað hann óvíst ennþá hvernig þeim málum yrði hagað, fleiri tóku til máls í þessu sambandi og töldu höfuðnauðsyn á að gott skip væri hér við björgun og eftirlit helst alla vertíðina, og kæmi helst ekki til mála annað skip en Ægir.  
Um kompásafiréttingar eða afréttingarmanni var nokkuð rætt, og talið nauðsynlegt að sá maður sem þetta starf hefði með höndum væri hér plássmaður, búsettur, og væri réttasta leiðin að vinna að því framvegis að slíkt næði fram að ganga.  
Varðandi björgunar- og eftirlitsskipið var eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt:  
"Fundurinn samþykkir að senda Skipaútgerð ríkisins eða ráðuneyti því sem fer með landhelgismál um að Ægir komi hingað þegar í stað til gæslu.  
Minna skip en Ægir kemur ekki til greina."
5. Rætt var um örðugleika á sölu með hrogn og í því sambandi gat Páll Þorbjörnsson þess, að hægt mundi að flytja eitthvert magn út með togurum sem flyttu út ísvarinn fisk við Konráð Gíslason.  
Formaður kvaðst mundi tala varðandi kompásafiréttingar og fá hann helst hingað ekki seinna en um n.k. mánaðarmót.
6. Jón Benónýsson stakk uppá því að haldinn yrði skemmtifundur innan félagsins þegar bátarnir kæmu af síldveiðum úr Hvalfirði.  
Þessari uppástungu var vel tekið og var stungið uppá eftirtöldum mönnum til að undirbúa þennann fund:  
Eiríki Jónssyni og Jónasi Sigurðssyni og voru þeir samþykktir með lófataki.  
Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 57. fundur Aðalfundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 10. október og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður, Páll Þorbjörnsson, kvaddi sér því næst hljóðs og skýrði frá störfum félagsins s.l. kjörtímabil.  
Í því sambandi minntist hann þeirra mála sem félagið hefur mjög reynt að hrinda í framkvæmd svo sem Eiðisbaujuna, Þrídrangavitann og vöktun á símstöðinni. Kvað hann í þessum málum ekkert hafa áunnist að svo stöddu vegna mjög daufra eða engra undirtekta þeirra manna sem framkvæmdavaldið hafa á þessum sviðum.  
Um útsendingu hroгна með togurunum sagði hann, að sent hefði verið út í 3-4 skipti og gefist mjög vel. En eins og kunnugt er var á fundi sem haldinn var í félaginu í janúar s.l., rætt um möguleika á þessu markaðssviði.
3. Féhirðir Jónas Sigurðsson, las upp endurskoðaða reikninga félagsins. Umræðna var óskað en þær urðu engar. Reikningarnir voru síðan bornir undir atkvæði og samþykktir.
4. Formaður bað menn að útnefna formannsefni fyrir næsta kjörtímabil. Stungið var uppá Jóhanni Pálssyni og Eyjólfu Gíslasyni. Kosningu hlaut Jóhann Pálsson til vara: Eyjólfur Gíslason.  
  
Í ritarasæti: Runólfur Jóhannsson  
til vara: Eiríkur Jónsson.  
  
Í gjaldkerasæti: Ólafur Sigurðsson  
til vara: Guðjón Vigfússon.  
  
Endurskoðendur voru kosnir Karl Guðmundsson og Eiríkur Jónsson.  
  
Í sjómannaðagsráð voru sömu menn kosnir en þeir eru Þorsteinn Jónsson, Sighvatur Bjarnason, Jónas Sigurðsson, Brynjólfur Guðlaugsson og Páll Þorbjörnsson.
5. Jóhann Pálsson gekk því næst í formannssæti, þakkaði fyrri formanni störf hans og gaf orðið laust.
6. Rætt var um formanna- og fiskimannaþingið sem sett hefði verið þ. 9. þ.m. og um nauðsyn þess að fulltrúar þessa félags mættu á þinginu.  
Samþykkt var að biðja Björgvin Jónsson og Hannes Hansson að setja þingið og til vara Sighvat Bjarnason.
7. Lesin upp bréf frá Runólfi Jóhannssyni og Þorsteini Jónssyni.  
Innihald bréfanna var það, að biðja félagið um skriflega álitgjörð varðandi tiltæki Páls Oddgeirssonar forkaupmanns, en það er í því fólgið að hann segir báðum upp eða leysir frá meðstjórnarstörfum í minnismarkissjóði drukknaðra sjómanna og hrapaðra við Vestmannaeyjar.  
Um þetta mál urðu allmiklar umræður, og var að lokum kosin nefnd er athuga skyldi svar félagsins, og var henni falið að hraða störfum og vera í samráði við menn úr Sjómannafélaginu Jötunn



en frá því félagi var einn fulltrúi í stjórn sjóðsins Kristófer Guðjónsson sem einnig var af sama manni veitt lausn frá störfum.

Í nefndina voru kosnir Guðmundur Vigfússon, Júlíus Sigurðsson og Páll Þorbjörnsson.

8. Rætt var um yfirgang útlendra fiskibáta á miðum hér, bæði í landhelgi og utan hennar, við umræður þessar kom almenn óánægja í ljós yfir því að engin bót hefði á þessu fengist. Voru hér aðallega um færeyisk fiskiskip að ræða.

Var stungið upp á ýmsum aðferðum er að gagni mætti koma til að stugga þessum vágesti frá, og var að lokum kosin nefnd er athuga skyldi þetta nánar og leggja fram tillögur til félagsins hvernig best yrði ráðin bót á þessu.

Í nefndina voru kosnir Páll Þorbjörnsson, Sighvatur Bjarnason og Guðmundur Vigfússon.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 59. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 2 e.h. 31. október 1948 í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt með athugasemd feilritast hafði nafn varagjaldkera eða Guðmundur Vigfússon en átti að vera Guðjón Vigfússon og var það leiðrétt.

2. Formaður kvaddi sér hljóðs, og það fulltrúa félagsins er kosinn var á FFSÍ að skýra frá þinginu að nokkru.

Sighvatur Bjarnason tók næst til máls, en hann mætti á þinginu fyrir félagsins hönd. Skýrði hann frá ýmsu í sambandi við þingið og taldi að nauðsyn bæri til að félög þau er fulltrúa sendu á svona þing eða samkomur, þyrftu nauðsynlega að undirbúa málin betur eða þau mál sem þau sérstaklega hefðu áhuga fyrir að koma á framfæri.

Fleiri tóku til máls um þetta, og komst þá til umræðna um vannotkun sjóferðareglanna á síldveiðum og að oft læggi við slysum og sem þegar hefði átt sér stað s.l. sumar.

Í umræðum þessum kom í ljós að sú villa sem hér læggi bak við væri sú að misjafnt væri álitnið, hvort nótabátar er þeir væru að veiðiskap, teldust sem áraskip, eða mótorskip en um þetta atriði væru mjög skiptar skoðanir meðal sjómanna og í þessum skoðanamun væri slyshættan aðallega fólgin.

Að loknum þessum umræðum var stjórn félagsins falið að skrifa F.F.S.Í. þess efnis að föst ákvæði eða reglur yrðu gefnar út um þessi atriði eða reglugerð fyrir skip er stunda síldveiðar.

3. Guðmundur Vigfússon skýrði frá störfum nefndar þeirrar er hann var kosinn í á síðasta fundi, en nefnd þessi skyldi athuga hvernig best yrði ráðin bót á átroðningi erlendra fiskibáta hér við Eyjar aðallega Færeyjnga.

Í þessu sambandi sagðist hann og þeir nefndarmennirnir hafa kræft tvö færeyisk fiskiskip, er hefðu verið að standsetja veiðarfæri sín hér við bryggjurnar, og hefðu bæði þessi skip verið sektuð.

Þá minntist Guðmundur einnig minnismerkismálsins, en hann var einnig í nefnd þeirri er athuga skyldi afstöðu félagsins varðandi brottvikningu fulltrúa þess í sjóðstjórninni og sagði hann að enn hefði ekkert verið ákveðið frá nefndarinnar hálfu um það mál.

Tóku hér margir fleiri til máls og var málið rætt og skýrt á ýmsan hátt, m.a. kom fram uppástunga frá Gísla Magnússyni, um að sjóðnum mundi best varið í dvalarheimili aldraðra sjómanna.

4. Landhelgismál.

Formaður hóf máls á því að eins og nú stæðu sakir í landhelgismálum okkar, væru mjög miklar hömlur lagðar á að sú veiði kæmi almennt að notum. Breytingar báta þeirra er veiðarnar stunda væri nú orðnar svo miklar frá því sem áður var, að lögin væru úrelt eða þyrftu að endurskoðast og breytast. En eins og kunnugt er, er landhelgin aðeins opin dragnótabátum innan við 35 tonn, og hefðu þau á sínum tíma verið góð og gild, þar sem í mjög fáum tilfellum hefði verið stunduð sú veiði á stærri bátum en í hæsta lagi 30-35 tonn en flestum þar fyrir neðan og hefðu því lögin verið aðallega sett gegn útlendum fiskiskipum. En nú væru margir þeirra báta er veiðarnar stunda eða ástæðu hefðu til þess, um og yfir 35 tonn.

Um þessi mál var nokkuð rætt og í því sambandi skýrði Gísli Magnússon frá tillögu sem hann hefði borið fram á fundi útgerðarmanna í Vestmannaeyjum þess efnis að landhelgin yrði opin lengri tíma en nú er í lögum ákveðið. Kvað hann tillögu þessa ekki hafa fengið hljómgrunn og hefði aðeins einn maður eða Jónas Jónsson greitt henni meðatkvæði en margir hefðu verið á móti.

Að loknum umræðum var kosin nefnd er gera skyldi um þetta tillögu og skrifa F.F.S.Í. þ.a.l. eða aðallega um það atriði að fá smálestátöluna strikaða út varðandi dragnótaveiðar og landhelgisákvæði þeirra.

Í nefndina voru kosnir:

Júlíus Sigurðsson

Þorgeir Jólsson  
og Eyjólfur Gíslason.

5. Ólafur Sigurðsson hóf máls á því hvað örðug löndunarskilyrði væru á Edinborgarbryggjunni svokölluðu. Sagði hann að erfiðast væri að aka fiskvögnum um bryggjuna vegna sprungna og ójafna sem á henni væru. Taldi Ólafur ekki úr vegi, að félagið beitti sér að einhverju leyti fyrir því, að ráðin yrði bót á þessu, tóku fleiri í sama streng þ.á.m. Eyjólfur Gíslason og töldu þeir að hafnarnefnd bæri skyldu til eða mundi réttur aðili til að sjá um framkvæmdir til bóta.

Sighvatur Bjarnason svaraði fyrir hönd Hafnarnefndar, og sagði að henni kæmi bryggjan ekki við þar sem hún væri í einkaeign.

6. Rætt var um kosningu manna í gæslunefnd fiskiveiðasamþykktarinnar og voru sömu menn kosnir og s.l. ár en þeir eru:

Jón Guðmundsson  
Oddur Sigurðsson  
Sighvatur Bjarnason  
Guðjón Valdason  
Eyjólfur Gíslason  
Þorgeir Jólsson

7. Ýmislegt. Rætt var um ýmislegt þ.á.m. með vandræði þau, sem mjög ágerðust með kokka um borð í fiskibátum og hver bót á því mundi heppilegust.

Einnig var minnst á að félagið hefði skemmtifund einhverntímann í haust, og að nauðsyn væri á að vekja með einhverju móti áhuga manns með betri fundarsókn en nú væri, og hefði verið að undanförunu ákveðið var að næst skyldi haldinn kaffifundur í Samkomuhúsinu.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 60. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi mánudaginn 22. nóvember 1948 og hófst hann kl. 8:30 í Samkomuhúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Lesið upp bréf til Runólfs Jóhannssonar frá nefndarmönnum Páli Þorbjarnarsyni og Guðmundi Vigfússyni, en þeir voru kosnir í nefnd þá er semja skyldi svar félagsins við brottvikningu fulltrúa þess úr stjórn minnismarkissjóðsins.

Bréfið er svohljóðandi, skrifað 17/11-48:

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi hefur á undanförunum fundum, rætt kröfu Páls Oddgeirssonar til meðstjórnenda sinna í stjórn minnismarkissjóðs hrapaðra og druknaðra í Vestmannaeyjum, um að afhenda sér gjörðabækur og önnur gögn sjóðsins jafnframt eignum hans um leið og hann leysir þá frá störfum eins og hann orðar það.

Félagið hefur falið okkur fyrir sína hönd að tjá þér sem ert og hefur verið fulltrúi félagsins í sjóðstjórninni að hafa kröfur Páls Oddgeirssonar að engu og hlýta framvegis sem hingað til eingöngu samþykktir sem gerðar eru á löglegum stjórnarfundum.

Er það því skýlaus krafa okkar að þú afhendir hvorki eignir eða annað sem sjómönnum tilheyrir til Páls Oddgeirssonar á þessu stigi málsins. Ef eitthvað nýtt gerist eða kemur fram í máli þessu óskum við eftir að þú látir okkur vita.

Virðingarfyllt,

f/h Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi.

undirskrift

Páll Þorbjörnsson og Guðmundur Vigfússon."

Bréf þetta var nokkuð rætt, síðan borið undir atkvæði og samþykkt mótatkvæðalaust.

3. Lesið upp bréf frá Eiríki Jónssyni og er það svohljóðandi:  
"Að gefnu tilefni leyfi ég mér hér vinsamlegast að fara þess á leit við Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, að það láti hafnarnefnd Vestmannaeyja skriflega í té, umsögn sína og álit á rekstri Verkamannaskýlisins, þann tíma sem ég hefi starfað þar.

undirskrift

Eiríkur Jónsson."

Bréf þetta var nokkuð rætt, og að loknum umræðum kom fram svohljóðandi tillaga frá Runólfi Jóhannssyni:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi 22. nóvember 1948, vottar Eiríki Jónssyni fullt traust varðandi starf hans við Verkamannaskýlið og mælir eindregið með því að hann gegni því starfi framvegis."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt, mótatkvæðalaust.

4. Lesin upp álitsgjörð nefndarmannana Þorgeirs Jólssonar, Eyjólf Gíslasonar og Júlíusar Sigurðssonar, varðandi takmörkun á skipastærð við dragnótaveiðar.

Í álitsgjörð þeirra segir m.a.:

"Við lítum svo á að takmörkuð stærð á bátum eigi ekki að koma til greina við þessa veiði þar sem fjöldinn af fiskibátum okkar, er nú orðinn yfir 35 smálestir að stærð. Við vitum að Danskir og Færeyingar stunda hér dragnótaveiðar mestan hluta ársins á 30 til 100 smálestabátum með góðum hagnaði."

Tillögur þessar voru nokkuð ræddar og voru ræðumenn eindregið með því að gera áskorun til Alþingis um að lögnum verði breytt.

Að loknum umræðum voru tillögurnar bornar undir atkvæði og samþykktar og stjórn félagsins falið að skrifa F.F.S.Í. og tjá því vilja félagsins í þessu efni.

5. Rætt var um björgunarmál, og að veðurskeyti, og sú starfsemi sem ætlast hefur verið til að ýkt sé af hendi í Söluturninum, verði færð yfir í Verkamannaskýlið.

Skýrði Ársæll Sveinsson frá því að Eiríkur Jónsson hefði á margan hátt verið til aðstoðar t.d. ef báta hefði vantað og hefði hann raunverulega ynnt það starf af hendi nú að undanföllum sem ætlast hefði verið til að starfrækja skyldi í Söluturninum og þess vegna og eins þess að best aðstæða væri með þessa starfsemi á bryggjunni taldi hann rétt að breytt yrði til með þetta starf.

Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt.

Tillaga: "Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi mánudaginn 22/11 1948 skorar á stjórn Björgunarfélags Vestmannaeyja að veðurskeyti og hlustvörður verði fluttur úr Söluturninum yfir í Verkamannaskýlið.

6. Ýmislegt. Páll Þorbjörnsson ræddi um veiðarfæri erlendra veiðiskipa, möskvastærð og fl. Einnig fróðlegt erindi um fiskirí við Grænland s.l. sumar og fiskiveiðimál og horfur þeirra yfirleitt.

Ársæll Sveinsson og fl. um hafnarmál. Einnig var rætt um nauðsyn þess að hér í plássi yrði að staðaldri fagmaður er annaðist viðgerðir talstöðva og var í því sambandi stjórn félagsins falið að tala um það við stöðvastjórann hér.

Sighvatur Bjarnason minntist á kompásafréttingar og að óvíst væri hvort Konráð Gíslason gæti séð um það hér í vetur eins og að undanföllum.

Fundur þessi var sæmilega vel sóttur, drukkið var kaffi eftir fundinn og síðan spilað á spil til kl. 12:30.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 61. fundur Aðalfundur í Skipstjóra og stýrimannafélaginu Verðandi var haldinn í Akógeshúsinu sunnudaginn 22. febrúar 1949 kl. 2 eftir h.d.

Formaður tilnefndi Eyjólf Gíslason, sem fundarritara í fjarveru Runólfs Jóhannssonar ritara, sem var á leið til Reykjavíkur.

1. Formaður las upp síðustu fundargerð og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

2. Gjaldkeri kvaddi sér hljóðs og skýrði frá að hann hefði ekki ennþá innheimt árgjöld félagsmanna, þar er svo hefði verið áliðið árið, er hann tók við störfum, og því ekki kunnað við að vera rukka menn um hátíðarnar, enda fengið leyfi til þess hjá formanni. Að öðru leyti mundu reikningarnir vera í lagi, síðan hann tók við. Las síðan upp reikningana, yfir þá 2 mánuði, sem hann var búinn að vera féhirðir.

Ársæll Sveinsson og Sighvatur Bjarnason stóðu næstir upp, og töldu sjálfsgagt að ársreikninga yrði að leggja fram á hverjum aðalfundi, og taldi Sighvatur það slæman sið, að innkalla ekki félagagjöldin árlega.

Björgvin Jónsson kvað mega gera upp síðastliðið ár og árgjöld, sem eignir félagsins. Því næst bar formaður upp reikninga félagsins og voru þeir samþykktir mótatkvæðalaust.

3. Inntökubeiðni kom frá Hafsteini Stefánssyni og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

4. Þorsteinn Jónsson, Laufási, kvaddi sér hljóðs, og minntist stofunar og peningaframlags Eyjamanna, til fyrsta björgunarskipisins "Þór", og hvernig það væri nú, með björgunar og eftirlitsskip, hér við Eyjar?

Þá stóð upp Ársæll Sveinsson, og sagði sögu Björgunarfélagsins í stórum dráttum, upphafi þess, fyrstu stjórnnum og starfsemi þeirra fyrstu árin og fram að síðustu tímum, en nú væri orðið allt of dauft yfir þessum málum, og skoraði hann á félagið að taka þessi mál að sér.

Eyjólfur Gíslason bætti þarna nokkurum orðum við. Minntist sinnar fátæktar, þegar Björgunarfélagið var stofnað hér í Eyjum, og almennum áhuga fyrir þeim málum.

Formaður tók næstur til máls, og taldi sömu þörfina og verið hefði að hafa björgunarskipið hér áfram, og kom með svohljóðandi tillögu í málinu:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 20/2-49, skorar eindregið á bæjarstjórnina, að beita sér nú þegar, fyrir því, við Skipaútgerð ríkisins, að varðskipið "Ægir" verði strax sent hingað til þeirra starfa, er það hefur haft hér á undanförunum árum." Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

5. Formaður las þar næst upp bréf frá F.F.S.Í., og var það neikvætt, við þeirri beyðni, að fá að fiska, með dragnót í landhelgi, eftir að hún er opnuð, á stærri báta en lögin leyfa nú.

Ársæll Sveinsson talaði næstur, og lét álit sitt í ljós, með svarbréfið. Taldi það myndi verða torsótt mál.

Formaður talaði því næst. Lagði til, að þetta mál yrði látið bíða betri tíma.

Willum Anderssen kom með munnlega tillögu:

"Að málinu yrði haldið áfram til Alþingis."

Guðmundur Vigfússon kom með viðbótartillögu:

"Að gefnar yrðu undanþágur, eins og verið hefði."

Báðar tillögurnar voru samþykktar.

6. Því næst fór fram stjórnarkosning. Þessir menn voru tilnefndir í formannssætið:

Jóhann Pálsson

Sighvatur Bjarnason  
Guðmundur Vigfússon  
og Eyjólfur Gíslason.

Formaður var kosinn Jóhann Pálsson, með 18 atkvæðum. Til vara, Eyjólfur Gíslason, með 11 atkvæðum. Sighvatur og Guðmundur fengu 1 atkvæði hvor.

Ritari var kosinn Runólfur Jóhannsson, með öllum atkvæðum og miklu lófaklappi. Til vara, Eiríkur Jónsson.

Í gjaldkerasætið voru tilnefndir:

Ólafur Sigurðsson og Björgvin Jónsson.

Ólafur var kosinn með 27 atkvæðum. Björgvin fékk 2 atkvæði.

Endurskoðendur voru kosnir Karl Guðmundsson og Eiríkur Jónsson.

7. Sighvatur Bjarnason sagði 9 báta stunda hér línuveiðar alla vertíðina, en þegar kosin var hér gæslunefnd fyrir þessa vertíð, hefði það ekki verið athuga að enginn af þessum 9 bátaformönnum væru í gæslunefndinni, yrði því að gera bót á þessu.

Tillaga kom fram, að 3 þessara formanna, verði bætt við í nefndina, og hlutu þessir menn kosningu:

Óskar Mattíasson, Emil Andersen og Sigurður Sigurjónsson.

8. Formaður bar upp undanþágubeiðni, fyrir stýrimann á m/b Kára V.E. 47, og var hún samþykkt.

Formaður vakti máls á því að nú væru undanþágubeiðnir stýrimanna á báta, orðnar svo tíðar, að þörf væri nú á, að fá aftur í lög leitt minna fiskimannsþrófið.

Sighvatur Bjarnason, kvaðst hafa verið á Formannasambandsþinginu, þegar minnaprófið var afnumið, en Öldungurinn upptekinn, og taldi hann, að ekki myndi auðhlaupið, að fá því breytt aftur.

9. Eyjólfur Gíslason vakti máls á að gott væri að kynna sér, sem best "Grunninn", hér í kringum Eyjar, og góðar leiðir, fram hjá þeim, því ekki væri sama, hvar yfir sjóinn væri farið í vondum veðrum.

Ólafur Sigurðsson var þessu fylgjandi, og lagði til, að kosin yrði 3 manna nefnd í málið.

Guðmundur Vigfússon og Sighvatur Bjarnason töldu sjókortið fullnægjandi, og því best að taka stefnur og strik, eftir því, og varð það ofan á.

10. Því næst kom formaður, með svo hljóðandi tillögu:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 20/2-49, skorar eindregið á vitamálastjóra, að staðsetja aftur, hið allra fyrsta, ljósduflið, sem slitnaði upp frá Eiðinu."

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

Eiríkur Jónsson deildi allhart á formann, fyrir að fást ekki til, að sækja ljósduflið, og draga það inn til hafnar. Formaður svaraði honum með stillingu, og taldi fram ástæður.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 4:45.

Eyjólfur Gíslason (settur ritari).

## 62. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 26. júní 1949 og hófst hann kl. 2 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt mótaskvæðalaust.
2. Formaður kvaddi sér hljóðs og ræddi um ljósdufl það sem staðsett var innan við Eiðið en slitnaði upp á s.l. vetri og hefur enn ekki verið flutt á sama stað aftur. Sagði hann að dufl þetta tilheyrði að öllu leyti undir vitamálastjóra og bæri honum að sjá um að því yrði lagt aftur á sama stað. Skýring formanns á þessu atriði er í beinu sambandi við greinargjörð síðasta fundar en á þeim fundi var deilt nokkuð á hann vegna duflsins.
3. Ritari bað sér hljóðs og skýrði frá því, að stjórnin hefði enn ekki hafist handa með að vísa til Alþingis, beiðni um rýmkun landhelginnar, eða að stærri bátar en ákveðið er nú í lögum, þ.e.a.s. bátar 35 s.m., máttu fiska í dragnót, eftir að landhelgin er opnuð.  
En eins og frá er skýrt í síðustu fundargjörð var samþykkt tillaga frá Willum Andersen að láta málið ganga til alþingis eftir að neitunarbréf frá F.F.S.Í. hafði verið lesið upp, um að vinna að framgangi málsins.  
Skýrði ritari svo frá, að eftir að stjórnin hefði leitað sér nánari upplýsinga í þessu efni, hefði orðið að samkomulagi að hefjast ekki handa fyrst um sinn.  
Formaður talaði einnig um þetta atriði og taldi að stjórnin hefði ekki séð sér fært að framfylgja tillögunni eftir þeim upplýsingum er hún hefði aflað sér viðkomandi þessu máli.
4. Formaður ræddi því næst um netjasvæðið og ágang erlendra togara á því s.l. vertíð. Sagði hann að þetta væri svo mikið alvöru- og hagsmunamál að nauðsyn bæri til að vinna að því að svæði þetta yrði betur friðað og einnig óskaði hann þess að fundarmenn létu álit sitt í ljósi um hvort meta skyldi meira að friða svæðið yfir netjaverðina fyrir botnvörpu eða að það yrði frjálst öllum veiðarfærum.  
Sagði hann að ef friðun fengist staðfest og henni fylgt eftir mundu togbátarnir okkar að sjálfsögðu bíða nokkurn hnekki þótt það að vísu væri ekki nema í tilfellum sem þeir stunduðu þar veiðar.  
Margir fleiri tóku til máls og virtust menn einhuga um að fá svæðið friðað fyrir botnvörpu. Að loknum umræðum var kosin nefnd er vinna skyldi að þessu máli í sambandi við Útvegsmannafélag Vestmannaeyja.  
Í nefndina voru kosnir:  
Karl Guðmundsson  
Þorgeir Jólsson  
Eyjólfur Gíslason  
Oddur Sigurðsson  
og Runólfur Jóhannsson
5. Rætt var um stýrimenn á landróðrabátum og kjör þeirra. Í sambandi við þetta skýrði formaður frá því að mjög margar undarþágubeiðnir hefðu stjórninni borist s.l. vertíð, um að próflausir menn yrðu skrásettir sem stýrimenn á landróðrabáta.  
Í umræðum þessum kom það í ljós, að undanþágur þessar, væru ekki tilkomnar vegna þess, að prófmenn vantaði, heldur hins að á línu og netjabátum, hefðu þeir engar kjarabætur framyfir háseta og væri þess vegna ekkert áhugamál fyrir þá að skrásetjast stýrimenn.
6. Eiríkur Jónsson ræddi um deyfð þá er væri meðal félagsmanna og hvað hægt væri að gera til að fá því breytt í betra horf en nú væri og hefði verið að undanfögnu, fleiri tóku í sama streng.



Ragnar Helgason stakk uppá því hvort ekki væri reynandi að fá upp einhver skemmtiatriði innan félagsins og þá sérstaklega að haustinu, t.d. með því að hafa spilakvöld eða eitthvað þ.u.l.

Einar Jóhannsson stakk uppá því að skylda þá menn í félagið sem atvinnuna stunduðu þ.e.a.s. væru annað hvort skipstjórar eða stýrimenn á bátum og skipum skrásettum héðan frá Vestmannaeyjum.

7. Rætt var um hafnarmál, og að nauðsynlegt væri að félagið hefði starfandi mann í hafnarnefnd.

Til umræðna komu hafnarframkvæmdir þær sem nú eru yfirstandandi og þá aðallega staðsetning á væntanlegri bátakví. Einnig sem kunnugt er hefur að tilhlutun vitamálastjóra verið ákveðið að bátakví þessi skuli verða norður úr hinni svokölluðu Friðarhöfn, en ekki suður, eins og áður hafði verið ákveðið og búið var að gera uppdrátt af.

Voru fundarmenn sammála um að heppilegra væri í alla staði að bátakvíin yrði suður úr Friðarhöfninni eins og ákveðið var.

Að loknum umræðum kom fram tillaga frá Júlíusi Sigurðssyni um að fela stjórn félagsins að tala við hafnarnefnd og skora á hana að beita sér fyrir því að bátakvíin verði gerð suður úr Friðarhöfninni eins og upphaflega var ákveðið.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 63. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 16. október 1949 og hófst hann kl. 2 e.h. í Samkomuhúsinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykkt mótatkvæðalaust.
2. Formaður kvaddi sér hljóðs og minntist fyrst á þá menn er atvinna stunduðu annað hvort sem skipstjórar eða stýrimenn á bátum skrásettum héðan, án þess að vera í félaginu, og áleit hann að þessum mönnum yrði að ná inni félagið, sem allra fyrst.  
Gat hann þá einnig um leið lélegrar fundarsóknar og fleira í því sambandi. Bað hann því næst ritara félagsins að greina frá störfum nefndar þeirrar er hann var kosinn í á síðasta fundi, varðandi friðun netjasvæðisins hér við Eyjar, en nefnd þessari var falið að leita samstarfs við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.  
Ritari stóð því næst upp og skýrði í stuttu máli frá störfum nefndarinnar og las upp eftirfarandi bréf sem Útvegsbændafélaginu var skrifað:

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi.

Á fundi sem haldinn var í ofanskráðu félagi þann 26. þ.m. var m.a. rætt um ágang erlendra togara hér við Vestmannaeyjar, en þó sérstaklega á s.l. vertíð, er svo fáheyrd fólkska átti sér stað, að þessi veiðiskip fóru inná mitt netjasvæðið, sem við hér í Eyjum að m.k. töldum friðað, settu niður bauju og toguðu í mestu makindum eins og ekkert veiðarfæri væri nálægt. En er trollið var dregið upp, hengu á því, eða hlerum þess, veiðarfæri Eyjamanna sem þeir svo skáru eða slitu af sér eftir því hvort hægara eða fljótvirkara var.

Þessi myndarlegi veiðiskapur þótti síst þess verður að fara með hann í felur. Hann var að minnsta kosti framkvæmdur einn mesta góðveðursdaginn, sem kom í apríl mánuði.

Einnig á þeim tíma er allflestir bátar voru á veiðisvæðinu og þar að auki vopnaður varðbátur sem sérstaklega var ætlað það hlutverk að verja veiðisvæðið.

Á fundi þeim sem að framan getur, ræddu menn þessa atburði, eða rifjuðu þá upp og sem eðlilegt var, þótti hér við vandan vágast að etja, sem síst mundi færa batnandi á komandi árum ef ekkert yrði aðhafst.

Voru allir félagsmenn sem þarna voru mættir sammála um að vinna bæri að því að fá netjasvæðið algerlega friðað fyrir botnvörpu yfir þann tíma sem netjaveiðin stendur yfir. Að loknum umræðum var kosin nefnd og var henni falið að vinna að undirbúningi þessa máls, og leita í því sambandi samstarfs við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.

Í nefnd þessa voru kosnir Karl Guðmundsson, Þorgeir Jólsson, Eyjólfur Gíslason, Oddur Sigurðsson og Runólfur Jóhannsson.

Samkvæmt framanrituðu, eru það vinsamleg tilmæli vor að þér takið höndum saman við sjómennina og fullkomlega verði unninn bugur á þeim yfirgangi og ódrengrskap erlendra fiskimanna sem hér hefur að nokkru verið lýst.

Vestmannaeyjum 28. júní 1949.

f.h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins "Verðandi",  
Runólfur Jóhannsson  
Jóhann Pálsson  
Ólafur Sigurðsson

Til Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,  
Vestmannaeyjum."

Að loknum upplestri þessa bréfs urðu nokkrar umræður og voru fundarmenn enn sem fyrr sammála um að vinna bæri að algjörri friðun netjasvæðisins.

Í þessu sambandi taldi Ársæll Sveinsson eftirlit varðskipanna mjög ófullnægjandi, þar sem þeim skipum væri samhliða falin landhelgisgæsla, sagðist hann álíta að á þessu yrði ekki ráðin varanleg bót, fyrr en maður héðan úr Eyjum, yrði hafður um borð í eftirlitsskipinu.

Einnig kæmi vart til greina nú sem stæði, annað skip en Ægir.

3. Kompásafréttingar.

Formaður ræddi um nauðsyn þess, að hér á staðnum yrði ávallt maður til að rétta af kompása, og gat hann þess að hægt mundi að fá mann frá Þýskalandi sem væri kunnáttumaður á viðgerðir kompása og dýptarmæla, en jafnhliða þyrfti sá maður að fá önnur störf samhliða þar sem atvinna við þessi tæki hér mundi ekki skaffa nægjanlegan lífeyrir.

Um þetta mál tóku fleiri til máls og voru þeir sammála málshefjanda um nauðsyn þess að hér yrði ætíð tiltækur maður til þessara starfa.

4. Bátakvíin.

Rætt var um hina væntanlegu eða fyrirhuguðu bátakví, og þá aðallega um að hún yrði tekin til suðurs úr Friðarhöfninni enn ekki norður eins og raddir hefðu heyrst um.

Var í þessu sambandi samþykkt tillaga um sama efnis og á síðasta fundi og skýrði ritara félagsins frá því að hafnarnefndinni hefði þá verið skrifað bréf um vilja félagsmanna í þessu efni, og sagðist hann hafa fengið upplýsingar um að það bréf hefði sent til vitamálastjóra og einnig hefði Útvegsbændafélagið sent þangað annað bréf er hné í sömu átt.

Að loknum umræðum bar Guðmundur Vigfússon fram þá tillögu að safnað yrði undirskriftum félagsmanna um þetta mál og var stjórn félagsins falið að sjá um framkvæmd þess.

5. Ýmis mál.

Rætt var um nauðsyn þess að veiðarfæramerki yrðu betur aðgreind en nú væri og töldu ræðumenn að á mörgum bátum væri línar alls ekki merkt en flaggmerkin væru einnig óglögg og hjá sumum sammerkt.

Í þessu sambandi gat Eyjólfur Gíslason þess að fyrir þessu væru það ströng lagaákvæði að heimilt væri að draga inn ómerkt veiðarfæri og flytja þau í land hver svo sem þau ætti.

Ársæll Sveinsson minntist á samtal við Henry Hálfðánarson varðandi Eiðisbaujuna og fleira og nauðsyn þess að hún yrði staðsett fyrir vertíðina. Tóku einnig fleiri til máls um þetta atriði.

6. Formannasambandsþingið:

Formaður gat þess, að brátt liði að setningu formannaþingsins og taldi hann ekki vansalaust ef ekki yrði einhver þar mættur sem fulltrúi þessa félags, en á því hefur verið tröppugangur undanfarin ár.

Fleiri tóku til máls um þetta og voru formanni sammála.

Að loknum umræðum var Runólfur Jóhannsson kosinn til fararinnar.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 64. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 9 síðdegis föstudaginn 18. nóvember 1949 í Verkamannaskýlinu.

1. Formaður bað Eyjólf Gíslason, að taka að sér fundarritun í forföllum ritara, Runólfs Jóhannssonar, sem þennan dag var fyrir því slysi, að detta úr stiga niður í stórlestina á Danska Grænlandsfarinu "Jane Log" og meiddist hann mikið.

2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar, og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

3. Formaður las þar næst upp, svohljóðandi bréf frá F.F.S.Í.:

"Heiðruðu sambandsfélagar!

Á 13. þingi F.F.S.Í. var samþykkt samhljóða, að segja upp gildandi samningum F.F.S.Í við L.Í.Ú. og eru þeir samningar úr gildi fallnir 1. janúar 1950.

Í sambandi við uppsögn þessa samþykkti 13. þing eftirfarandi ályktun:

"13. þing F.F.S.Í. telur hyggilegt að leitað sé álits og tillagna hinna ýmsu sambandsfélaga er væntanlegir samningar koma til að gilda fyrir, svo að tryggt verði að sem flest atriði, sem snerta hagsmuni félaganna víðsvegar um land, komi fram til glöggvunar og stuðnings stjórninni og samninganefndinni.

Stjórn F.F.S.Í. væntir þess að félögin athugi þetta mál, og sendi skrifstofu sambandsins allar þær tillögur og ábendingar, sem þau hafa í huga við væntanlega samningagjörð, hið allra bráðasta eða eigi síðar en fyrir miðjan desember."

Um þetta mál, urðu nokkrar umræður. Helgi Bergvinsson taldi sjálfsagt að okkar kjör yrðu samrýmð við Faxaflóakjörin.

Júlíus Sigurðsson talaði næstur og sagði að við yrðum fyrst að segja upp okkar samningum, áður en við gerðum aðra.

Sighvatur Bjarnason sagði að F.F.S.Í.-þingið væri orðinn eini rétti aðilinn til að semja fyrir heildina, og að við notuðum illa okkar rétt að senda ekki þangað fulla fulltrúatölu.

Formaður sagði best að kjósa 3 manna nefnd í málið og tilnefndi þá Júlíus Sigurðsson, Einar Jóhannsson og Helga Bergvinsson, og greiddu allir fundarmenn þeim atkvæði.

4. Formaður las þar næst upp bréf frá Formannasambandsþinginu þess efnis, hvort S.S. Verðandi vildi styðja að því, að F.F.S.Í. hefði mann í framboði við næstu Alþingiskosningar.

Formaður tók því næst til máls.

Kvaðst hvorki mæla með né móti þessu máli, taldi þó best að pólitík væri ekki tekin inn í félagið.

Sighvatur Bjarnason talaði næstur og sagði að hér myndi 5. flokkurinn vera í uppsiglingu, og vildi hann fela stjórninni að svara þessu bréfi, og var það samþykkt.

Stjórnin sendi F.F.S.Í. svohljóðandi svar:

"Á fundi sem haldinn var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu "Verðandi" 18. þ.m. var bréf yðar lesið upp og tekið til umræðu.

Félagið "Verðandi" hefur alltaf haldið sig utan við alla pólitík og ákváðu félagsmenn að halda þeirri stefnu framvegis.

Með félagskveðju Skipstjóra- og stýrimannafélagið "Verðandi".

5. Veiðarfæramerkingar.

Málshefjandi var Júlíus Sigurðsson. Nokkrar umræður urðu um það, sem enduðu með því. Að formaður bauð þeim sem kynnst vildu netaflaggabókinni gætu fengið hana lánaða hjá sér, en línumerkjabókin myndi fást á bæjarskrifstofunum.

Gísli Magnússon talaði næstur og taldi hann nauðsynlegt að höfð væru ljós á netakrossunum, til dæmis að hver netabátur léti eina lugt og hefði á einhverri af sínum netabaujum. Þetta væri lítil útgjöld fyrir útgerðina, en netavörninni og gæsluskipinu mjög mikill styrkur og bót.

Formaður tók næstur til máls, og sagði frá ?? varðskipsbaujanna síðast liðna vertíð.

Fleiri tóku til máls. Engin ákvörðun var tekin í málinu.

6. Formaður tók til máls, og skoraði á þá Gísla Magnússon og Sighvat Bjarnason sem héðan færu á fiskifélagsþingið, að beita sér með netavarnarmálinu, og að ljósmagninu í Stórhöfðavitanum, verði vel við haldið, því núverandi ástandi væri mjög ábótavant hvað rafmagn snerti.

Sighvatur upplýsti að þetta sama mál hefði verið lagt fyrir þá frá fiskifélagsdeildinni hér. Því næst gerði hann fyrirspurn til formanns, hvort Konráð Gíslason kompásasmiður, hefði verið fulltrúi þessa félags á Formannasambandsþinginu, og svaraði formaður því játandi og lét fylgja skýringar.

Gísli Magnússon talaði næstur, og kvaðst myndi gera allt sitt besta fyrir þetta byggðarlag, á fiskifélagsþinginu.

7. Eiríkur Jónsson talaði þar næst, og kvað Formannasambandsþingið fylgjast hér illa með störfum sjómanna, hvað talstöðvarhlustvörð snerti, samkvæmt Morgunblaðsfrétt 4. nóvember, og kom með tillögu í því sambandi, og var hún samþykkt. En að samkomulagi varð, milli flutningsmanns, og stjórnar þessa félags, að tillagan þurfi skýringar við og bíða þar til að sendifulltrúi okkar á F.F.S.Í.-þingið, Runólfur Jóhannsson, geti mætt á fundi, og gefið upplýsingar frá þinginu.

8. Formaður bar fram svohljóðandi tillögu:

"Á fundi, sem haldinn var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, föstudaginn 18. nóvember 1949, var einróma skorað á þingmann kjördæmisins að vinna að því, sem öruggust og besta friðun fáist á þorskanetaveiðisvæði Vestmannaeyinga, gegn ágangi erlendra togara á hverju veiðitímabili."

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum. Þessi tillaga var strax send þingmanninum, ásamt langri greinargerð, sem henni fylgdi.

9. Tillaga kom frá Einari Jóhannssyni:

"Fundurinn samþykkir, að beina þeim tilmælum til útgerðarstjórnar bæjartogaranna, að réttindamenn úr félaginu, verði látnir sitja fyrir um réttindapláss á skipum útgerðarinnar."

Tillagan var samþykkt, og send bæjarútgerðarstjórninni.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 11:30.

Eyjólfur Gíslason  
(settur ritari)

**65. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 16. desember 1949 í Akógeshúsinu og hófst hann kl. 9:45.**

1. Lesin upp síðasta fundargerð og samþykkt.
2. Formaður bar upp inntökubeiðni 5 manna, og voru þeir allir samþykktir í félagið, með öllum greiddum atkvæðum. Fjórir þessara manna eru starfandi skipstjórar, og 1 stýrimaður.  
Nöfn þessara manna eru:  
Sigurbjörn Sigfinnsson m/b "Veigu"  
Björgvin Guðmundsson m/b "Ársæll"  
Sigurjón Jónsson m/b "Örn"  
Sigfús Guðmundsson m/b "Ísleifur"  
og Sigurjón Jónsson, stýrimaður á m/b Þorgeir Goði.  
Úrsögn úr félaginu, kom frá Ingvari Gíslasyni.
3. Formaður bað Júlíus Sigurðsson formann nefndar þeirra er kosin var á síðasta fundi, til að athuga okkar kjarasamninga, að skýra frá störfum.  
Nefndarformaður lagði fram nokkrar skrifaðar athugasemdir, en þar sem okkar uppsagnarfrestur var liðinn, 15. október, á gildandi kjarasamningum, var málið tekið út af dagskrá, en samþykkt, að skrifa Formannasambandsstjórninni, og fá að fylgjast með hennar fiskimannakjarasamningum.
4. Guðjón Valdason kvaddi sér hljóðs, og taldi að óforsvaranlegt væri, að 2 menn færu á sjó til veiða með dragnót, og að slíkt ætti að banna, og kom hann með svohljóðandi tillögu:  
"Skorað á félagið, að beita sér fyrir því að ekki verði leyft að 2 menn fái að fara á sjó með dragnót í Vestmannaeyjum."  
Einar Jóhannsson gaf þá skýringu að í flutningunum milli Hvalfjarðar og Reykjavíkur á stríðsárunum, hefði verið bannað, að færri enn 3 menn, væru á bát í þeim ferðum.
5. Þar næst fór fram tilnefning manna í gæslu- og veiðarfæranefnd, og voru þessir menn tilnefndir í gæslunefnd:  
Jóhann Pálsson  
Óskar Ólafsson  
Steingrímur Björnsson  
Júlíus Sigurðsson  
Óskar Matthíasson  
Sigurjón Jónsson  
Kristinn Sigurðsson  
Einar Jóhannsson  
og Kristinn Magnússon  
  
Og í veiðarfæranefnd, voru tilnefndir:  
Jón Guðmundsson  
Jóhann Pálsson  
og Sigfús Guðmundsson  
  
Allir þessir menn hlutu kosningu.

6. Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls, og sagði frá helstu málum, sem unnið hefði verið að, á fiskifélagsþinginu, fyrir þetta byggðarlag, og voru þau helstu, hafnarmálin, rafleiðsla í Stórhöfðavitann, kaup á gömlu rafstöðinni. 43 mál sagði hann, að alls hefðu verið tekin fyrir á þinginu, og mörg af þeim mikið rædd, svo sem landhelgismálið, Faxaflóafriðun og sandtaka, samrýming eða jöfnun áframgjöldum, og að ekki yrðu nema 4 hafnir hér á landi leyfðar útlendum veiðiskipum til afnota, nema í lífsnauðsyn o.s.frv.

Formaður gerði fyrirspurn. Hvernig tekið hefði verið í þorskanetafriðunarsvæðið, hér við Eyjar? Þingmaður svaraði að það myndi hafa dagað uppi, og engin ákvörðun í því tekin.

Um talstöðvar, og notkun þeirra, hefðu orðið miklar umræður.

7. Þar næst var borin upp svohljóðandi tillaga frá Eiríki Jónssyni:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu "Verðandi" 16/12 1949, skorar á póst- og símamálastjórnina, að sjá um, að manni þeim sem á sínum tíma var bætt við hér á Landsímastöðinni til að annast næturafgreiðslu við skip og báta, verði greidd laun sín að fullu, frá pósti og síma, eins og öðrum starfsmönnum Landsímans þannig að Vestmannaeyjar, séu á sama grundvelli og Reykjavík."

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Guðjón Valdason vakti máls á því, hvort ekki væri tímabært, að halda afmælisfagnað, eða góðan skemmtifund, til að hressa uppá félagið.

Nokkrar umræður urðu um þetta, og skiptar skoðanir.

Eiríkur Jónsson deildi á stjórnina fyrir sinnuleysi hennar í skemmtiatriðum félagsins. Sagði að fyrstu starfsár félagsins, hefðu afmæli þess þótt með bestu skemmtunum ársins, og haldið félaginu betur saman, og formenn þess oftast verið hvatamenn að afmælishófunum.

Útkoman varð að kosin var 3. manna nefnd, til að annast framkvæmdir á skemmtun innan félagsins.

Kosnir voru:

Guðjón Valdason  
Óskar Ólafsson  
og Sigfús Guðmundsson

Fleira ekki fyrir tekið.

24 félagar á fundi. Fundi slitið kl. 23.

Eyjólfur Gíslason  
(settur ritari)

## 65. fundur. Aðalfundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 15. febrúar 1950 og hófst hann kl. 2:30 e.h. í Samkomuhúsinu.

Fundurinn hófst með því, að formaður minntist látins félaga Guðlaugs Brynjólfssonar, er fórst af togaranum Bjarnarey 26. desember.

Einnig minntist hann, með vel völdum orðum, þeirra 10 manna er fórust með vélskipinu "Helga" 7. janúar.

Bað hann fundarmenn votta hinum látnu virðingu og aðstandendum þeirra samhryggð með því að rísa úr sætum.

1. Formaður bar þar næst upp inntökubeiðni 4 manna, og voru þeir allir samþykktir í félagið, með öllum atkvæðum.

Nöfn þessara manna eru:

Aðalsteinn Gunnlaugsson 1. háseti á m/b Lagarfoss

Emil Andersen skipstjóri m/b "Metu"

Sigurður Guðjónsson stýrimaður m/b "Andvara"

og Gunnar Eiríksson stýrimaður m/b "Vonin"

2. Vararitari las þar næst upp síðustu fundargerð, og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

3. Formaður las upp bréf, er hann skrifaði Formannasambandsstjórninni fyrir félagsins hönd, sem svar við þeirra bréfi um kjarasamningana.

Einnig las hann upp langa greinargerð, er hann lét fylgja tillögu Eiríks Jónssonar, til símamálastjórnarinnar.

4. Formaður gaf gjaldkera þar næst orðið.

Gjaldkeri skýrði fjárhagsafkomu félagsins á síðasta reikningsári. Las upp endurskoðaða ársreikninga félagsins fyrir árið 1948, og voru reikningarnir samþykktir mótatkvæðalaust.

Þá las gjaldkeri upp styrktarsjóðsreikningana fyrir árið 1948, og voru þeir einnig samþykktir með öllum atkvæðum.

Gjaldkeri talaði um, að auka þyrfti tekjur sjóðsins, og sagði, að besta leiðin til þess væri að hver línubátur færi með 1 línustamp 1. róður á vertíðinni, styrktarsjóðnum til ábata.

Kosin var 3 manna nefnd til að hafa framkvæmdir í málinu.

Kosningu hlutu:

Bjarni Jónsson

Guðjón Vigfússon

og Ólafur Sigurðsson

Til vara Guðjón Valdason.

Hannes Hannsson fyrverandi formaður félagsins, sem mættur var á fundinum, gestkomandi frá Reykjavík, tók næstur til máls. Talaði hann á víð og dreif, um styrktarsjóðinn, og tildrögin að stofnun hans, og lauk hann máli sínu með því, að lofa styrktarsjóðnum sömu peningaupphæð, og fengist á einn línustampinn.

Sighvatur Bjarnason og Jóhann Pálsson töluðu næstir, þökkuðu báðir Hannesi velvilja hans til félagsins.

5. Eyjólfur Gíslason hóf máls á því, að óviðkunnanlegt væri, að menn segðu sig strax úr félaginu, þegar þeir hættu að vera starfandi skipstjórar, sakir aldurs, eins og átti hefði sér stað, og gerði það að tillögu sinni, að gamlir og góðir félagar verði gerðir að heiðursfélogum, eftir 60 (sextíu) ára aldur.

Tilagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum.



Jóhann Pálsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Að Guðjón Jónsson skipstjóri, Heiði, verði nú þegar gerður heiðursfélagi í S.Ss. Verðandi."

Tillagan var samþykkt af öllum fundarmönnum.

6. Næst fór fram stjórnarkosning.

Í formannssætið voru þessir menn tilnefndir:

Júlíus Sigurðsson

Jóhann Pálsson

og Sighvatur Bjarnason

Formaður var endurkosinn, Jóhann Pálsson, með 18 atkvæðum.

Varaformaður var kosinn Júlíus Sigurðsson með 14 atkvæðum. Sighvatur fékk 5 atkvæði.

Formaður þakkaði það traust er félagsmenn sýndu sér, með endurkosningunni.

Runólfur Jóhannsson var endurkosinn ritari með öllum atkvæðum, og hylltur með dynjandi lófaklappi. Vararitari var kjörinn Eyjólfur Gíslason.

Í gjaldkerasætið voru tilnefndir:

Emil Andersen

Ólafur Sigurðsson

og Angantýr Elíasson.

Kosinn var Ólafur Sigurðsson með 34 atkvæðum. Til vara, Angantýr Elíasson með 10 atkvæðum. Emil fékk 6 atkvæði.

Endurskoðendur reikninga, voru endurkosnir þeir Eiríkur Jónsson og Karl Guðmundsson.

Í sjómannadagsráð voru kosnir:

Júlíus Sigurðsson

Helgi Bergvinsson

Einar Jóhannsson

Einar Guðmundsson

og Sveinbjörn Hjartarson

Til vara Óskar Ólafsson og Eyjólfur Gíslason.

Þá var sest að kaffidrykkju, og rabbað saman góða stund. Síðan haldið áfram fundarstörfum.

7. Sighvatur Bjarnason kvaddi sér hljóðs, og sagði að sér fyndist vel við eiga, að þetta félag hefi sín félagsskírteini, eins og flest þau félög hefðu sem störfuðu á líkum grundvelli.

Hann hóf einnig máls á því að nauðsyn bæri til að félagið eignaðist sinn eigin fána, því við mörg tækifæri, væri það mjög leiðinlegt, að geta ekki borið sinn eigin félagsfána, og það hann fundarmenn að sýna áhuga á þessum málum, með því, að sem allra flestir, kæmu með teiknaðar hugmyndir sínar að félagsskírteini og félagsfána, svo að úr sem mestu yrði að velja.

Formaður tók næstur til máls og var þessu mjög fylgjandi. Það hann fundarmenn að tilnefna 3 manna nefnd, til að koma þessum málum í framkvæmd. Þessir menn hlutu kosningu:

Runólfur Jóhannsson

Sighvatur Bjarnason

og Karl Guðmundsson

8. Ólafur Sigurðsson vakti máls á því, hvort ekki væri tímabært, að starfsemi sú, sem rekin er í Söluturninum, að nafninu til, undir nafni Björgunarfélagsins, verði nú þegar flutt inn í Verkamannaskýlið á Básaskersbryggju, enda raunverulega komin þangað fyrir löngu síðan.

Fleiri tóku til máls, og voru allir sammála um, að allt, sem þessu starfi tilheyrði, svo sem hlustun eftir bátum, og fyrirspurnum í síma um báta, o.s.v. frv. Þessum spurningum, væri svarað fljótt og vel, af núverandi skýlisverði, sem ætíð fylgdist vel með öllu, sem gerist við höfnina, og sjómönnum á hafi úti.

Eiríkur Jónsson tók næstur til máls. Sagðist gera það með fúsum og góðum vilja, sem sjómannastéttinni tilheyrði, en sagðist ekki vilja að Söluturninn yrði skertur neinum hlunnindum sín vegna.

Að endingu var stjórninni falið, að skrifa Björgunarfélagsformanni um málið.

9. Formaður talaði þar næst, og sagði að rétt myndi, að Verðandi sendi Alþingi sína áskorun um ljósvita og skýlisbyggingu á Faxaskeri, og voru fundarmenn því samþykkir, og stjórninni falin framkvæmd í málinu.

10. Eiríkur Jónsson vakti máls á því að Básaskersbryggjuljósín, og leiðslur til þeirra þyrftu að athugast, og gerði það að tillögu sinni að stjórninni verði falið, að senda áskorun til bæjarstjórnar um það.

Guðjón Vigfússon kom með þá athugasemd, að nauðsynlegt væri, að hafa 32 watta spennu á bryggjulínunni, hærrí spennu gæti orðið mönnum lífshættuleg.

11. Guðjón Valdason lagði fram svohljóðandi tillögu:

"S.s. Verðandi skorar á lögreglustjóran í Vestmannaeyjum að eftirlit verði haft með því og stranglega bannað að stórum trjám, eða öðrum fljótandi hlutum verði kastað í sjóinn út af Eyjunni, sem vélbátum og öðrum farkostum getur stafað hættu af."

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum.

12. Guðjón Vigfússon gerði fyrirspurn til fundarins hvort ekki væri athugandi að héðan frá félaginu og öllu byggðarlaginu væru gerðar sterkar áskoranir til réttra aðila, að hér yrði byggð líf eða landshöfn, yfir allt Suðurlandið.

Formaður taldi rétt að kjósa 3 manna nefnd, sem athugaði þetta mál. Kosnir voru:

Þorgeir Jólsson  
Guðjón Vigfússon  
og Stefán Guðlaugsson

13. Einar Jóhannsson vakti máls á því hvort ekki væri tímabært og rétt að deild manna úr þessu félagi, verði æfð til björgunarstarfa.

Margir tóku til máls um þetta og töldu gott og nauðsynlegt að sem flestir sjómenn fengju æfingu og sem besta þekkingu á björgunartækjum og að sú æfing gæti farið fram hið allra fyrsta.

Til að koma málinu í framkvæmd voru kosnir 4 menn, og hlutu þessir kosningu:

Guðjón Vigfússon  
Einar Jóhannsson  
Júlíus Sigurðsson  
og Þorgeir Jólsson

14. Sighvatur Bjarnason hóf máls á því, hvort ekki væri rétt að félagið sækti nú þegar um gjaldeyrisleysi fyrir rakettulínubyssum í hvern bát hér. Taldi flutningsmaður að þessi skottæki myndu ekki kosta mjög mikið, en gætu oft orðið að liði og miklu öryggistæki til bjargar, til dæmis með að koma ?? línu milli báta í stórsjó, sem oft reyndist mjög erfitt.

Fundarmenn tóku þessari uppástungu mjög vel, og samþykkt var einróma að fela stjórninni framkvæmdir í þessu máli.

15. Formaður sleit fundinum með því að hann hefði í nafni félagsins sent aðstandendum félaga okkar Brynjólfs Guðlaugssonar og þeirra manna er fórust á vélskipinu "Helga" samúðarskeyti.

Fundi slitið kl. 5:20.

40 félagar á fundi.

Eyjólfur Gíslason  
(vararitari)

## 67. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi þriðjudaginn 7. mars 1950 í Akógeshúsinu og hófst hann kl. 8:15 síðdegis.

Formaður setti fundinn með því að minnast tíðarfarsins, og sjóslyssins í Faxaflóa, 4. mars, er vélbáturinn "Jón Magnússon" fórst með 7 mönnum, og bað hann fundarmenn, votta hinum látnu virðingu, með því að rísa úr sætum.

1. Þar næst var lesin upp síðasta fundargerð, og samþykkt.  
Athugasemd kom frá Guðjóni Valdasyni við fundargerðina. Að hann, en ekki nafni hans Vigfússon hefði verið kosinn, sem varamaður í styrktarsjóðs-strenganefndina, og var það lagfært.
2. Formaður talaði þar næst, og minnti togbátaskipstjórana á, að styrktarsjóðurinn tilheyrði þeim, jafnt öðrum félagsmönnum og vonaði að þeir minntu hann um "Lokin".  
Þar næst las hann upp, afrit af bréfi, sem stjórn "Verðandi" sendi F.F.S.Í. um þorskanetafritunarsvæðið hér við Eyjar. Síðan minntist hann á félagsfánateikninganar sem fram hefðu komið en þær voru 3, og bað hann menn að athuga málið og ræða, og urðu það nokkrar umræður. En að endingu var flaggnefndinni falið, að sjá um allar framkvæmdir í málinu.
3. Formaður tók næstur til máls, og talaði á við og dreif, um þá erfiðleika, sem við ættum nú við að búa, vegna ágengnar erlendra togara, og að við þyrftum sterka vörn, frá varðskipinu, ef vel ætti að fara.  
Margir félagsmenn tóku til máls, og víttu harðlega aðgerðir "Ægis" sem björgunar- og eftirlitsskips bátaflotans hér við Eyjar.  
Ársæll Sveinsson kom með svohljóðandi munnlega tillögu:  
"Að stjórn þessa félags, og stjórn Útvegsbændafélagsins, ættu fund saman, og tækju ákvörðun í málinu."  
Tillagan var borin upp, og samþykkt.
4. Gerð var fyrirspurn til Ársæls, hve margar lausbaujur væru til, þorskanetavörninni tilheyrandi? Svarið var 3.  
Fundurinn gerði þá ályktun, að þegar í stað yrðu pantaðar ljósabaujur frá Englandi, og lofaði Ársæll, að gera það, strax daginn eftir.  
Þá talaði Ársæll um björgunar- og eftirlitsskipið okkar "Ægir" og þótti það nokkuð værukært af því að létta ekki akkerum á ytri höfninni í laugardagsveðrinu, þegar allir bátar hefðu verið úti á miðunum.  
Þar næst talaði hann um veiðarfæravörnina, eins og hún væri nú starfrækt.
5. Þorsteinn Jónsson tók næstur til máls, og vítti harðlega framferði björgunarskipsins, og taldi framkomu skipstjórans hafa verið slæma frá fyrstu tíð, okkur til handa.  
Eiríkur Jónsson gaf þær upplýsingar að ekki myndi hlustun eftir bátum vera starfrækt um borð í "Ægir" nú orðið.  
Fleiri tóku til máls, og töldu fulla ástæðu, til að kæra yfir framkomu skipsins á yfirstandandi vertíð.  
Júlíus Sigurðsson kvaddi sér hljóðs, og taldi heppilegri leið, þessu máli til úrlausnar að talað yrði við skipstjórann á Ægi og fara að honum bótarveg í þessum málum.  
Sighvatur og Guðmundur Vigfússon töluðu næstir og voru á sama máli og Júlíus.  
Jóhann Pálsson talaði þar næst og taldi heppilegt að kosnir væru 3 bátaformenn, sem hefðu eftirlit með netalögnunum, og hefðu svo samtöl við skipstjóra varðskipsins, um hvar hættan væri mest.

Í þessa nefnd voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason  
Jón Guðmundsson  
og Júlíus Sigurðsson

6. Samþykkt var, að þessi (bjargráðanefnd) ásamt stjórninni og Ársæli Sveinssyni, skyldu eiga viðræður við skipstjórann á Ægi, um okkar áhuga og kærumál.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 22:45, 31 félagi á fundi.

Eyjólfur Gíslason (vararitari).

## 68. fundur.

### Sunnudaginn 8. október var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 1 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Fyrir var tekið Eiðisbaujan og ljósker hennar.

Á fundinum voru mættir tveir menn frá vitamálskrifstofunni og biðu þeir tækifæris til að setja upp ljósker á skýli það sem byggt var á Faxaskeri í sumar og einnig áttu þeir að ganga frá ljóskers í Eiðisbaujuna.

Er þessir menn voru aðspurðir hvernig ákveðið hefði verið að haga þessum tveim ljósum, greindu þeir svo frá að bæði ættu þau að sýna hvítan ljósblossa, Eiðisbaujan hvítt leiftur, með sekúnda millibili, en ljóskerid á Faxaskeri hvítt leiftur með sekúnda millibili.

Við umræður manna kom í ljós að hagkvæmara þótti að annað þessara ljósa sýndi rautt til þess að ekkert feiltak gæti þar á orðið, en eins og kunnugt er eru þessi ljósmerki nálægt hvort öðru.

Aðkomumennirnir sögðu í þessu sambandi að vegna urðavitans sem lýsir rautt á skelli, yrði ekki sett rautt ljós á skerið, en hinsvegar gæti það komið til mála á baujunni.

Að loknum umræðum kom fram eftirfarandi tillaga, sem borin var undir atkvæði og samþykkt: "Á fundi sem haldinn var í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi var einróma samþykkt að fara þess á leit við vitamálastjóra að rautt ljós verði á Eiðisbaujunni, þar sem þegar er upplýst að hvítt ljós sé fyrirhugað á Faxaskeri."

Að lokinni samþykkt þessarar tillögu, kvöddu aðkomumennirnir og kváðust skyldu tala um þetta við vitamálastjóra Emil Þórsson.

Eftir hálf tíma eða svo, hringdu þeir til fundarmanna og tilkynntu að samþykki vitamálastjóra væri fengin fyrir því að breyta ljósi Eiðisbaujunnar úr hvítu yfir á rautt.

2. Rætt var um hlustvörð hér í Vestmannaeyjum og tóku til máls Páll Þorbjörnsson, Jónas Sigurðsson, Ársæll Sveinsson o. fl.

Við umræður þessar fengust þær upplýsingar, að mjög sé sín orðið gengið á hlut þeirra er á hlustverði þurfa að halda, með óbilgjörnum kvöðum af hendi, póst- og símamálastjórnarinnar, og væri nú svo komið að gjald væri tekið þótt aðeins væri spurt um veður og yfirleitt virtist svo að Jónasi Sigurðssyni, sem annast hlustvörðinn, væri óheimilt að svara fyrirspurnum nema að mjög litlu leyti og þó aðeins gegn gjaldi. Það upplýstist einnig að starf þessa manns er sérstaklega launað héðan bæði frá Bataábyrgðarfélaginu og einnig með hækkuðum símagjöldum og með tilliti til þess, þótti ástand það sem nú ríkir hér í þessum málum óviðunandi.

Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt:

"Fundurinn samþykkir að stjórn félagsins sé falið að vinna að því að sem mest not fái af talstöðvarhlustverði hér í Vestmannaeyjum."

Fleira var ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 69. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi fimmtudaginn 12. október 1950 og hófst hann í Samkomuhúsinu kl. 8:30 e.h.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Rætt var um talstöðvarhlustvörð og hvernig þeim málum yrði komið í betra horf en nú er ríkjandi hér í Eyjum.  
Ársæll Sveinsson greindi frá því að hann hefði átt tal um þetta við Jóhann Þ. Jósepsson og hefði Jóhann tekið þessu með skilningi og lofað stuðningi sínum til úrbóta.  
Þá minntist Ársæll einnig á að varðskipið Ægir hefði varið veiðisvæðið mikið betur en undanfarin ár, og taldi Ársæll og einnig fleiri að það mundi aðallega að þakka samtali sem fór fram millum skipstjórans og manna er sendir voru um borð í Ægir héðan úr landi, og ræddu um netjasvæðið og vöru þess.
3. Rætt var um að sendir yrðu fulltrúar á F.F.S.Í. í haust, og um greiðslur frá félaginu til þeirra er þingið sætu, og var samþykkt tillaga þess efnis að félagið skuldbindur sig til að greiða þessum mönnum allan útlagðan kostnað vegna fararinnar.
4. Ólafur Sigurðsson hóf máls á því, hvort ekki væri rétt að halda skemmtifundi í haust innan félagsmanna. Taldi hann og einnig fleiri er til máls tóku nauðsynlegt að halda uppi lífi og félagsskap.  
Að loknum umræðum var skemmtinefndin endurkosin, en hana skipa Guðjón Valdason, Óskar Ólafsson og Sigfús Guðmundsson.
5. Rætt var um kaup- og kjarasamninga þá sem nú eru í gildi millum félagsins annarsvegar og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.  
Formaður las upp ýmsa kafla úr samningunum og ræddi um þá á víð og dreif og hvort þeim skyldi sagt upp, en uppsagnarfrestur rennur út 1. nóvember þ.á.  
Margir fleiri tóku til máls og kom munnleg tillaga fram, frá Helga Berginvssyni um að segja samningunum upp. Þessi tillaga var allmikið rædd og voru menn ýmist með, eða á móti henni.  
Sveinbjörn Hjartarson bar fram svohljóðandi breytingartillögu:  
"Fundurinn samþykkir að fela stjórn félagsins að skrifa Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja og fara þess á leit að núgildandi samningum verði breytt í samræmi við samninga F.F.S.Í. og L.Í.Ú., en að öðrum kosti verði samningunum sagt upp."  
Báðar tillögurnar voru bornar undir atkvæði, breytingartillagan fyrst og var hún samþykkt með 12 atkvæðum gegn 5, 16 sátu hjá. Þá var tillaga Helga Bergvinssonar borin upp, um að segja upp samningunum, tillagan fékk ekkert atkvæði, hvorki með eða móti.
6. Hafnarmál og björgunar- eða slysavarnarmál.  
Guðjón Vigfússon hóf mál sitt með því að víta gjörðir stjórnarinnar eða þó aðallega formanns félagsins, Jóhanns Pálssonar.  
Sagði hann að formanni félagsins bæri að láta kjósa fundarstjóra í byrjun hvers fundar, en í stað þess sæti hann þar ætíð sjálfur, sem hann taldi ekki heppilegt, eða illa viðeigandi.  
Þar næst minntist hann á slysavarnarmál, og minntist í því sambandi Einars Jóhannssonar sem kosinn var ásamt fleirum í sérstaka æfingadeild með björgunartækjum og upplýsti Guðjón að ennþá væri ekkert fyrir hendi sem nota þyrfti við slíkar æfingar enda hefðu þær ekki verið haldnar nema ein með tækjum Slysavarnarfélagins.  
Eins og kunnugt er, voru á síðasta aðalfundi sem haldinn var 15. janúar, kosnir þeir Guðjón Vigfússon, Einar Jóhannsson, Júlíus Siguðsson og Þorgeir Jólsson til þess að koma á fót æfingasveit,

og æfingataekjum til björgunarstarfa og var tilgangurinn sá, að sem flestir sjómenn kynntust sem best björgunartækjum og meðferð þeirra.

Guðjón vék máli sínu þar næst, að hafnarmálum en á síðasta aðalfundi voru samkvæmt fyrirspurn til fundarins, frá Guðjóni Vigfússyni, sem að gera lands eða lífhöfn hér í Vestmannaeyjum, kosnir 3 menn sem athuguðu þetta mál, og hlutu kosningu Þorgeir Jólsson, Guðjón Vigfússon og Stefán Gunnlaugsson.

Frá þessari nefnd lagði Guðjón fram skriflegar áskoranir til hafnarnefndar aðra, og vitamálastjóra hina og er innihald þeirra sem hér segir.

"Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum, skorar á vitamálastjóra að láta nú þegar gera heildaruppdrátt af Vestmannaeyjahöfn ásamt fyrirhuguðum framkvæmdum. Félagið álitur að framkvæmd bátakvíar sé mest aðkallandi og er það eindregin ósk félagsmanna að fyrirhuguð bátakví sé sett í suður frá innenda Friðarhafnarbryggjunnar."

Hin áskorunin er svohljóðandi:

"Skipstjóra og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum skorar á hafnarnefnd eða hafnarstjóra, að sjá um, að lögboðin innsiglingarljós séu ávalt í sem bestu lagi, og viljum við sérstaklega benda á að ljóskerið á Edinborgarbryggjunni er afar oft í ólagi og álitum við það mjög bagalegt, sérstaklega fyrir aðkomuskip.

Einnig óskar félagið eftir því, að botnfæri og legufæri þau sem ennþá eru í notkun fyrir báta séu yfirfarin og athuguð og höfð ávallt í sem bestu lagi, meðan ekki hefur fengist sérstök og örugg bátakví. "

Báðar þessar áskoranir voru bornar upp og samþykktar.

Ritari félagsins svaraði fyrir hönd formanns eða stjórnarinnar. Kvaðst hann ekki vita til að lög félagsins hefðu inni að halda nein ákvæði um, að formanni bæri að láta kjósa sérstakan fundarstjóra enda hefði það yfirleitt ekki verið gert innan þessa félags, þótt það hinsvegar ætti sér stað hjá öðrum félögum, eða sérstaklega á sambandsþingum.

Þá vítti ræðumaður nefndina fyrir það að hún hefði raunverulega ekkert starfað að þeim málum er henni var falið fyrir næstum ári síðan, þótt hún hinsvegar legði nú fram þessar áskoranir varðandi hafnarmálin, og gat hann þess einnig að sérstakt mætti kalla það sinnuleysi að tala ekki við vitamálastjóra er hann var hér á ferð fyrir stuttu síðan.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.



## 70. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi föstudaginn 8. nóvember og hófst hann kl. 9:15 síðdegis í Verkamannaskýlinu.

1. Inntökubeiðni kom frá Friðgeiri Guðmundssyni, stýrimanni á m/b "Reinir", og var hann samþykktur í félagið, með öllum atkvæðum.
2. Formaður las upp undanþágubeiðni fyrir Gísla Gíslasyni, til að fá að sigla sem stýrimaður í Englandsferðum í haust.  
Nokkrar umræður urðu um þetta. Því næst fór fram atkvæðagreiðsla, og fékk maðurinn en ekki málefnið undanþáguna með öllum greiddum atkvæðum.
3. Uppsögn "Samninganna" kom þá til umræðu.  
Sighvatur Bjarnason gerði fyrirspurn hvort allir félagsmenn hefðu ekki jafnan atkvæðisrétt innan félagsins, og var svarið jákvætt.  
Þar næst voru tilnefndir félagsmenn í væntanlega samninganefnd, og hlutu þessir menn kosningu:  
Einar Runólfsson  
Oddur Sigurðsson  
Gísli Gíslason  
til vara Júlíus Sigurðsson
4. Minnst var á skemmtun þá er félagið hélt á H.B. hótelinu, og létu menn ánægju sína í ljósi með hvað það hafi heppnast vel, þó þátttakan hefði verið heldur lítil.  
Skorað var á skemmtinefndina að halda aðra slíka skemmtun aftur, eins fljótt og ástæður leyfðu.
5. Eiríkur Jónsson vakti máls á því, að gaman væri og þarflegt við ýmis tækifæri að til væri sérstök nafnaskrá félagsmanna. Gjaldkeri lofaði að sjá um að hún yrði til.
6. Formaður sagði frá viðtali við Ólaf Gränz og teiknimynd sem hann hefði séð hjá honum.  
Myndin væri af sjómanni í árabát ásamt fleiru. Hugmyndin væri svo að steypa stórt líkan eftir þessu og hafa það sem bæjarprýði á Heimatorgi eða öðrum áberandi stað, sjómannastéttinni í þessu plássi til heiðurs.
7. Sjómannadagsnefndarmenn sögðu frá viðskiptum sínum við bíóstjórann hér, Þorstein Johnson, um bíó sjómannadagsins.
8. Helgi Bergvinsson gerði fyrirspurn, hvernig gengi með félagsfánann? Sighvatur B. svaraði því, og minntist í því sambandi á félagsskýrsluna.
9. Júlíus Sigurðsson sagði þar næst frá, um tilhögun og okkar rétti á sjómannaherberginu í elliheimilinu hér.
10. Eiríkur Jónsson gaf þær upplýsingar að nú væri bátavinnubylgjan 188 metra, algjörlega ónothæf vegna tveggja útvarpssendistöðva (þýsk og norsk), sem yfirtækju hana alveg (188 m), seinni parts dags.  
Fundurinn gerði þá samþykkt að fela F.F.S.Í.-þingmönnum sínum þeim Ársæli og Páli, að koma þessu inn í þingið og fá lagfæringu á. Sömu leiðis að hreyfa því nauðsynjamáli, að rafgeymar fái eftir þörfum.

Fleira ekki fyrir tekið

20 félagar mættu. Fundi slitið kl 10:30.

Eyjólfur Gíslason, vararitari.

## 71. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi fimtudaginn 19. desember 1950 og hófst hann kl. 9 síðdegis í Verkamannaskýlinu.

1. Formaður setti fundinn með því að ræða um fundarhöld innan félagsins og fundarhús. Því næst var lesin upp fundargerð, frá næstsíðasta fundi sem hafði farist fyrir, vegna þess að ritari var ekki mættur á þeim fundi.  
Formaður las þar næst upp afrit af bréfi sem sent var Slysavarnarfélaginu. Einnig las hann upp svarbréf frá Henrí Hálfdánarsyni um björgunarríffilinn, og verð á honum og fleiri skotlínubjörgunartækjum sem um væri að ræða.  
Fundargerðin var þar næst lesin upp og samþykkt. Þá var lesin upp síðasta fundargerð og samþykkt.
2. Ársæll Sveinsson sagði frá störfum F.F.S.Í.-þingsins.  
Helstu mál, sem okkar þingmenn Ársæll og Páll unnu að voru hafnar- og vitamál, svo sem lögn rafmagnsjarðkapals í Stórhöfðavitann.  
Þá sagði hann að lausn myndi fengin á að hafa fyrirferðarlítill björgunartæki í mótorbáta, og væru það gúmmíbátar, sem væru blásnir upp og hefðu sýnishorn, 3 stykki verið til hjá setuliðseignum ríkisins og hefði hann ásamt fleirum fengið að skoða þá og hefði mönnum litist mjög vel á þá, og væri 1. gúmmíbáturinn þegar keyptur hingað í plássíð.  
Ársæll lét mjög vel af förlinni á þingið og skoraði hann á félagið Verðanda að láta ætíð fara þangað fulltrúa meðan við værum þar hluthafar.
3. Formaður þakkaði Ársæli ferðina.
4. Sighvatur Bjarnason kvaddi sér hljóðs og sagðist hafa minnst á gúmmíbjörgunarbát hér fyrir 4 árum, sem öryggistæki í fiskibátana hér, en ekkert hefði orðið úr framkvæmdum.  
Björgvin Jónsson stóð næstur upp og sagðist hafa átt tal við Runólf Jóhannsson sem ríkisskoðunarmann um björgunarbát um þessar mundir og hefði Runólfur þá átt tal um þessi mál við Ólaf Sveinsson, en Ólafur talið þar öll vankvæði á, þar sem þetta væri ekki orðið að landslögum, og málið þar með svæft.  
Margir tóku til máls um öryggismálin.  
Guðjón Valdason vakti máls á því, að björgunartækin væru ekki í, sem bestu lagi.  
Ársæll taldi að þörf væri á að endurskipuleggja alla björgunarstarfsemi hér og fá hana í fastara form og benti hann á að heppilegt væri að fá Jón Lóðs og Bergstein hafnarvörð til að hafa framkvæmdir í þessum málum.  
Jón Ben taldi heppilegt að Slysavarnarfélagið Eykyndill, ásamt fastri björgunarnefnd frá gamla Björgunarfélaginu hér, þó máttlaust væri, sæju um framkvæmdir.  
Formaður sagði að það væri ekki vansalaust fyrir byggðarlagið að hér skyldi ekki vera til starfandi slysavarnakarladeild eins og í flestum öðrum sjávarplássum, og skoraði hann á Ársæl Sveinsson, að koma þessu máli í framkvæmd, og reyna að fá þá Jón Lóðs og Bergstein hafnarvörð, til að taka þetta að sér, og lofaði Ársæll því.
5. Júlíus Sigurðsson talaði því næst um væntanlega kjarasamninga og skýrði þá í ýmsum atriðum. Sömuleiðis sagði hann okkur frá fyrstu samtölum samninganefndanna og skoraði hann á félagsmenn að láta álit sitt í ljós um þá og eins hve víðtæk völd þeir mættu hafa til samningsgerða.  
Jóhann Pálsson sagðist vilja fá það inn í samningana, að allir starfandi skipstjórar og stýrimenn, sem hér væru búsettir, yrðu að gerast félagar í Verðanda.  
Björgvin Jónsson gerði þá fyrirspurn hvort menn með 30 tonna próf, fengju inntöku í félagið og var það jákvætt.

Sighvatur bað menn athuga að nú væru allir samningar lausir og lagði hann til að samninganefndinni yrði gefið fullt umboð.

Eyjólfur Gíslason lagði fram svohljóðandi tillögu:

"Fundurinn samþykkir að gefa samninganefndinni fullt umboð til samningagerða fyrir félagið."

Tillagan var borin upp og samþykkt með 18 atkvæðum.

6. Ársæll vakti máls á því að nauðsynlegt væri að hafa hér í bænum áttavitaafréttngarmann sem væri hér búsettur. Stjórninni var falið að leita sér upplýsinga í málinu.

7. Þá var skemmtinefnd þakkað fyrir gott starf og framkvæmdir, og skorað á hana að halda áfram í sama dúr, en hún baðst lausnar og sagði af sér með öllu að seta lengur.

Var þá kosin ný skemmtinefnd og hlutu þessi menn kosningu:

Bjarni Jónsson

Helgi Bergvinsson

og Sveinbjörn Hjartarson

8. Eiríkur Jónsson tók þar næst til máls og skoraði hann á félagsmenn að kynna sér og læra vel lífgunaraðferðir.

Máli sínu til stuðnings sagði hann frá tilfelli sem átti sér stað hér kveldinu áður og taldi víst að það hefði munað mannlífi, ef ekki hefði verið þar viðstaddur maður með fullri kunnáttu í lífgunartilraunum. Samþykkt var að reyna að fá Friðrik Ésson til að kenna reglurnar.

Eiríkur Jónsson kom þar næst með uppástungu, að vel ætti við að gleðja ekkju Brynjólfs Guðlaugssonar nú um jólin, þar sem hann hefði verið okkar félagi. Samþykkt var að gefa henni (kr 1000) eitt þúsund krónur, úr styrktarsjóð félagsins.

9. Sighvatur Bjarnason vakti máls á því að góður siður yrði upptekinn ef sem allra flestir hugsuðu um að hafa til vara einhvern matarforða í hverjum bát á vertíðinni, og gerðu menn góðan kór að því.

10. Sveinbjörn Hjartarson taldi að hyggja þyrfti að kappróðrabátaskýlinu, því myndi nú stafa hætta af sjávarhækkun, vegna sanduppgrafter í höfninni. Sjómannadagsráði var falið að athuga málið og velja bátaskýlinu annan stað.

Fleira ekki fyrir tekið.

26 félagar á fundi.

Fundi slitið kl. 11:30.

Eyjólfur Gíslason, vararitari.

## 72. fundur.

Aðalfundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 í Samkomuhúsinu 24. janúar 1951.

1. Formaður félagsins Jóhann Pálsson setti fundinn með því að minnast með nokkrum orðum á helstu viðfangsefni félagsins á s.l. starfsári, og bað því næst ritara að lesa upp fundargjörð síðasta fundar.

Eftir lestur fundargerðarinnar kvaddi ritari sér hljóðs og mótmælti ummælum Björgvins Jónssonar sem talið er að átt hefðu sér stað fyrir fjórum árum millum hans og Ólafs Sveinssonar varðandi gúmmibjörgunarbát. Sagði hann að samtal það sem um hefði verið að ræða hefði farið fram millum manns sem hér var á vegum slysavarnamála, og hefði kynnt sér þessi mál, eða þessi tæki á björgunarstöðvum vestanhafs, og hefði hann ekki talið heppilegt að hafa gúmmibáta um borð á mótorbátum vegna þess að geymsla þeirra væri vandmeðfarin. Sagði ritari einnig að hér hefði verið um eftirgrennslum að ræða í sambandi við uppástungu Sighvatar Bjarnasonar varðandi gúmmibáta, en það væri fyrst nú að krafist væri björgunarbáts, eða fleka í landróðrabáta og las því næst upp bréf frá skoðunarstjóra dags 14. október 1950 og sem sent hafði verið til allra útgerðarmanna hér, nú fyrir s.l. áramót, varðandi þessi öryggistæki.

Að þessu athuguðu og leiðréttu var fundargerðin borin upp og samþykkt.

2. Gjaldkeri las upp endurskoðaða reikninga félagsins.

Sótt var um inntöku fjögurra nýrra félaga, þeirra:

Kristins Pálssonar  
Júlíusar Hallgrímssonar  
Adólfs Magnússonar  
og Hilmars Rósmundssonar

Voru þeir bornir undir atkvæði og samþykktir í einu hljóði.

3. Gjaldkeri Ólafur Sigurðsson las upp endurskoðaða reikninga félagsins, voru þeir bornir undir atkvæði og samþykktir.

Gjaldkeri gat þess að gjöldin hefðu yfirleitt greiðst vel en sér væri það sérstök ánægja hvað styrktarsjóðurinn hefði vaxið á s.l. ári, eða um annað eins og hin árin samanlegt. Las hann því næst upp nöfn þeirra er í sjóðinn hefðu lagt á síðasta ári og þakkaði fyrir hönd sjóðsins.

4. Formaður kvaddi sér hljóðs, og bað um, að nefndur væri maður í formannssæti, fyrir næsta kjörtímabil. Stungið var uppá Jóhanni Pálssyni.

Sighvatur Bjarnason stakk uppá að stjórnin ásamt varamönnum yrði endurkosin í einu lagi, þetta var samþykkt með allsherjar lófaklappi.

Stjórnina skipa því þessir menn:

Formaður Jóhann Pálsson  
til vara Júlíus Sigurðsson

Gjaldkeri Ólafur Sigurðsson  
til vara Emil Andersen

Ritari Runólfur Jóhannsson  
til vara Eyjólfur Gíslason

5. Gjaldkeri stóð því næst upp og sló fram gamanyrðum þess efnis að vart hefðu félagsmenn endurkosið stjórnina svona fljótt ef þeir hefðu vitað hvað hún hefði haft í hyggju, en það væri hækkun

árgjalda, skýrði hann í þessu sambandi frá útgjaldaliðum og taldi að hækkun yrði að eiga sér stað að einhverju leyti á árgjöldunum og stakk uppá að gjald af starfandi skipstjóra yrði hækkað í kr. 100 en af stýrimanni 70,00 kr.

Þetta gjald töldu sumir of hátt, og komu fram raddir um að ekki mátti stilla gjöldum það hátt að menn fældust frá félaginu.

Þá kom fram uppástunga um að gjöldin yrðu 80,00 kr. á skipstjórum, 63 kr. á stýrimönnum, en óbreytt eða 38 kr. á styrktarfélögum.

Að loknum umræðum um árgjöldin fór fram atkvæðagreiðsla og voru gjöldin samþykkt sem hér segir:

Fyrir starfandi skipstjóra	kr. 80
stýrimenn	kr. 63
styrktarmeðlimi	kr. 38

Gjaldkeri kom því næst fram með leiðréttingu gagnvart varagjaldkera og bað menn að stinga uppá einhverjum í stað þess sem verið hefði áður, en farinn væri úr plássinu.

Stungið var uppá: Kristni Pálssyni og Emil Andersen og hlutu þeir jöfn atkvæði eða 14 hvor. Var þá varpað hlutkosti og kom hlutur Emils Andersen og er hann því rétt kjörinn varagjaldkeri.

Úr sjómannadagsráði voru tveir menn dregnir út, samkvæmt félagslögum, og voru það Sveinbjörn Hjartarson og Júlíus Sigurðsson, en voru báðir endurkosnir og eru því sömu menn þar og áður og skipa því eftirtaldir menn sæti í sjómannadagsráði fyrir félagsins hönd:

Júlíus Sigurðsson  
Helgi Bergvinsson  
Einar Jóhannsson  
Einar Guðmundsson  
Sveinbjörn Hjartarson

til vara: Óskar Ólafsson  
Eyjólfur Gíslason

Gæslunefnd fiskiveiðasamþykktarinnar.

Í hana voru þessir menn kosnir:

Jóhann Pálsson  
Óskar Ólafsson  
Júlíus Sigurðsson  
Óskar Matthíasson  
Einar Jóhannsson  
Kristinn Sigurðsson  
Kristinn Magnússon  
Jón Guðmundsson  
Ólafur Sigurðsson

Veiðarfæranefndin var endurkosin, en hana skipa þessir menn:

Jón Guðmundsson  
Jóhann Pálsson  
Sigfús Guðmundsson

Í björgunaræfinganevnd voru þessir menn kosnir:

Sighvatur Bjarnason  
Einar Jóhannsson  
Þorgeir Jóelsson  
Kristinn Sigurðsson  
Kristinn Pálsson  
Friðgeir Guðmundsson

Í "millipinganefnd" í hafnarmálum, voru þessir menn kosnir:

Guðmundur Vigfússon  
Þorgeir Jónsson  
Stefán Guðlaugsson

Í skemmtinefnd voru kosnir:

Helgi Bergvinsson  
Bjarni Jónsson  
Sveinbjörn Hjartarson

Í ægisnefnd voru kosnir:

Sighvatur Bjarnason  
Júlíus Sigurðsson  
Jón Guðmundsson

(Ahs. ritara. 32 menn í nefndum.)

6. Að öllum þessum nefndarkosningum afstöðnum kvaddi formaður sér hljóðs, og talaði um þann undanþágufaraldur sem mikil brögð væru að og vandræði þau sem af honum leiddi.

Margir fleiri tóku til máls og voru fleiri með en móti að nauðsynlegt væri að stemma stigu við þessu ástandi á einhvern hátt.

Í þessu sambandi upplýsti Páll Þorbjörnsson að það tæki um 6 vikur að læra til hlítar undir 30 sml. prófið.

Frá Sighvati Bjarnasyni kom fram eftirfarandi tillaga:

"Fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 24/1 1951, samþykkir að mæla ekki með undanþágum meir."

Um tillögu þessa var talsvert rætt og voru menn ýmist með eða móti þessum aðgerðum sem í tillögunni fólust.

Að umræðunum loknum var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæða meirihluta.

Þá var sýndur uppdráttur eftir Ólaf Gränz, svokallað sjómannstákn er til mála hefði komið að reisa hjá Útvegsbankanum hér í Eyjum.

Framkvæmdum varðandi táknmynd þessa var vísað til sjómannadagsráðs.

7. Páll Þorbjörnsson hóf máls á því að nauðsynlegt væri að fjölgað væri starfsmönnum við hlustvörð hér á stöðinni. Lagði hann fram eftirfarandi tillögu sem var lesin upp og samþykkt:

"Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi felur stjórn sinni að vinna að því að fjölgað verði starfsmönnum á stöðinni, svo hægt verði að halda uppi fullkominni og óslitinni þjónustu við loftskeyta og talstöðvar allan sólarhringinn.

Telur fundurinn ótækt að símastúlkur séu látnar annast tækin í hjáverkum á matmálistímum og á kvöldin milli kl. 9 og 11."

8. Júlíus Sigurðsson talaði um væntanleg hlunnindi er þetta félag nyti þegar Alþýðuhúsið yrði komið í nothæft stand, og hefði þetta félag sömu réttindi í næstu 3 ár til fundarhalda og þau félög sem að framkvæmdum þessum standa með endurreisu Alþýðuhússins.

9. Miðunarstöðin á Stórhöfða kom til umræðna og upplýsti Páll Þorbjörnsson að í ljós hefði komið að hún væri alls ekki örugg, og væri t.d. um mjög mikla skekkju að ræða á NV-áttinni.

Varaði hann formenn við því að treysta henni um of á meðan skekkjan væri ekki að fullu rannsökuð. Fleiri tóku til máls varðandi þetta, og kom mönnum saman um að nauðsynlegt væri þegar

farið væri að róa, að biðja um miðun í góðu veðri til þess að betur væri hægt að átta sig á, hvar eða á hvaða svæði aðalskekkjan væri helst.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.



### 73. fundur.

## Fimmtudaginn 29. mars 1951 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 e.h. í Akógeshúsinu.

1. Formaður félagsins setti fundinn og skýrði frá tildraganda hans, en hann væri vegna verðfellingar á tveggja nóttu netafiski úr djúpi, sem þó undangengin ár, hefði ávallt verið í sama verðflokki og næturgamall fiskur, og væri þetta gert samtímis því sem fiskvinnslustöðvarnar hér framkvæmdu vítaverða verkunaraðferð á fiskinum.

Að loknum þessum orðum formanns var fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

2. Umræður um fiskimatið og fiskverkunaraðferð hófust hér næst. Þrem fiskimatsmönnum hafði verið boðið að mæta á þessum fundi, þeim Ágústi Þórðarsyni, Helga Benónýssyni og Sigurjóni Sigurðssyni. Tóku þeir allir til máls í sambandi við starf sitt, töldu þeir að á þessari vertíð hefði fiskurinn ragast illa yfirleitt og kenndu þeir því, að nokkru af mikilli átu sem í honum væri og svo einnig af gaggstungum og frárifum.

Í þessu sambandi las Ágúst Þórðarson, en hann er sem kunnugt er yfirfiskimatsmaður hér, upp úr skýrslu yfir nýafstaðna fiskrögun úr þremur stöðum og skýrði frá útkomu hennar en hún var yfirleitt slæm og þótt í einu tilfellinu væri eingöngu um togbátafisk að ræða.

Nú tóku fleiri til máls, og voru sammála um það að þar sem fiskimatsmennirnir teldu átuna sérstaklega skemma fiskinn, þá væri tímabært að stemma stigu við þeirri óverkum sem fiskverkunarstöðvarnar viðhefðu, en hún væri sú að láta fiskinn liggja óvigtaðan og óinnanífarinn frá kvöldi og framá næsta dag og hlyti þetta að vera brot á fiskimatslöggjöfinni.

Svo virtist sem fiskröguninni væri aðallega beitt gegn sjómönnunum og á kostnað þeirra, en eftir að aflinn væri kominn í land virtist svo sem vald fiskimatsins væri úr sögunni og virtist þá eitt gilda hvernig með fiskinn væri farið.

Um þetta urðu ákveðnar og fjörugar umræður en að þeim loknum var eftirfarandi tillaga borin upp og samþykkt í einu hljóði:

"Fundurinn mótmælir harðlega þeirri verðfellingu sem sett hefur verið á tveggja náttu netjafisk úr djúpi, þar sem hann ávallt, undangengnar vertíðir, hefur verið keyptur á sama verði og næturgamall netjafiskur.

Einnig mótmælir fundurinn því algjörlega að fiskur sem tekinn er til verkunar á fiskvinnslustöðvum hér, sé látinn liggja óvigtaður og óaðgerður yfir nótt, og framá næsta dag, og telur þetta algert brot á fiskimatslöggjöfinni og framleiðslunni til stórtjóns.

Það er einnig einróma samþykki fundarins að verði þessu ekki svarað og að fullu kippt í lag, að sex sólarhringum liðnum frá samþykki þessarar tillögu, verði róðrar stöðvaðir og veiðarfærin flutt í land."

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 74. fundur.

### Sunnudaginn 20. maí 1951 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 2:30 e.h. í Samkomuhúsi Vestmannaeyja.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
2. Formaður tók næstur til máls, og talaði á víð og dreif um s.l. vertíð. Minntist hann í því sambandi tveggja manna sem drukknað hefðu í vetur hér við Vestmannaeyjar.
3. Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls. Taldi hann, að aðallega væru það tvö mál sem hann vildi minnst á, sérstaklega, en það væru aðkomubátarnir, sem hér væru farnir að hafa bækistöð, en hitt málið væri netjagæsflan eða tilhögun með eftirlitsskipin, sem hér ættu að passa netjasvæðið að vetrinum.

Um þetta mál tóku nokkrir til máls og voru sammála um að um þetta yrðu menn að standa vel á verði, bæði að svara þeim blaðgreinum sem birtast kynnu um þessi mál eins og þau skrif sem birtust s.l. vetur frá togaraskipstjóra og fleirum.

Og eins því, að þeir togarar, eða þau skip sem sýndu af sér yfirgang eða skemmdarstarfsemi í veiðarfærum Eyjabóta yrðu látnir sæta ábyrgð gjörða sinna.

Í þessum umræðum, sem voru á víð og dreif hóf Páll Þorbjörnsson máls á því að nauðsynlegt væri að fá kennslu í stýrimannafræði inn í plássið því eins og nú væri ástætt að sækja yrði það til Reykjavíkur, væri flestum ofvaxið kostnaðarlega, þar sem áætla mætti að námið kæmi til með að kosta um 20.000 kr. og tæki 1 og 1/2 vetur. Þetta leiddi til þess, að undanþágur væru orðnar ískyggilega á yfirmönnum eða stýrimönnum á bátum hér, og lítið bættist við af skipstjóraefnum með fullum réttindum, og ef ekki yrði neitt aðhafst til úrbóta í þessu efni væri ekki annað sjáanlegt en að stéttin smá fjaraði út.

Fleiri tóku til máls í þessu sambandi og voru allir málshefjanda sammála um bráðaúrlausn þessa vandamáls, eða helst það að fá kennsluna í aðalatriðum inn í plássið en þurfa ekki að sækja hana til Reykjavíkur.

Ritari félagsins skýrði frá því að minnisterki drukknaðra og fjallhrapaðra manna við Vestmannaeyjar væri nú verið að steypa og væri búið að greiða héðan eða úr minnisterkissjóðnum kr. 34.000,00 til Guðmundar Einarssonar myndagerðamanns, en í sjóðnum væri eftir upphæð sem nægja mundi uppí kostnað myndastyttunnar, eða því sem greiða yrði úr plássinu en þá væri eftir kostnaður við fótstallsgerð og að ganga frá minnisterkinu, en úr því mundi vonandi rætast er þar að kæmi.

Ýmislegt fleira var til umræðna en þó aðallega í sambandi við væntanlegan sjómannaþag, án þess þó að neinar sérstakar samþykktir færu fram.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 75. fundur.

### Sunnudaginn 27. maí 1951 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 5 e.h. í Verkamannaskýlinu.

1. Sótt var um inntöku þriggja nýrra félaga, þeirra Sigurðar Þórðarsonar, Halldórs Ágústssonar og Páls Gíslasonar.

Inntaka þessara manna, var borin undir atkvæði og samþykkt mótatkvæðalaust.

2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.

3. Formaður hóf máls á því, að þessi fundur væri sérstaklega boðaður vegna sérstaks málefnis, vegna eins meðlims félagsins.

Í aðalatriðum væru þessu þannig háttað, að Helgi Bergvinsson hefði farið þess á leit, að félagið tæki að sér uppgjör fyrir sína hönd, á ógreiddum vinnulaunum, orlofspeningum o. f.l. hjá Helga Benidiktssyni útgerðarmanni hér.

Jóhann kvað stjórnina hafa tekið þessu á þann veg, að tala við Helga Benidiktsson í sambandi við uppgjör þetta.

Lýsti hann fyrir fundarmönnum samtali þessu, við Helga Benidiktsson, og skýrði einnig frá því, að það hefði engan árangur borið. En gagnvart því að félagið færi að taka að sér málarekstur í þessu sambandi gæti hún ekki svarað öðru til en því að fá ákvörðun eða samþykkt innan félagsins á félagsfundi og það hann því næst fundarmenn að láta álit sitt koma sem best í ljós.

Um þetta mál urðu talsverðar umræður, og kom fljótlega í ljós að menn voru hlyntir því að félagið tæki að sér uppgjör þetta, eða málarekstur, ef samkomulag næðist ekki með friðsamlegum hætti. Að loknum umræðum var eftirfarandi tillaga lesin upp. Fundurinn samþykkir að taka að sér uppgjör fyrir Helga Bergvinsson, við fyrrverandi útgerðarmanns hans Helga Benidiktsson, og ef samkomulag ekki næst að taka að sér málarekstur og greiða til að byrja með allan kostnað í því sambandi.

Að loknum lestri þessarar tillögu fór fram leynileg atkvæðagreiðsla og fóru atkvæðin á þessa leið:

Já sögðu 27, nei sögðu 2, auðir voru 2.

Tillagan var því samþykkt, með 25 atkvæða meirihluta.

Að lokinni þessari atkvæðagreiðslu voru umræður á víð og dreif, fundurinn var vel sóttur og fór vel og skipulega fram.

Þess skal getið að Sveinbjörn Hjartar gaf 200 krónur í styrktarsjóð félagsins.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 76. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 10. október 1951 og hófst hann kl. 8:30 e.m. í Verkamannaskýlinu.

1. Sótt var um inntöku nýs félaga, Rafns Kristjánssonar, Höfða V.E. Inntökubeiðnin var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.  
Þá var einnig lesin upp úrsögn Ragnars Helgasonar, Brimhólabraut, úr félaginu á þeim forsendum að hann væri hættur að stunda sjóróðra.
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt.
3. Formaður félagsins tók til umræðna veðurathugunarstöðvar þær, sem næst lágu Vestmannaeyjum og taldi að þær mundu ekki rétt settar bæði á Dyrhólum og Kirkjubæjarklaustri og gætu af þeim ástæðum haft villandi áhrif á veðurfréttir eða veðurspár, hér við Eyjar. Þá taldi hann einnig að of langt væri héðan og að veðurathugunarstöðinni á Reykjanesi og nauðsyn bæri til að veðurathugun færi fram í námunda við Knarrarósvitann.  
Um þetta urðu nokkrar umræður á víð og dreif og var talið nauðsynlegt að þeir menn sem kosnir yrðu á n.k. þing formanna- og fiskimanna reifuðu málið þar og ynnu að bótum þess á einhvern hátt.  
Rætt var áframhaldandi um ýmisleg mál, t.d. upplýsti félagsformaður að búið væri að greiða úr félagssjóði kr. 1000 til lögfræðings þess, sem tekið hefði að sér uppgjör, eða málarekstur fyrir félagið vegna eins meðlims þess, Helga Bergvinssonar.  
Rætt var um sóðaskap innanhafnar vegna grútarrennslis í höfnina frá lifrar- og síldarvinnslustöðvum hér og hver bót yrði á því ráðin. Þær upplýsingar fengust í þessu sambandi að ákveðið væri að leggja rör inn á Eiði á n.k. vetri og yrði þessum lýsisúrgang síðan dælt innfyri.
4. Björgunarbátar komu næst til umræðna og virtust menn almennt telja gúmmibátana heppilegasta, aðallega vegna þess hve lítið pláss þeir tækju um borð í bátunum og einnig var þeim talið fleira til ágætis fram yfir ?? trébáta. En vegna upplýsinga frá skipaskoðunarstjóra um að samþykkt hefði verið í Siglingamálaráðuneytinu að leyfðir skyldu gúmmibátar á fiskibátum, 50 lesta og minni, en ekki á fiskibátum er væru yfir 50 rúmlestir, var að umræðum loknum borin upp og samþykkt eftirfarandi tillaga:  
"Fundur haldinn í Skipstjóra og stýrimannafélaginu Verðandi þann 10. október 1950, beinir eindregið þeirri áskorun til skipaskoðunarstjóra að fullkomin heimild fáiast fyrir því að heimilt sé að nota gúmmilíf báta í fiskibátum hér við Vestmannaeyjar 70 sml. og þar undir.  
Einnig var stjórn félagsins falið að skrifa útvegsbændafélaginu hér og hvetja þá til raunhæfra aðgerða með útvegum gúmmibáta fyrir n.k. vetravertíð.
5. Lesið var upp bréf frá F.F.S.Í. varðandi framlengingu kaup- og kjarasamnings millum F.F.S.Í. annarsvegar L.Í.Ú. hinsvegar, sem gjörður var 28. desember 1950 og er bréf þetta dagsett 13. júlí þ.á., en fylgibréfið 23. ágúst þ.á. Í þessum bréfum er einnig minnst á verðlagsuppbót þá sem lögfest hefur verið, og gildir frá 1. júní þ.á., á kauptryggingu, mánaðarkaup, og tímakaup.
6. Rætt var um hafnarmál, og þá örðugleika með bátana hér innanhafnar í vondum veðrum, bæði vegna ónógs legu eða bryggjupláss, með tilliti til þess mikla út- og innstraums eða sogadráttar, aðallega í hinni svonefndu Friðarhöfn.  
Eiðisbaujan komst einnig til umræðna og var talið hættulegt að láta hana liggja fyrir innan, ljósloausa eins og hún hefði verið nú um nokkurn tíma.  
Um þessi atriði taldi fundurinn heppilegast að kjósa nefnd manna sem ræða skyldi við hafnarnefndina þessum málum til úrbóta.

Í nefnd þessa voru kosnir:  
Jóhann Pálsson  
Oddur Sigurðsson  
og Guðmundur Vigfússon.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

Ahs. Að fundi loknum, sýndi Eiríkur Jónsson nýja gerð neyðarblysa. Kveikti hann á einu fyrir neðan skýlið. Sýndi það rauðan skæran eldblossa, sem logaði nokkra stund og skaut upp tveimur rauðum ljóskúlum með dálitlu millibili.

Runólfur Jóhannsson.

## 77. fundur.

Laugardaginn 8. desember 1951 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt.

2. Varaformaður Júlíus Sigurðsson las upp bréf til félagsins frá F.F.S.Í.

Í bréfi þessu er þess farið á leit, að gerð verði athugun á því, hvort menn innan þessa félags hafi áhuga á að endurreisa Öldunginn, en til þess þarf samþykki Alþingis.

Í bréfi þessu var einnig minnst á virðingarleysi það sem mjög víða gætti hjá skipstjórnamönnum varðandi meðferð þjóðfánans, ásamt fleiru.

Um réttindamálið var talsvert rætt, og þótti á því sviði horfa til vandræða, ef ekki fengist úr bætt. Sérstaklega þótti mönnum nauðsyn á, að aftur yrði tekin upp kennsla í kaupstöðum landsins í siglingarfræði (púngaprófið) eins og áður tíðkaðist.

Að umræðum loknum var kosin þriggja manna nefnd er skila skyldi álitu sínu fyrir næsta fund varðandi réttindamálið.

Í nefndina voru kosnir:

Páll Þorbjörnsson  
Ólafur Sigurðsson  
og Einar Runólfsson

3. Ritari félagsins las upp bréf þau sem stjórninni var falið að skrifa til Útvegsbændafélagsins hér og skipaskoðunarstjóra, varðandi gúmmílífþáta í fiskibátum allt að 70 rúmlesta, en á síðasta fundi var samþykkt tillaga þess efnis að skora á skipaskoðunarstjóra að veita samþykki um notkun þessara báta, og einnig að hvetja útgerðarmenn til raunhæfra aðgerða.

Í þessu sambandi upplýsti Eiríkur Jónsson að allir bátseigendur báta, yfir 20 sml., hefðu pantað báta þessa að 3 undanskyldum, en svo hefðu einnig verið pantaðir gúmmíbátar á 3 báta undir 20 rúmlestum. Kvað Eiríkur þó þann vanda vera á, að greiðslutryggingar bátseigenda gengju seint og gæti þetta tafið fyrir því, að bátarnir kæmu í tíma fyrir þessa vertíð.

4. Til umræðna kom hvort haldið skyldi félagsafmæli að þessu sinni, en það hefur um nokkur ár legið niðri. Minnst var á í þessu sambandi hvort ekki væri rétt að athuga möguleika á því, að þetta félag og Vélstjórafélag Vestmannaeyja héldu þetta sameiginlega, eins og gert var í nokkur skipti áður.

Um þetta atriði urðu menn þó ekki sammála en þó var að umræðum loknum kosin afmælisnefnd en hana skipa Óskar Ólafsson, Sveinbjörn Hjartarson, Arnoddur Gunnlaugsson, Bjarni Jónsson og Helgi Bergvinsson.

5. Ýmisleg mál:

Ólafur Sigurðsson minnti á styrktarsjóð félagsins og sagði að mönnum gæfist vel að heita á hann og hefði einn maður gefið í dag 1000 krónur.

Páll Þorbjörnsson minnti menn á að koma til sín í tíma kompásnum sem endurbæta þyrfti. Í þessu sambandi kvaðst Eiríkur Jónsson vera reiðubúinn að greiða fyrir þessu og taka á móti þeim kompásnum er senda þyrfti til Reykjavíkur og skyldi hann sjá um þetta mönnum að kostnaðarlausu.

Einar Jóhannesson upplýsti að s.l. sunnudag hefðu björgunartæki þau verið reynd í fyrsta sinn sem félagið hefði komið upp til æfinga fyrir félagsmenn, en tillaga þess efnis var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 15. janúar 1950.

Guðjón Valdason stakk upp á því að Björgunartæki Vestmannaeyja yrði endurreist eða starfaða með líkum hætti og það áður gerði. Fleiri tóku undir þetta þ.á.m. Eiríkur Jónsson, og var

auðheyrt að menn báru hlýjan hug til Björgunarfélagsins og Ársæls Sveinssonar í því sambandi en hann hefur verið sem kunnugt er einn þess mesti starfsmaður frá byrjun.

Júlíus Sigurðsson minntist á varðgæsluna, sýnlegt að vinna að því að varðskip fylgdi bátafлотanum daglega á miðin með líkum hætti og ætti sér stað í Faxabugt. Fleiri tóku til máls um þetta, og voru sammála málshefjanda.

Ahs. Í fundarbyrjun var nýr félagi tekinn inn í félagið, Markús Jónsson, Ármóti.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 78. fundur.

### Sunnudaginn 16. desember 1951 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 2 í Verkamannaskýlinu.

Varaformaður, Júlíus Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.  
Ritari var ekki mættur.

1. Páll Þorbjörnsson tók fyrstur til máls, og skýrði frá, fyrir hönd þeirra nefndar er kosin var á síðasta fundi, og þeim tillögum, sem hún hafði komið sér saman um. Las því næst upp langa og glöggva greinargerð, gagnvart smáskipaskipstjóraréttindum 30 til 150 lesta, hvernig kennslu skyldi hagað og svo framvegis.

Ársæll Sveinsson, lýsti ánægju sinni yfir þessum málum, og óskaði að hún, þessi greinargerð, næði fram að ganga, og kvaðst leggja henni allt sitt liðsinni.

Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls, og kvað sig einnig þessum málum fylgjandi, þó greinargerðin væri nokkuð á annan veg, en áður hefði verið samþykkt í þessu félagi.

Páll Þorbjörnsson talaði því næst með þessu máli og upplýsti hvaða leiðir þessi greinargerð yrði að fara, til að öðlast gildi.

Ólafur Sigurðsson sagði að hann hefði hreyft þessu máli á síðasta Bataábyrgðarfélagsfundi, því hann álti að slík félög væri mjög sterkir aðilar að slíkum málum.

Varaformaður þakkaði nefndinni því næst vel unnin störf og taldi að greinargerðinni yrði að fylgja fram með fullri festu.

Páll Þorbjörnsson sagði að það myndi hafa mikla þýðingu fyrir framgang þessa máls, að öll stéttarfélög sjómanna í þessu plássi, fylgdu því fast eftir.

Þar næst var greinargerðin borin upp til samþykktar og var hún samþykkt mótatkvæðalaust. Því næst var samþykkt að nefndin og félagsstjórnin ynni áfram, að þessum málum.

2. Ólafur Sigurðsson sagði þar næst frá gjöf, 1000 krónur, sem styrktarsjóðurinn hefði fengið frá eigendum vélbátsins Guðrúnar.

Um styrktarsjóðinn var nokkuð rætt, og kom mönnum saman um að sjóðurinn myndi vera betri til áheita, enn nokkur "Strandakirkja" þeim sem ætluðu sér að verða aflakóngar á vertíðunum.

Þar næst var samþykkt að gefa ekkjunni Rósu Stefánsdóttir kr. 500 nú fyrir jólin, úr styrktarsjóðnum.

3. Ársæll Sveinsson sagði því næst frá komu sinni á F.F.S.Í.-þingið síðasta daginn sem það starfaði og því sem þar hefði gerst. Þar næst sagði hann frá viðtali við Emil vitamálastjóra um hafnarmálin hér, og að mjög bráðlega yrði stækkað eða magnað ljósið á Stórhöfðavitanum. Einnig hefði það komið til umræðu á Formannasambandsþinginu að setja bráðlega ljósvita á Geirfuglasker.

Þá sagði hann einnig frá viðtali við Pétur sjóliðsforingja gagnvart miðunarstöðinni hér í Stórhöfða, að hún væri gagnslítill eins og væri og jafnvel villandi og ónothæf.

Því næst tóku margir til máls um miðunarstöðina og bryggjuplássin og hafnarmálin hér. Var skorað á þá þriggja manna nefnd sem kosin var hér í félaginu í haust, til að tala við hafnarnefnd um sprengingu klapparinnar vestan við Básaskersbryggjuna, að halda áfram störfum því ekkert hefði enþá verið byrjað á því verki.

4. Einar Jóhannsson minntist á björgunarnefndina, sem kosin hefði verið í þessu félagi.

Ársæll sagði að hressa þyrfti uppá gamla Björgunarfélagið með fjölmönnum fundi og kjósa þyrfti þá nýja kröftuga stjórn, en nafninu vildi hann ekki að yrði breytt, láta það heita áfram Björgunarfélag Vestmannaeyja, því við það nafn væru margar kærar minningar tengdar.

Varaformaður þakkaði Ársæli allan áhuga og framkvæmdir í starfinu.



## Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi 1944 - 1955

Því næst sagði Júlíus frá hugmynd að björgunarbát hér innanhafnar og fullkomnari hafnarsögumannsbát, og urðu umræður um þessi mál en engar tillögur.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 4:20.

Eyjólfur Gíslason, vararitari.

## 79. fundur.

Fimmtudaginn 3. janúar 1952 var aðalfundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 e.h. í Samkomuhúsinu.

1. Lesnar upp fundargjörðir tveggja síðustu funda, þær hvor um sig, bornar undir atkvæði og samþykktar mótatkvæðalaust.
2. Formaður félagsins Jóhann Pálsson minntist starfa félagsins á síðastliðnu starfsári, og lýsti ánægju sinni yfir því að margt hefði vonum betur áunnist á árinu. Hefðu 10 nýjir félagar bætst í félagið og 7 fundir verið haldnir, sérstaklega minntist hann styrktarsjóðsins og þakkaði gjafir þær sem honum hefðu borist og væri hann nú bráðlegi það fjársterkur að ekki mundi þess langt að bíða að farið yrði að veita styrki úr honum, í samræmi við þ.a.l. ákvæði og reglugjörð.
3. Gjaldkeri félagsins Ólafur Sigurðsson las upp endurskoðaða reikninga styrktarsjóðsins, voru þeir síðan bornir undir atkvæði og samþykktir. Las hann því næst upp endurskoðaða reikninga félagsins, þeir síðan bornir undir atkvæði og samþykktir mótatkvæðalaust.

4. Beðið var um uppástungur á manni í formannssæti. Var stungið uppá þessum mönnum:  
Jóhanni Pálssyni  
Guðmundi Vigfússyni  
Júlíusi Sigurðssyni  
Sigurgeir Ólafssyni  
og Gísla Magnússyni  
Kosningin fór þannig að Júlíus Sigurðsson var kosinn með 20 atkvæðum, Jóhann Pálsson fékk 14 atkvæði og er hann því varaformaður.  
Guðmundur Vigfússon fékk 11  
Sigurgeir Ólafsson 2  
Gísli Magnússon 2

Í gjaldkerasæti var stungið uppá Bjarna Jónssyni, Ólafi Sigurðssyni og Júlíusi Hallgrímssyni. Kosningin fór þannig að Bjarni Jónsson fékk 40 atkvæði og er því rétt kjörinn gjaldkeri. Ólafur Sigurðsson 6, varagjaldkeri og Júlíus Hallgrímsson 3.

Í ritarasæti voru þessir menn tilnefndir:

Guðmundur Vigfússon  
Eyjólfur Gíslason  
og Runólfur Jóhannsson

Kosningin fór þannig að Runólfur Jóhannsson hlaut 29 atkvæði, Eyjólfur Gíslason 17 og Guðmundur Vigfússon 3.

Í sjómannadagsráð voru sömu menn kosnir, en þeir eru:

Júlíus Sigurðsson  
Helgi Bergvinsson  
Einar Jóhannsson  
Einar Guðmundsson  
og Sveinbjörn Hjartarson

Til vara Óskar Ólafsson og Eyjólfur Gíslason.

Tveir menn áttu að dragast út samkvæmt félagslögum, þeir Helgi Bergvinsson og Einar Jóhannsson, en voru báðir endurkosnir.

Gæslunefnd fiskiveiðasamþykktarinnar.

Í hana voru þessir menn kosnir:

Jóhann Pálsson  
Óskar Ólafsson  
Júlíus Sigurðsson  
Kristinn Sigurðsson  
Kristinn Magnússon  
Jón Guðmundsson  
Ólafur Sigurðsson  
Markús Jónsson  
og Sigfús Guðmundsson

Veiðarfæranefnd var endurkosin og skipa hana þessir menn:

Jón Guðmundsson  
Jóhann Pálsson  
Sigfús Guðmundsson

Björgunaræfingarnefnd endurkosin en hana skipa þessir menn:

Sighvatur Bjarnason  
Einar Jóhannsson  
Þorgeir Jónsson  
Kristinn Sigurðsson  
Kristinn Pálsson  
Friðgeir Guðmundsson

Millipinganevnd í hafnarmálum.

Í hana voru þessir menn kosnir:

Ársæll Sveinsson  
Runólfur Jóhannsson  
Sighvatur Bjarnason

Í skemmtinefnd voru kosnir:

Markús Jónsson  
Sigurgeir Ólafsson  
Júlíus Hallgrímsson

Í Ægisnefnd voru þessir menn kosnir:

Sighvatur Bjarnason  
Júlíus Sigurðsson  
Jón Guðmundsson  
Guðni Grímsson

5. Að nefndarkosningum þessum afstöðnum, kvaddi Ársæll Sveinsson sér hljóðs, og greindi frá viðræðum við Pálma Loftsson varðandi starfsfyrirkomulag varðskipsins Ægis á n.k. vertíð hér.

Óskaði Ársæll þess að fundarmenn létu álit sitt í ljósi um það, hvenær skipið skildi koma hingað og hefja eftirlitsstarfið og einnig hvernig því skyldi hagað yfirleitt.

Um þetta mál málanna sem kalla má með réttu, urðu umræður á víð og dreif.

Júlíus Sigurðsson hélt því fram að nauðsyn bæri til að skipið fylgdi flotanum eftir daglega og mundi hægt með því fyrirkomulagi að bæggja frá togurum sem iðulega eyðilegðu mikið af veiðarfærum eða línu.

Guðmundur Vigfússon áleit að eftirlitsskipin hér við Eyjar þyrftu helst að vera þrjú ef að fullu gagni ættu að verða.

Fleiri tóku einnig hér til máls og að umræðum loknum var þessum málum vísað til ægisnefndar sem skyldi kveða á um þessi atriði í samráði við Ársæl Sveinsson, sem hefur eins og kunnugt er haft framkvæmdir þær á hendi í sambandi við varðgæsluna sem hvert veiðitímabil útheimtar.

6. Sigurður Sigurjónsson tók næstur til máls, og fór þess á leit að sér yrðu veitt meðmæli til skipstjórannarréttinda á bát sínum Þráinn, en til þess vænti hann lítið eitt á siglingatíma.

Um þessa beiðni Sigurðar var lítið eitt rætt, en síðan var hún borin undir atkvæði og samþykkt og stjórninni falið að gefa honum skrifleg meðmæli fyrir hönd félagsmanna.

Eftir að þessi samþykkt var gerð hófust allsnarpar umræður um réttindamálin, og undanþágur. Sighvatur Bjarnason hélt því fram að til lítills væri að samþykkja neitun á undanþágubeiðnum eins og gert hefði verið á síðasta aðalfundi, en bera nú undir atkvæði til samþykktar hliðstæða beiðni. Hann deildi á fráfarandi stjórn, fyrir að hafa tvisvar staðið með slíkum samþykktum þvert ofaní gagnstæða fundarsamþykkt.

Fráfarandi félagsstjórnendur svöruðu þessum ásökum hver fyrir sig og töldu sér m.a. til málsbóta, að þótt samþykkt hefði verið gerð innan félagsins að mæla ekki með undanþágubeiðnum ólærðra manna eins og mjög hefði farið í vöxt, þá taldi hún allt annað viðhorf að mæla með skipstjórarmanni sem tekið hefði próf, og hefði fullan lærdómstíma, en sem máské vantaði lítið eitt á fullan siglingatíma eins og t.d. um væri að ræða gagnvart Sigurði Sigurjónssyni.

Gísli Magnússon tók drjúgan þátt í umræðum um réttindamálið hann hélt því fram að lærdómskerfi okkar Íslendinga væri á ýmsan hátt úrelt orðið og menn yrðu að eyða löngum tíma í að læra það, sem þeir svo aldrei þyrftu á að halda.

Í umræðum sínum vitnaði hann í hinar norðurlandþjóðirnar og það hversu miklu minni kröfur þær gerðu til bóklegrar fræðslu í þessum eignum heldur en Íslendingar. Hann sagði að án þess þó að hann héldi á móti nauðsynlegu bókanámi, yrði reynslan og hinn verklegi skóli haldbestur hverjum og einum.

Þá minntist Gísli á fiskiklak og þær upplýsingar sem Matthías Þórðarson greindi frá í skilnaðarsamsæti fiskifélagsdeildanna í Reykjavík. En þar skýrði Matthías frá 25 ára reynslu Ameríkana, sem héldu því fram að af hinu náttúrlega fiskklaki lifnaði 1%, en af því sem menn hefðu hönd í bakka með, lifnaði 95% og að fiskigengdin við Grænland mundi mikið þeim að þakka.

Gísli kvaðst vilja vekja athygli og áhuga manna fyrir þessu merkilegu máli, og að þeir hefðust handa með raunhæfar aðgerðir strax á komandi vertíð.

Í þessum umræðum tóku fleiri til máls, og einnig komst landhelgismálið lítið eitt til umræðna, og voru fleiri mál ekki fyrir tekin.

Fundinn sátu um 50 félagsmenn og var honum lokið kl. 1 e.h.

Tekin var inn nýr félagi Magnús Pálsson

Runólfur Jóhannsson, ritari.

## 80. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 þriðjudaginn 11. mars 1952 í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt mótatkvæðalaust.
2. Formaður félagsins, Júlíus Sigurðsson, las upp tvö bréf. Annað þeirra var frá þessu félagi til Samgöngumálaráðuneytisins dagsett 11. janúar þ.á. en hitt bréfið var frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu "Bylgjan" á Ísafirði. Voru bæði þessi bréf, eða innihald þeirra varðandi réttindamálin.  
Var lítið eitt um þessi mál rætt að þessu sinni, en ákveðið að bíða með frekari umræður eða ákvarðanir aðrar en þær er áður hafa verið gerðar og nú voru lesnar upp.
3. Sighvatur Bjarnason skýrði frá starfi baujunefndar og minntist einnig á kóða þann sem nú hefði verið samþykktur fyrir fiskiflotann hér, áminnti hann menn um, að gæta nú fullrar þagmælsku á þessu sviði því annars yrði lítið gagn að samþykkt hans.
4. Landhelgismálið kom til umræðna og voru þeir er um þau ræddu sammála um að þessu félagi bæri að stefna að því að hvetja núverandi stjórnarvöld þess, að landhelgi Íslands yrði sem fyrst færð út í samræmi við núverandi Norska landhelgi.  
Tillaga kom fram frá Júlíusi Sigurðssyni þess efnis að landhelgislínan hér Sunnanlands yrði mörkuð 4 mílur útaf Dyrhólaey, Geirfuglaskeri og Geirfuglaskersdrangi, út af Eldey.  
Þessi tillaga var samþykkt og stjórn félagsins síðan falið að skrifa ráðuneytinu þessa félagsamþykkt.  
Á fundinum var tekinn inn nýr félagi, Bernódus Þorkellsson.  
  
Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.  
  
Runólfur Jóhannsson, ritari félagsins.

## 81. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 26. október 1952 og hóst hann kl. 2:30 í Samkomuhúsinu.

1. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.
2. Gísli Eyjólfsson, Bessastöðum, sótti um inntöku í félagið. Inntökubeiðnin var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.
3. Formaður las upp bréf frá F.F.Í. um tilfærslur yfirmanna á skipum. Engar umræður urðu um málið.  
Þar næst minntist formaður á dulmálslykil þann, sem bátar notuðu hér á síðustu vertíð. Að hann hefði ekki komið að tilætluðum notum, og þörf væri á að taka það til athugunar og skipuleggja það á ný.  
Umræður urðu um þetta mál. En engin ákvörðun tekin.
4. Þá las formaður upp afrit af símskeyti sem ríkisstjórn Íslands var sent síðastliðinn vetur vegna landhelgismálanna, og hljóðaði það þannig:  
"Leyfum okkur skora á ríkisstjórnina hvika í engu frá tekinni stefnu landhelgismálinu þrátt fyrir mótæmi erlendra þjóða.  
Teljum frekar of skammt gengið, sérstaklega hér Sunnanlands.  
  
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi."  
  
5. Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls og minntist á Björgunarfélagið hér. Sagði að nú stæði til að endurreisa það félag og myndi full þörf á því þar sem ekki væri nú eftir nema 1 maður í stjórn þess, hinir farnir héðan lifandi og dauðir.  
Skoraði hann á menn að mæta vel á þeim fundi og gerast félagar, því öllum væri það ljóst, hvað starfandi björgunarfélag væri hér nauðsynlegt.  
Þá sagði hann að brýn þörf væri á að fá nýtt og fullkomið móttökutæki í Verkamannaskýlið, því okkur væri það öllum kunnugt að alltaf væri hlustað þar eftir bátum, og til Eiríks í Skýlinu hringja allir sem þurfa að fá fréttir frá sjónum og af bátunum og alltaf greiðlega svarað.  
Fleiri ræddu þetta og voru allir sammála um nauðsyn þessa máls.  
Samþykkt var að fela nýja Björgunarfélaginu framkvæmdir í málinu.
6. Páll Þorbjörnsson gerði fyrirspurn: Hvernig gengi smíði miðunarstöðvarhússins og því tilheyrandi?  
Formaður svaraði því, að engu ráða eða annars hefði verið leitað til þessa félags.  
Einar Jóhannsson upplýsti að Slysavarnafélagið "Eykyndill" myndi standa eitt að þeim framkvæmdum.  
Þá benti Páll Þorbjörnsson á að þörf væri á að fá hingað mann og athuga hvort hlustunartæki í bátum hér, væru nothæf til að taka á móti sendingum frá Konsúlvitum.  
Einnig sagði Páll að nauðsynlegt væri að fá staura, "jula", rekna niður í höfnina til að festa bátum við, þegar afrétting áttavita færi fram.  
Fleiri tóku til máls og voru allir á sama máli um að þetta þyrfti að gerast.  
Kosin var 3 manna nefnd, til að koma þessu máli á framfæri við hafnarnefnd og þakka henni "Klapparuppbrotið".  
Kosninginu hlutu Páll Þorbjörnsson, Guðmundur Vigfússon og Oddur Sigurðsson.  
Því næst var sest að kaffidrykkju og rabbað.

7. Formaður tók þar næst til máls og talaði um fiskuppbæturnar 1951 og bað þá menn sem hér væru staddir og væru í stjórn Vinnslustöðvarinnar að gefa skýringar.

Sighvatur Bjarnason varð við þeirri ósk og upplýsti mikið það mál.

Margar umræður urðu um þetta, og endaði með því að stjórninni var falið að ræða og fylgjast að með stjórnnum Vélstjóra- og sjómannafélagsins hér í þeim málum.

Þá gerði formaður fyrirspurn til félagsins: Hvort ekki væri rétt að innheimtuð væru gjöld þeirra manna, sem ekki væru í þessu félagi en tilheyrðu því vegna stöðu sinnar sem skipstjórar og stýrimenn?

Samþykkt var að innheimta gjöldin.

8. Páll Þorbjörnsson hreyfði Grænlandsmálunum og taldi að þau færu nú þegar að ná hingað til okkar.

Umræðum var frestað.

9. Sighvatur Bjarnason tilkynnti fundarmönnum að félagsfáninn væri nú bráðum tilbúinn, og myndi hann þá koma.

Gerðu menn góðan róm að því.

10. Júlíus Ingibergsson vakti máls á því, hvað ætti að gera gagnvart þeim mönnum sem ætluðu sér að stunda botnvörpu veiðar hér næstu vertíð.

Margir tóku til máls, og sýndist sitt hverjum.

Stjórninni var falið að sjá um framkvæmdir í málinu.

11. Þar næst minntist Helgi Bergvinsson á byggingu Kappróðrabátaskýlisins. Taldi sig ekki eiga sök á því, að Runólfur Jóhannsson fékk ekki verkstjórn við þá byggingu, því okkar menn hefðu verið þar í minnihluta aðstöðu.

Guðmundur Vigfússon taldi það illa farið, þar sem Runólfur hefði ávallt verið einn af okkar allra bestu félagsmönnum og viðurkenndur smiður og sjómaður, og sannarlega hefði þá átt betur við að láta hann hafa þar smíði og verkstjórn, heldur en barnakennara eins og raun hefði á orðið.

Júlíus Sigurðsson og Einar Jóhannsson sögðu svo sögu málsins.

Miklar umræður urðu um þetta.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 5:30.

Eyjólfur Gíslason  
(vararitari)

## 82. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 9. nóvember 1952 og hófst hann kl. 4:30 e.m. í Akóges.

1. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar.

Sighvatur Bjarnason gerði smá athugasemd við fundargerðina um félagsfánann og lofaði vararitari að lagfæra það.

Fundargerðin var því næst samþykkt.

2. Formaður félagsins gerði afmælið að umræðuefni og bað menn að láta álit sitt í ljós um það og hvernig því skyldi hagað. Hvort það ætti að standa sitt að afmælinu eða í félagi við Vélstjórafélagið o.s.frv.

Óskar Ólafsson sagði þar næst frá lélegri þátttöku okkar félagsmanna á síðasta afmæli og lagði til að félögin hefðu þetta saman, þar að auki ættu þau sameiginlega skemmtanaskraut sem ekki væri gott að skipta.

Margar umræður urðu um þetta mál og skiptar skoðanir.

Einar Jóhannsson bar fram munnlega tillögu, hvort halda ætti afmæli? Var tillagan samþykkt móttakvæðalaust, að halda skyldi afmælið.

Því næst fór fram atkvæðagreiðsla um hvort félagið ætti að standa eitt að afmælinu eða í sameiningu með Vélstjórafélaginu.

Atkvæði féllu þannig að 8 greiddu atkvæði með sameiginlegu amfæli félaganna en 9 á móti.

Vildu að Verðandi stæði einn að þessu þar sem þetta væri líka 15. afmælisdagur félagsins.

Nokkrir félagsmenn greiddu ekki atkvæði. Ekki þótti gott að láta eitt atkvæði ráða úrslitum í þessu máli. Var því kosin 7 manna afmælisnefnd og skildi hún kanna betur vilja félagsmanna í þessum málum og haga svo sínum gjörðum eftir því.

Þessir voru kosnir í afmælisnefnd:

Sveinbjörn Hjartarson

Kristinn Pálsson

Aðalsteinn Gunnlaugsson

Gísli Eyjólfsson

Ólafur Sigurðsson

Rafn Kristjánsson

Sigurgeir Ólafsson

3. Sighvatur Bjarnason hóf máls á því hvort ekki væri rétt að reyna að kynna sér notkun Konsúlvíta með þar til gerðu sjókort og taldi að það myndi ekki svo lengi lært. Bauðst hann til að lána móttökutæki til þess. Hann sagðist hafa fengið vissu fyrir því í sumar að þessir vitar gæfu nákvæmar staðarákvarðanir og því nauðsynlegar fyrir þau skip sem stunduðu veiðar langt frá landi.

Páll Þorbjörnsson skýrði svo þetta betur og sagðist hann eiga sett af kortum sem hann skyldi fúslega lána til þessa.

Sighvatur lagði til að fá Pál Þorbjörnsson til að kenna mönnum þetta. Páll varð fljótt og vel við þeim tilmælum, og sagðist skyldi reyna það. Benti hann á að Landsímastöðin hér, væri heppilegust til þessara kennslu, en nauðsynlegt væri að afla korta sem til þessa pössuðu.

Því næst var kosin 3 manna nefnd til að undirbúa þetta mál og koma því áfram.

Kosnir voru:

Páll Þorbjörnsson

Guðmundur Vigfússon

Sighvatur Bjarnason

4. Páll Þorbjörnsson skýrði þar næst frá að nefnd sú sem kosin var á síðasta fundi, hefði skrifað hafnarnefnd um áttavitaafretingarstaðsetninguna í höfninni og því tilheyrandi.



5. Ólafur Sigurðsson gerði fyrirspurn hvort nokkur skrif hefðu komið frá F.F.Í. um smáskipaprófin. Formaður sagði engin og því engu svarað frá F.F.Í., en skrifað hefði verið um það mál frá Ísafirði.

Páll Þorbjörnsson talaði þar næst og útskýrði þessi mál betur og kom víða við.

Minntist á vélstjóranámskeið Grænlandssiglingar og fleira. Sagði hann að formaður þessa félags þyrfti að tala við þingmanninn okkar um þessi mál, því hann væri þeim kunnugastur.

Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls, og sagðist enn sem fyrr vera á móti því að nokkuð væri minnkuð eða færð saman kennsla sjómannastéttarinnar, því hann liti ávallt þeim augum á stöðu yfirmanna í sjómannastéttinni að henni væri full þörf góðrar menntunar. Sér virtist líka að skilningur manna væri í þá átt og aldrei hefðu verið fleiri piltar héðan í Sjómannaskólanum í Reykjavík, heldur en nú þar sem þeir myndu vera 12 alls.

Sigurður Stefánsson talaði næstur og var Sighvati fylgjandi í þessu máli. Tók hann verzlunarstéttina til samanburðar, ásamt fleiru og talaði vel um það mál.

Páll Þorbjörnsson stóð því næst upp, og sagðist ekki hafa átt við það að minnka ætti kennsluna heldur taka það í áföngum til að létta þeim kostnaðinn sem læra þyrftu.

Talaði hann um þetta mál á víð og dreif. Sagði að siglingatækin breyttust ört og því til sönnunar sagði hann frá atburði því tilheyrandi.

6. Helgi Bergvinsson gerði fyrirspurn: Hvernig það væri með fiskuppbæturnar?

Júlíus Sigurðsson og Sigurður Stefánsson svöruðu þessari fyrirspurn. Sögu þeir sögu málsins svo langt sem hún náði og að þetta myndi kosta málsókn.

Sigurður las upp tillögu sem samþykkt var í Sjómannafélaginu Jötni í sambandi við þetta mál.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Eyjólfur Gíslason  
(vararitari)

### 83. fundur.

Fimmtudaginn 8. janúar 1953 var aðalfundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 e.h. í Samkomuhúsinu.

1. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar, og var hún samþykkt móttakvæðalaust. Því næst bar formaður upp inntökubeiðni 3 manna, þeirra Þórarins Torfasonar, Miðgarði, Friðþjófs Mássonar, Valhöll og Karls Ólafssonar, Sóhlíð 26. Voru þær samþykktar í einu hljóði.
2. Því næst las gjaldkeri félagsins Bjarni Jónsson upp endurskoðaða reikninga félagsins voru þeir síðan bornir undir atkvæði og samþykktir móttakvæðalaust. Las hann því næst upp styrktarsjóðsreikninga síðasta starfsárs, endurskoðaða, voru þeir bornir undir atkvæði og samþykktir.

3. Þá fóru fram stjórnar- og nefndarkosningar. Formaður bað fundarmenn tilnefna menn í formannssætið. Þessir menn voru tilnefndir:

Helgi Bergvinsson  
Júlíus Sigurðsson  
og Jóhann Pálsson.

Atkvæði féllu þannig að Júlíus Sigurðsson fékk 14 atkvæði og því kjörinn formaður félagsins. Jóhann Pálsson fékk 12 atkvæði og er því varaformaður. Helgi Bergvinsson fékk 5 atkvæði.

Í gjaldkerasætið var stungið uppá Bjarna Jónssyni og Júlíusi Hallgrímssyni. Bjarni Jónsson var kosinn gjaldkeri með 28 atkvæði, Júlíus Hallgrímsson til vara, með 4 atkvæði.

Ritari var kosinn Páll Þorbjörnsson með 19 atkvæði. Til vara, Eyjólfur Gíslason með 10 atkvæðum.

Endurskoðendur félagsreikninga.

Kosnir voru Eiríkur Jónsson og Karl Guðmundsson með 17 atkvæðum. Guðni Grímsson og Haraldur Hannesson fengu 16 atkvæði.

Þá var stungið uppá mönnum í gæslunefnd fiskiveiðasamþykktarinnar og hlutu þessir 11 skipstjórar kosningu:

Jóhann Pálsson  
Jón Guðmundsson  
Páll Ingibergsson  
Júlíus Sigurðsson  
Kristinn Sigurðsson  
Júlíus Hallgrímsson  
Sigurgeir Ólafsson  
Steingrímur Björnsson  
Sighvatur Bjarnason  
Sveinbjörn Hjartarson  
og Guðjón Ólafsson.

Úr sjómannadagsráði gengu þessir 3 menn: Júlíus Sigurðsson, Einar Jóhannsson og Einar Guðmundsson, og hlutu þessir 3 menn kosningu í ráðið: Kristinn Pálsson, Sigfús Guðmundsson og Jóhann Pálsson.

Sjómannadagsráðið skipa nú Helgi Bergvinsson, Sveinbjörn Hjartarson, Kristinn Pálsson, Sigfús Guðmundsson og Jóhann Pálsson.

Til vara Gísli Eyjólfsson og Kristinn Sigurðsson.

Veiðarfæramekjanefnd var endurkosin.

Hana skipa:

Jón Guðmundsson  
Jóhann Pálsson  
og Sigfús Guðmundsson

Björgunaræfingarnefnd endurkosin.

Í henni eiga sæti:

Sighvatur Bjarnason  
Einar Jóhannsson  
Þorgeir Jólsson  
Kristinn Sigurðsson  
Kristinn Pálsson  
og Friðgeir Guðmundsson

Hafnarmálanefnd var endurkosin.

Hana skipa Ársæll Sveinsson, Runólfur Jóhannsson og Sighvatur Bjarnason.

Í skemmtinefnd voru kosnir Sigurður Stefánsson, Arnoddur Gunnlaugsson og Bernódus Þorkelsson.

Ægisnefnd var endurkosin.

Í henni eiga þessir menn sæti:

Sighvatur Bjarnason  
Júlíus Sigurðsson  
Jón Guðmundsson  
og Guðni Grímsson

4. Þegar lokið hafði verið við allar þessar nefndarkosningar, kvaddi formaður, Júlíus Sigurðsson sín hljóðs.

Sagði hann meðal annars að félagið væri nú 15 ára og öll þau ár hefði Runólfur Jóhannsson verið ritari félagsins og unnið það starf með þryði og sóma. Sér fyndist því vel við eiga að hann yrði gerður að heiðursfélaga á þessum tímamótum.

Því næst fór fram atkvæðagreiðsla í þessu máli og var það samþykkt með öllum atkvæðum gegn 2 að Runólfur Jóhannsson yrði heiðursfélagi í S.s. Verðanda.

Því næst var sest að kaffidrykkju.

5. Að aflokinni kaffidrykkju og borðrabbi, byrjuðu svo fundarhöld á ný.

Formaður las upp afrit af bréfi sem stjórnin skrifaði þingmanni Eyjanna, sömuleiðis bréfi frá Júlíusi Hafstein, þar sem hann fer þess á leit, að fá upplýsingar um helstu fiskimiðin við Vestmannaeyjar ásamt fleiru.

Páll Þorbjörnsson, sagði að best væri að vísa honum á ensku miðabókina Closis.

Fleiri umræður urðu ekki um það bréf.

Formaður las upp afrit af bréfi því sem skrifað var til Landsímastjórnarinnar um aðgerðir á móttökutækjum, til að ná Konsólvitum.

6. Óskar Ólafsson vakti máls á því, að mikil þörf væri á að hafa aðgang að síma á Básaskersbryggjunni með líkri tilögun og væri á Friðarhafnarbryggjunni.  
Gerðu menn góðan róm að því og var hafnarnefnd falið að sjá um framkvæmdir.  
Eiríkur Jónsson bað formenn láta sig vita um strax og þeir væru komnir í höfn í misjöfnum veðrum.
7. Þá var tekið til umræðu afmælishóf félagsins og hvernig haga skyldi með að bjóða gestum í það.  
Um þetta urðu nokkrar umræður að þeim loknum var samþykkt í einu hljóði að ekkjum látinna félagsmanna skildi boðið á afmælið, öðrum ekki.  
Eiríkur Jónsson vakti máls á því að gott væri að fá annað nafn yfir orðtækið heiðursfélagar.  
Málið ekki útrætt.
8. Páll Þorbjörnsson talaði því næst um fyrirgreiðslur enskra togara í íslenskum höfnum í sambandi við fisklöndunarbannið í enskum höfnum.  
Umræður urðu um þetta mál.  
Karl Ólafsson kom með munnlega tillögu:  
"Að stjórn félagsins skrifaði ísframleiðendum hér og lðnaðarmannafélaginu bréf um þessi mál."  
Tillagan var samþykkt í einu hljóði.
9. Páll Þorbjörnsson minntist því næst á gamla hefð, að aðkomubátar hefðu minni hafnargjöld hér enn heimabátar.  
Samþykkt var að hafnarmálanefnd tæki þetta mál til athugunar.
10. Formaður beindi því til veiðarfæra- og gæslunefndar, að hafa gott eftirlit með utanplássbátum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Eyjólfur Gíslason  
(vararitari)

## 84. fundur.

Laugardaginn 24. október 1953 var fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann kl. 8:30 eftir m.d. í Verkamannaskýlinu.

1. Lesin upp síðasta fundargerð, og var hún samþykkt, með smá athugasemd. Þá bar formaður upp inntökubeiðni Péturs Sigurðssonar, Heimagötu 20, og var hún samþykkt í einu hljóði.

2. Formaður las upp bréf frá sambandsstjórn Formanna- og fiskimannasambands Íslands, þar sem boðað er til 16. sambandsþings í Reykjavík um 20. nóvember n.k.

Formaður tilnefndi 3 menn í nefnd, til að undirbúa og ræða þau mál, sem félag okkar, Verðandi, hefði áhuga á að koma þar á framfæri.

Þessir menn hlutu kosningu:

Jóhann Pálsson  
Runólfur Jóhannsson  
og Þorsteinn Gíslason

3. Þar næst sagði formaður frá aðgerðarleysi bæjarstjórnar á síðustu vetrarvertíð. Að hún hefði ekki sent gæslunefndarmönnum útnefningarbréf sín fyrr enn í marsmánuði þegar línuvertíðin var búin.

Raddir komu fram um að kjósa nú þegar gæslunefnd og var það gert, og voru þessir menn tilnefndir:

Jóhann Pálsson  
Jón Guðmundsson  
Páll Ingibergsson  
Júlíus Sigurðsson  
Kristinn Sigurðsson  
Óskar Mattíasson  
Sigurgeir Ólafsson  
Steingrímur Björnsson  
Sighvatur Bjarnason  
Guðjón Ólafsson  
og Sveinbjörn Hjartarson

Þá var og veiðarfæranefnd endurkosin.

Hennar verksvið er að sjá um að allir hafi sín veiðarfæri og upphöld vel og skipulega merkt.

Nefndina skipa þessir 3 menn:

Jón Guðmundsson  
Jóhann Pálsson  
og Sigfús Guðmundsson

4. Þá las formaður upp bréf frá Dómsmálaráðuneytinu og afrit af tveimur bréfum, öðru sem Guðlaugur Gíslason hafði skrifað þingmanninum okkar fyrir hönd dragnótabátæiganda hér, hinu af bréfi sem þingmaðurinn Jóhann Þ. Jósefsson skrifaði ráðuneytinu.

Þessi bréf voru skrifuð gagnvart dragnótaveiðunum hér í sumar og framvegis.

Jóhann Pálsson tók næstur til máls. Sagðist harma þá stefnu sem stjórn þessa félags hefði tekið, með því að halda ekki oftari fundi en raun væri á, því mörgum áhugamálum sjómannastéttarinnar hefi þetta félag komið í framkvæmd. Þar næst talaði hann um

dragnótaveiðina af þekkingu og reynslu og að sú löggjöf þyrfti að endurskoðast og væri gott að tillögur frá þessu félagi kæmu þar að notum.

Þá talaði Ólafur Sigurðsson um dragnótaveiðarnar. Sagðist honum vel og kom víða við, kvaðst algjörlega vera á móti opnum landhelginnar í þágu dragnótanna og sagði sinni skoðun margt til sönnunar.

Kosin var 3 manna nefnd til að athuga þessi bréf og dragnótamál.

Nefndina skipa:

Guðjón Jónsson  
Guðmundur Vigfússon  
og Ólafur Sigurðsson

5. Því næst var hinn óheyrilega dýri félagsfáni og efnahagur félagsins tekinn til umræðu. Formaður hafði framsögu í málinu og benti á að tiltækilegast væri að fá lán hjá styrktarsjóði félagsins til að borga með fánaskuldina.

Jóhann Pálsson sagðist vera því algjörlega á móti, að styrktarsjóðurinn yrði nokkuð skertur eða úr honum lánað því hann hefði verið stofnaður í allt öðrum tilgangi.

Fleiri tóku til máls.

Eiríkur Jónsson kom með munnlega tillögu:

"Að fánamálið yrði tekið út af dagskrá, þar sem aðalmaðurinn í fánanefndinni væri ekki mættur."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt.

6. Næsta mál var tekið til umræðu, Vetrarvertíðarsamningarnir og uppsögn þeirra. Margar umræður urðu um samningana og fiskimatið á tveggja náttu fiski.

Þessir tóku til máls:

Júlíus Sigurðsson  
Siguðrur Stefánsson  
Eyjólfur Gíslason  
Jóhann Pálsson  
Guðmundur Vigfússon  
Kristinn Sigurðsson

Sigurgeir Ólafsson kom með tillögu um að fara skyldi fram leynileg atkvæðagreiðsla um uppsögn samningana og var það samþykkt mótatkvæðalaust.

Þessir menn voru tilnefndir í kjörstjórn og samþykktir:

Helgi Bergvinsson  
Einar Runólfsson  
Guðmundur Vigfússon  
Gísli Eyjólfsson  
Kristinn Magnússon  
og Sigurgeir Ólafsson.

Atkvæðagreiðsla um uppsögn samningana skyldi fara fram næsta dag í Alþýðuhúsinu.

7. Runólfur Jóhannsson tók næstur til máls, þakkaði hann félaginu þann heiður sem sér hefði verið sýndur.

Þar næst sagði hann frá nýútkominni reglugerð, um öryggistæki, línubyssu í vissa stærð báta.

Þá útbýtti hann meðal félagsmanna, tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Var það í bókarformi, margir kaflar og greinar til öryggis við siglingar.

Þá vék Runólfur að því ófremdarástandi sem hér væri orðið við höfnina, að enginn tiltækilegur árabátur væri nú þar hvað sem álægi og þó líf manns eða manna þyrfti að bjarga.

Guðmundur Vigfússon og Ólafur Sigurðsson töluðu báðir í þessu máli, og töldu nauðsyn að úr þessu yrði bætt hið allra fyrsta.

Málið var ekki útrætt.

8. Þá voru tekin fyrir ýmis mál.

I. Að fengin yrði sími á Básaskersbryggjuna í sama formi og eru á Friðarhafnarbryggjunni, þannig að allir geti haft aðgang að honum jafnt á nóttu sem degi.

II. Að hið fyrsta þyrfti að fá rafspennubreytir á Friðarhafnarbryggjuna.

III. Að strax og veður leyfði yrði fenginn bátur og áhöfn til að slæða upp ljósbaujuakkerið og keðju sem því tilheyrir og leggja ljósduflinu aftur á sama stað.

Hafnarmálanefnd var falið framkvæmd í þessum málum í samráði við hafnarvörð.

9. Jóhann Pálsson vakti máls á hvort ekki væri athugandi fyrir þetta félag að það gengist fyrir friðun fiskimiða með því að banna að leggja þorskanet á vissa staði á hraunum þar sem menn vissu að mikil hrygning færi fram, því eitthvað þyrfti að gera fiskilakinu og fiskistofninum til verndar og aukningar.

Margir tóku til máls um friðunina og fiskaklakið.

Þessir menn töluðu:

Júlíus Sigurðsson

Eyjólfur Gíslason

Runólfur Jóhannsson

og Gísli Eyjólfsson

Málið var ekki útrætt.

10. Eiríkur Jónsson gerði fyrirspurn: Hvernig það gengi með mál það sem félagið hefði á sínum tíma lagt fé út fyrir til að reka fyrir einn af okkar félögum Helga Bergvinsson móti Helga Benidiktssyni.

Helgi Bergvinsson svaraði þessari fyrirspurn og sagði að búið væri að dæma heima í héraði í þessu máli og hefði hann unnið málið þar, en nú hefði það verið sent til Hæstaréttar.

11. Formaður bar þar næst upp til samþykktar, hvort halda ætti ársafmæli félagsins með hófi og hvort menn vildu hafa það eins og undanfarin ár, að það yrði haldið í samfélagi við Vélstjórafélag Vestmannaeyja og var það hvortveggja samþykkt.

Því næst voru þessir menn tilnefndir og samþykktir í afmælisnefnd:

Þórir Torfason

Pétur Sigurðsson

Friðþjófur Mátsson

Steingrímur Björnsson

og Sæmundur Einarsson

Til vara voru kjörnir Elías Sveinsson og Gísli Eyjólfsson.

Fleira var ekki fyrir tekið, enda var komið fram yfir miðnótt.

Um 40 félagar sóttu fundinn.

Fundi slitið.

Eyjólfur Gíslason

(vara ritari)

## 85. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi hinn 10. nóvember í Verkamannaskýlinu.

Formaður setti fundinn og gat þess að fundargerðarbók væri hjá vararitari en hann væri ekki mættur og yrði því að fresta að lesa upp síðustu fundargerð.

Inntökubeiðni höfðu borist frá Sigurði Guðnasyni, Jóhanni Hannessyni, Hauk Jóhannssyni, Magnúsi Helgasyni og Sigfúsi Sigurðssyni og voru þeir samþykktir í einu hljóði.

Formaður skýrði frá því að atkvæðagreiðslu um uppsögn samninga hafði farið þannig að uppsögn hefði verið samþykkt og væri búið að segja samningunum upp.

Gat formaður þess að fundur hefði verið haldinn með stjórnnum Sjómannafélagsins og Vélstjórafélagsins og þar talað um að félögin stæðu saman að samningagerð og leggja 2 menn frá hverju félagi í samninganefnd.

Nokkrar umræður urðu um þetta og taldi t.d. Sighvatur Bjarnason að þetta félag ætti að hafa sína eigin samninganefnd enda væri það ekki í Alþýðusambandinu eins og hin félögin.

Formaður og Sigurður Stefánsson voru aftur á móti á annari skoðun.

Samþykkt var að standa með hinum félögunum að samningagerð með 10 atkvæðum gegn 1.

Formaður stakk uppá í samninganefnd, Elíasi Sveinssyni og Kristni Magnússyni og til vara Júlíusi Hallgrímssyni og Rafni Kristjánssyni og voru þeir samþykktir samhljóða.

Nokkrar umræður urðu um fánamálið og verð fánans, sem þykir allhátt.

Samþykkt var að leita samskota hjá félagsmönnum til greiðslu fánans, en taka lán hjá styrktarsjóði fyrir eftirstöðvunum ef einhverjar verða.

Komnir voru til að leita samskotanna:

Eiríkur Jónsson

Bjarni Jónsson

og Guðni Grímsson.

Formaður talaði um bylgjulengdir talstöðvanna og þær breytingar sem framundan eru og var talið að mál þetta ætti að reifa á Formannasambandsþingi.

Þá var rætt um fulltrúa á Formannasambandsþing. Samþykkt um að fela stjórninni að kjósa menn til farar á þingið.

Róðrartími: Fellt var að athuga um breytingar á róðratímanum.

Rætt var um ýmis mál er hreyfa ætti á Formannasambandsþings svo sem dragnótalöggjöfina, botnvörpulöggjöfina niðurfellingu á smálestabátum í lögunum.

Siglingaljós. Aukið ljósmagn í Stórhöfða og Þrídrangavita og nýjan vita á Geirfuglasker.

Voru mál þessi samþykkt.

Rætt var um afmælið og hvort bjóða ætti gestum og var stjórninni falið að ákveða um gesti í samræði við nefndina.

Fleira ekki gert.

Páll Þorbjörnsson, ritari.



## 86. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi að Hótel H.B. hinn 20. desember 1953.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og þær samþykktar með þeirri breytingu að aðalmaður í samninganefnd var kosinn Júlíus Hallgrímsson en ekki Elías Sveinsson eins og skráð er í fundargerðinni.

Formaður og Páll Þorbjörnsson skýrðu frá síðasta Formannasambandsþingi og urðu nokrar umræður um þingmálin.

Formaður las upp bréf frá bæjarstjóra um kosningu gæslunefndar og gat þess að bæjarstjóri myndi ekki ætla að tilkynna kosningu á annan hátt.

Sighvatur Bjarnason taldi að tilkynna bæri hverjum einstökum manni.

Þá spurðist Sighvatur fyrir um tillögu Vestmannaeyja um kennslu í siglingafræði og las formaður þær upp.

Þá las formaður upp bréf frá bæjarstjóra útaf léttbátum í Friðarhöfninni og skemmdum sem orðið hafa á honum.

Sighvatur Bjarnason og Helgi Bergvinsson taldi að bátsmiðs væri full þörf allt árið.

Munnleg tillaga frá formanni um að stjórnin skrifaði bæjarstjóra og skoraði á hann að halda bátum í nothæfu ástandi árið um kring í samráði við hafnarverði, var samþykkt í einu hljóði.

Formaður hóf síðan umræður um væntanlega samninga.

Sighvatur Bjarnason benti á að illmögulegt væri fyrir félagið að fara að færa fram stéttarmál þar sem það hefði gengið til samræmis við hin félögin.

Formaður bar því næst saman laun meðlima þessa félags og samninga F.F.S.Í. er voru í öllum atriðum hærri.

Formaður bað fundarmenn að láta álit sitt í ljós hvað gefa skyldi samninganefnd í veganesti að samningaboði.

Til máls tóku: Kristinn Magnússon, Hans Hannesson og Jóhann Pálsson sem taldi það hlægilegt að þetta félag hefði lægri samninga en önnur stéttarfélög. Einnig að menn sem ekki hefðu skipstjóraréttindi hefðu sömu kjör og réttindamenn.

Jóhann minntist þá á vertíðina og þau vandræði er sköpuðust við þann fjölda skipa er stunduðu hér veiðar.

Kristinn Sigurðsson taldi að ekki bæri að sniðganga menn er ekki hefðu skipstjórnarréttindi.

Júlíus Sigurðsson talaði um skipstjórnarréttindin og það ófremdarástand er í þeirri ?? þá minntist hann á fánamálið og fjáröflun til greiðslu hans.

Bjarni Jónsson upplýsti að nefnd sú sem kosin var hefði ekkert starfað enn sökum veikindaforfalla nefndarformanns, lagði hann til að gengið yrði frá skuldabréfi fyrir láni frá styrktarsjóðnum en lán þetta var samþykkt að taka á síðasta fundi til greiðslu eftirstöðva af fánaskuldinni.

Samþykkt var tillaga frá Kristni Sigurðssyni að stjórninni yrði falið að ráða fram úr þessu máli á sem hagfeldastan hátt.

Formaður talaði því næst um þrengslin við bryggjunnar á vertíð og hvað hægt væri að gera því til bóta.

Helgi Bergvinsson taldi að lítið væri hægt að gera að svo komnu máli. Þá minntist hann á hvort ekki væri hægt að senda umkvörtun til forstjóra Bifreiðastöðvarinnar vegna þess að ekki væri látið ganga jafnt yfir með að fá bíla.

Fleiri tóku til máls um þetta mál og löndum aflans almennt.

Þorgeir Jólsson lagði til að skrifað yrði til hafnarnefndar og hún beðin að grafa ?? þá sem er fram af austurbryggjunum.

Málin tekin af dagskrá og látin bíða aðalfundar.

Fundi slitið kl. 17:45.

Fundurinn var illa sóttur og yfirlit nokkrir menn fundinn áður fundi var slitið vegna ýmissa anna.

Vararitari tók við að rita fundargerð meðan verið var að ræða um léttbátana í Friðarhöfninni og úr því. ?? Ritari þurfti að fara á annan fund.

Páll Þorbjörnsson.

## 87. fundur.

Sunnudaginn 10. janúar 1954 var aðalfundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi og hófst hann á hótél H.B. kl. 2:30 e.h.d.

1. Ritari var ekki mættur. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar, og samþykkt athugasemdalaust.  
Því næst bar formaður upp inntökubeiðni Hafsteins Hannessonar, Hringbergi og Elíasar Gunnlaugssonar, Heiðarveg 42 og voru þeir báðir samþykktir í einu hljóði.
2. Gjaldkeri félagsins Bjarni Jónsson las upp rekstrarreikninga félagsins og reikninga og tekjur styrktarsjóðsins, fyrir síðasta ár.  
Formaður félagsins bar þá undir atkvæði og voru þeir samþykktir í einu hljóði.  
Síðan las gjaldkeri upp úr gjafabók, styrktarsjóðsgjafir þær sem sjóðnum hafði borist.
3. Formaður minntist því næst látins félaga, Óskars Eyjólfssonar, og þeirra manna er með honum fórust, og það menn rísa úr sætum sínum og votta þeim virðingu.
4. Því næst fór fram stjórnar- og nefndarkosning og það formaður félagsmenn að tilnefna menn í formannssæti.  
Stungið var upp á þessum mönnum:  
Júlíusi Sigurðssyni  
Jóhanni Pálssyni  
og Guðmundi Vigfússyni.  
Júlíus Sigurðsson var kosinn formaður félagsins með 25 atkvæðum. Jóhann Pálsson varaformaður með 13 atkvæði. Guðmundur Vigfússon fékk 7 atkvæði.

Í gjaldkerasætið var Bjarni Jónsson kjörinn með almennu lófataki og til vara Júlíus Hallgrímsson.

Ritari var kjörinn Eyjólfur Gíslason til vara, Gísli Eyjólfsson.

Endurskoðendur félagsreikninga, voru endurkosnir þeir Eiríkur Jónsson og Karl Guðmundsson.

Þá fór fram kosning í sjómannadagsráð.  
Úr ráðinu gengu Helgi Bergvinsson og Sveinbjörn Hjartarson. Í þeirra stað voru kosnir Haraldur Hannesson og Sigurgeir Ólafsson.

Sjómannadagsráð skipa nú þessir menn:

Kristinn Pálsson  
Sigfús Guðmundsson  
Jóhann Pálsson  
Haraldur Hannesson  
og Sigurgeir Ólafsson

Til vara:

Björgunarnefnd var endurkosin.

Hana skipa:

Sighvatur Bjarnason  
Einar Jóhannsson

Þorgeir Jólsson  
Kristinn Sigurðsson  
Kristinn Pálsson  
og Friðgeir Guðmundsson.

Áður en þessi nefnd var endurkosin kvaddi Sighvatur Bjarnason sér hljóðs og skoraði á menn að ganga í hið nýendurreista Björgunarfélag.

Næstur talaði Þorsteinn Jónsson í Laufási. Minntist hann stofnunar Björgunarfélagsins fyrir 36 árum, og hve mikið átak það hefði verið fyrir Eyjabúa, að eignast sitt eigið björgunarskip, "Þór".

Sagði hann, að vansæmd væri að láta félagið niðurfalla og skoraði fast á félagsmenn að ganga í Björgunarfélagið og styrkja það af alefli.

Ræðu Þorsteins var tekið með dynjandi lófaklappi.

Því næst urðu umræður um hvort kjósa skyldi í millipinganefnd í hafnarmálum, eða láta hana niður falla.

Formaður lagði til, að kosnir væru í hana nýir kraftar og var það samþykkt.

Hafnarmálanefnd skipa nú:

Sighvatur Bjarnason  
Sveinbjörn Hjartarson  
og Þorsteinn Jónsson

Í skemmtinefnd voru kosnir:

Sigurður Bjarnason  
Óskar Ólafsson  
og Jón Guðmundsson

Ægisnefnd var endurkosin.

Í henni eiga sæti:

Sighvatur Bjarnason  
Júlíus Sigurðsson  
Jón Guðmundsson  
og Guðni Grímsson

Kosnir voru tveir menn til að hafa umsjón með fána félagsins, þeir Guðni Grímsson og Karl Guðmundsson.

Þar með lauk nefndarkosningum.

5. Næst kom til umræðu, hvort ekki bæri að hækka félagsgjöldin, þar sem félagið væri mjög illa statt fjárhagslega.

Að undangengnum nokkrum umræðum, bar formaður fram tillögu um að félagsgjöldin skyldu hækka sem hér segir:

Hjá skipstjórum kr. 200, hjá stýrimönnum kr. 150 og styrktarmeðlimum kr. 50 og sama tillag yrði til styrktarsjóðsins og var á árinu 1953.

Sigfús Guðmundsson bar fram munnlega tillögu, þess efnis að tillag til styrktarsjóðsins hækkaði í réttu hlutfalli við hækkun árs gjaldanna. Tillaga formanns var samþykkt, 3 voru á móti.

Tillaga Sigfúsar var samþykkt í einu hljóði.

6. Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls. Lagði hann til, að komið yrði ákvæði inn í væntanlega samninga að félagsgjöldin verði framvegis innheimt á sama hátt og í hinum sjómannafélögum, þannig, að innheimta megi beint frá vinnuveitanda.

Gjaldkeri skýrði þetta mál nánar og var það síðan samþykkt í einu hljóði.

7. Sighvatur Bjarnason kom með tillögu um, að vextir af því fé sem styrktarsjóðurinn lánaði, yrðu 6% og var það samþykkt.

Ólafur Sigurðsson gerði fyrirspurn um, hvort munað hefði verið eftir að gleðja ekkjur, um jólin, með því að senda þeim nokkrar krónur úr styrktarsjóðnum.

Formaður svaraði og sagði að það hefði gleymst.

Um þau mál urðu nokkrar umræður og þótti mönnum leitt að svo skyldi hafa til tekist, þar sem sjóðurinn hefði nú verið starfshæfur.

Þessir tóku til máls:

Júlíus Sigurðsson

Óskar Ólafsson

Sighvatur Bjarnason

Bjarni Jónsson

og Eiríkur Jónsson

Ákveðið var að kosin skyldi 3ja manna nefnd, til að útbúa lög og reglur handa sjóðnum til að starfa eftir, ef ekki væru til lög fyrir hann í fyrstu fundargerðarbókinni.

Þessir menn hlutu kosningu:

Bjarni Jónsson

Eiríkur Jónsson

og Páll Þorbjörnsson

8. Þá voru vertíðarsamningarnir teknir til umræðu og hafði formaður framsögu í því máli. Hélt hann því fram að við yrðum að gera okkar samninga í samráði við F.F.S.Í., því til sönnunar.

Um þetta mál komu fram mjög skiptar skoðanir félagsmanna, með eða mót.

Kristinn Magnússon sagði sitt sjónarmið, sem samninganefndarmanns félagsins, væri, að fara eftir samningum F.F.S.Í. Hinir segðu nei, sem vildu að félagið semdi sjálft, eins og verið hefði.

Atkvæði féllu þannig: Já sögðu 17, nei sögðu 20. Auðir seðlar voru 4.

Eftir atkvæðagreiðsluna urðu miklar og allheitar umræður um þessi mál, og töluðu þessir menn:

Kristinn Magnússon

Guðmundur Vigfússon

Júlíus Sigurðsson

Sighvatur Bjarnason

Ólafur Sigurðsson

Sigurgeir Ólafsson

Jón Benónýsson

Júlíus Hallgrímsson

og Bjarni Jónsson

9. Formaður kvaddi sér hljóðs og stöðvaði þar með frekari umræður og sagði félagsmönnum frá góðri gjöf sem félaginu "Verðandi" hefði borist og las upp úr bók, sem gjöfinni fylgdi. Er það svohljóðandi:

"Á gullbrúðkaupsdegi hjónanna Jórunnar Hannesdóttur og Magnúsar

Guðmundssonar í Vesturhúsum 23. maí 1953, ákváðu afkomendur Hannesar Jónssonar lóðs frá Miðhúsum, að gefa skipstjórafélaginu "Verðanda" verðlaunagrip, í minningu um að öld er liðin frá fæðingu Hannesar lóðs.

Skulu þetta verða farandverðlaun fyrir aflakóng Vestmannaeyja á hverri vetrarvertíð.

Verðlaunagripurinn heitir:

"Aflakóngur Vestmannaeyja"

Verðlaunin afhendast á sjómannaþegi hvers árs eftir skýrslum Fiskifélags Íslands, nema fyrir árið 1953 skulu þau afhendast fyrir árslok.

Í þessa bók skal færa nafn skipstjóra, fæðingardag hans og skipsnafn, og færa nöfn skipshafnar inn á aðra blaðsíðuopnuna.

Hansína Magnúsdóttir	Hannes Tómasson
Nanna Magnúsdóttir	Martin Tómasson
Magnús Magnússon	Jóhannes Tómasson"

Að því loknu sýndi formaður gjöfina, sem er lítið líkan af víkingaskipi, skarað skjöldum en á stefni er drekahöfuð. Skipið er úr silfri.

Þá afhenti formaður Aflakóng síðustu vetrarvertíðar Sighvati Bjarnasyni, Ási, verðlaunin. Fundarmenn risu úr sætum og hylltu Aflakónginn með lófaklappi.

10. Kristinn Sigurðsson lagði fram skriflega tillögu, svohljóðandi:

"Aðalfundur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, haldinn 10/1 1954 samþykkir lagabreytingu þess eðlis að útvegsmenn hafi ekki atkvæðisrétt í kaupgjaldsmálum, aðeins tillögurétt.

Kristinn Sigurðsson."

Þar sem tillaga þessi mundi hafa vakið miklar umræður, en fundurinn orðinn mjög langur, var borinn fram svohljóðandi breytingartillaga:

"Þar sem ekki er vettvangur til að ræða þessa tillögu, vegna þess sem á undan er gengið, er henni vísað frá um stundarsakir."

Var hún borin undir atkvæði og samþykkt með 14 atkvæðum, gegn 11.

11. Bílaafgreiðslan var tekin til umræðu og var Helgi Bergvinsson málshefjandi.

Um það mál töluðu:

Júlíus Sigurðsson  
Sighvatur Bjarnason  
og Sigurður Þórðarson.

Að þeim enduðum var stjórninni falið að tala við framkvæmdarstjóra B.S.V.

Fleira var svo ekki fyrir tekið, enda kominn matmálstími.

45 félagar voru mættir.

Fundi slitið kl. 19:20.

Eyjólfur Gíslason, ritari.

Gísli Eyjólfsson, vararitari.

## 88. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi miðvikudaginn 20. janúar 1954 í Akógeshúsinu og hófst hann kl. 9 eftir miðdag.

1. Ritari las upp síðustu fundargerð.  
Kristinn Sigurðsson gerði athugasemd við fundargerðina. Fannst sú málsgrein, er sagði frá atkvæðagreiðslunni, um hvor samningurinn ætti að semja, eftir F.F.S.Í. eða Verðanda, ekki réttilega orðuð.  
Um þetta varð nokkuð málþóf og þref.  
Að því loknu bar formaður fundargerðina upp til samþykktar, eins og hún var lesin upp, óbreytta, og var hún samþykkt með öllum atkvæðum gegn 1.
2. Inntökubeiðnir bárust frá þessum 5 mönnum:  
Bjarnhéðinn Elíasson, Skólavegi 7  
Páll Guðjónsson, Vestmannabraut 67  
Sveinn Hjörleifsson, Landagötu 22  
Karl Guðmundsson, Brekastíg 25  
Stefán Pálsson, Hásteinsveg 13  
Þessir menn voru samþykktir félagar mótatkvæðalaust.
3. Formaður tók til máls og sagði frá viðtali við forstjóra Bílastöðvarinnar hér.  
Hefði hann lofað að gera allt sem í sínu valdi stæði, til að flýta fyrir afgreiðslu báta hér í vetur og benti á nýjar leiðir því til úrbóta, svo sem að afgreiða vatn á vissum dögum og afhenda bíla í samráði við bryggju- og hafnarverðina um þessi mál, og hefðu þeir bent á að hafnarkraninn myndi koma að mjög miklum notum í mörgum tilfellum við löndun.
4. Því næst bað formaður Sigurð Stefánsson að lesa upp samninga þá, sem Sjómannasamtök Alþýðusambandsins gerðu um fiskverðið og fleira.  
Sigurður las upp samningana og útskýrði þá mjög vel. Síðan sagði hann frá mjög bættum tryggingum sjómanna, sem fengist hefðu með þessum samningum.  
Þegar Sigurður hafði lokið sínu máli lýsti formaður sinni skoðun á samningunum og sagðist vera þeim samþykkur.  
Eyjólfur Gíslason sagði að okkar samningum hefði verið sagt upp á þeim forsendum að fá hækkað fiskverð og afnumið mat á 2 náttafiski, nú væri þetta hvortveggja fengið og sér fyndist því ekki þörf á að vera að knýja fram lítilsháttar kaupkröfu handa þeim mönnum sem hefðu 2 hluti fyrir og mundi slíkt ekki hafa góðar afleiðingar eftir á.  
Kristinn Magnússon sagðist mótmæla því, sem Eyjólfur sagði.
5. Sighvatur Bjarnason gerði fyrirspurn: Hvort kauptrygging væri í Formannasambandssamningunum?  
Formaður las upp 11. grein þeirra og að kauptrygging í þeim væri kr. 1800.  
Þá sagði formaður frá símtali sínu við skrifstofustjóra F.F.S.Í.  
Þar næst bað hann fundarmenn að leggja fram tillögur um nýjan samningsgrundvöll, því fullreynt væri að ekki næðist samkomulag eins og málum væri nú komið.
6. Sigurður Stefánsson tók næstur til máls og las hann upp tillögu frá Vélstjórafélaginu, um að hraðað yrði undirskriftum að samningunum, en myndu þó bíða eftir samningsgerðum Verðanda, því það væri þeim styrkur í deilunni, en til þess ættu þeir að fá beiðnir frá Verðanda.  
Sigurður tók þar næst F.F.S.Í.-samningana til umræðu.

Taldi hann hæpið að þeir gætu gilt eða staðist fyrir þetta félag þar sem þeir hefðu ekki verið samþykktir í því.

7. Formaður tók þá samningana til umræðu.

Gerði hann fyrirspurn til fundarmanna hvort þeir vildu að fyrirverandi samningur, með þeim breytingum sem nú hefðu verið gerðar á honum, væri lesinn upp og var þess óskað.

Að því loknu fór fram leynileg atkvæðagreiðsla um samninginn 1951, hvort hann ætti að gilda framvegis. Já sögðu 21, nei sögðu 24. Auðir seðlar 3. Fellt með 3 atkvæða mun.

Að lokinni atkvæðagreiðslunni las formaður upp og skýrði þau samningsatriði og kröfur sem samninganefnd Verðanda hefði lagt fram til grundvallar að samningi og myndi nefndin ekki hvika frá því.

Um þetta urðu umræður og tóku þessir menn til máls:

Sighvatur Bjarnason  
Emil Andersen  
Guðmundur Vigfússon  
Sigurður Stefánsson  
og Helgi Bergvinsson.

Að loknum þessum umræðum fór fram leynileg atkvæðagreiðsla um hvort þetta samningsuppkast eins og samninganefnd leggur fram ætti að gilda. Já sögðu 22, nei sögðu 24, auðir seðlar 3. Fellt með 2 atkvæða mun.

Að lokinni þessari atkvæðagreiðslu þótti mönnum málin fara að vandast og skoraði formaður á félagsmenn að koma með nýjar ábendingar og úrræði í þessu máli.

Sigurður Stefánsson sagði að ekkert raunhæft væri að hafa út úr svona fundi. Kom hann með munnlega tillögu, að kosin yrði ný samninganefnd.

Tillagan var borin fram og samþykkt í einu hljóði, mótatkvæðalaust.

Friðþjófur Másson lagði fram svohljóðandi skrifaða tillögu:

"Geri að tillögu minni að sleppt verði mánaðarkaupi skipstjóra og stýrimanna, en stýrimönnum verði greitt 1 1/3 hlutur."

Tillagan var borin upp og felld með 13 atkvæðum gegn 11.

Því næst var stungið uppá mönnum í samninganefndina og var það samþykkt að hafa þá 5.

Þessir menn hlutu kosningu:

Helgi Bergvinsson  
Friðþjófur Másson  
Einar Guðmundsson  
Hilmar Rósmundsson  
og Rafn Kristjánsson.

Nefndinni var gefið fullt umboð.

Þá tók til máls Sigurður Stefánsson og taldi rétt að ef ekki gengi fljótlega saman yrði stjórninni falið að láta fara fram atkvæðagreiðslu um stöðvun á róðrum og var það borið upp til atkvæðagreiðslu, og samþykkt með 15 atkvæðum gegn engu, og lauk þar með þessum umræðum.

8. Guðmundur Vigfússon vakti máls á því hvort ekki væri heppilegra að allir legðu þorskanetin í sömu áttir.

Þetta mál vakti umræður með og móti.

Þessir menn tóku til máls:

Kristinn Magnússon  
Júlíus Sigurðsson  
Sighvatur Bjarnason  
og Einar Jóhannesson

Töldu sumir að slík samþykkt yrði illa haldin og þetta myndi valda þræðingum og jafnvel meira þvargi.



Þessu máli var frestað til næsta fundar.

9. Jón Guðmundsson skýrði frá að hann hefði átt tal við Rafstöðvarstjórann ásamt bæjarstjóra um merkja ljós fyrir Víkina og hefðu þeir lofað að sjá um framkvæmdir um að ljósin yrðu strax sett upp. Einnig hefði bæjarstjóri lofað að láta endurprenta veiðarfæramerkjabókina.

Fleira ekki fyrir tekið.

49 félagar mættu.

Fundi slitið.

Eyjólfur Gíslason, ritari.

## 89. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi á hótél H.B. sunnudaginn 31. október 1954 og hófst hann kl. 3.

1. Þegar formaður hafði sett fundinn las hann upp bréf frá Gils Guðmundssyni, er hann skrifaði Verðanda, vegna uppsagnar og frávikningu hans við ritstjórn sjómannaþingsins Víkinga. Því næst las formaður upp annað bréf frá F.F.S.Í. Var það greinargerð vegna uppsagnar Gils Guðmundssonar, og af hvað ástæðum honum var sagt upp ritstjórastöðunni við Víking. Engar umræður urðu um þessi bréf.
2. Þá tók formaður til umræðu afmælisfagnað félagsins og sagði að Vélstjórafélag Vestmannaeyja væri búið að bjóða uppá sameiningu eins og undanfarin ár. Engin mótmæli komu fram, og var því skoðað sem samþykkt. Stungið var uppá þessum mönnum í afmælisnefnd:  
Arnoddur Gunnlaugsson  
Sigurður Guðnason  
Júlíus Hallgrímsson  
Sigfús Guðmundsson  
og Karl Guðmundsson.  
Voru þeir samþykktir í einu hljóði.
3. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.
4. Því næst las formaður upp svohljóðandi bréf frá Fiskideild Vestmannaeyja:  
"Hér með förum við, stjórnendur Fiskideildar Vestmannaeyja, þess á leit, við Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðanda, að það vinsamlega svari til okkar eftirfarandi spurningum.  
1. Er afli m/b Erlings I VE 295 og m/b Björgvins VE 271 í ágúst og september, eðlilegur, miðað við að bátarnir hafi stundað humarveiðar?  
2. Álíta skipstjórar að humarveiðar eins og þær hafa verið stundaðar, raski friði rúmfishs (þorsks, ýsu, ufsa og jafnvel lúðu?).  
3. Álíta skipstjórar að humri sé æti fyrir rúmfish og eyðing hans verki þannig að fiskur stöðvist síður á þeim svæðum, sem hann er veiddur á?

Virðingarfyllst Vestmannaeyjum 22. október 1954.

Helgi Benónýsson, Jón Guðmundsson, Guðjón Jónsson, Guðni Grímsson, Páll Þorbjörnsson."

Bréfi þessu fylgdi aflaskýrsla beggja bátanna, Erlings og Björgvins, yfir ágúst og september 1954 og yrði hún höfð til athugunar þegar spurningunum yrði svarað.

Um þetta mál urðu nokkrar umræður og allar samhljóða, að landhelgin yrði stranglega varin og engar undanþágur leyfðar með botnvörpur eða dragnót, því þegar væri útfærsla landhelginnar farin að gefa góða raun.

Til máls tóku:

Páll Þorbjörnsson  
Eyjólfur Gíslason  
Júlíus Sigurðsson  
og Kristinn Sigurðsson.

Páll Þorbjörnsson skýrði frá að fiskimálanefnd hefði skrifað Fiskideildinni hér og beðið um hennar álit á þessum humarveiðum.

Hann sagði að svar frá okkur mætti ekki dragast lengi, því þá gæti svo farið framvegis, að okkar ráða eða álits yrði ekki leitað í svona málum oftar.

Júlíus Sigurðsson lagði til að kosin yrði 5 manna nefnd til að afgreiða þetta mál og senda Fiskideildinni svör við hennar spurningum og tilnefndi hann þessa 5 menn:

Þorgeir Jólsson  
Sighvat Bjarnason  
Eyjólf Gíslason  
Kristinn Sigurðsson  
og Helga Bergvinsson

og voru þeir samþykktir mótatkvæðalaust.

Þegar hér var komið málum, varð ritari að fara af fundi, en við fundargerðinni tók vararitari.

5. Formaður tók til máls um að breyta þyrfti félagslögunum og endurskoða og kjósa í það nefnd. Til máls tóku:

Júlíus Sigurðsson  
Sigurður Stefánsson  
og Kristinn Sigurðsson.

Töldu það orð í tíma töluð og þetta mjög aðkallandi mál.

Kosin var 3 manna nefnd:

Páll Þorbjörnsson  
Helgi Bergvinsson  
og Júlíus Hallgrímsson

6. Formaður las upp kafla og sagði úrdrátt úr bréfi frá F.F.S.Í. Meðal annars um siglingarkennslu og kunnáttu manna til skipstjórnar.

Síðan ræddi hann undanþágu stýrimanna á bátafлотanum.

Til máls tók Kristinn Sigurðsson, og sagði hann að hér þyrfti að fá skóla til kennslu í siglingafræði og útrýma þar með þessu ófremdarástandi.

Páll Þorbjörnsson skýrði frá tillögu er hann lagði fram í bæjarstjórn Vestmannaeyja og var þar samþykkt, þess efnis að þingmenn Vestmannaeyja beittu sér fyrir því að kennsla fengist hér heima í Eyjum. Taldi hann að hér þyrfti um 20 menn með siglingaprófi á ári.

Formaður taldi að hér yrði ekki hægt að fá úrlausn fyrir vertíð og að nú yrði að fá skýringu F.F.S.Í. hvað það ætlaðist fyrir um undanþágumenn og hvort þeir fengjust skráðir.

Formaður sagðist vera á förum til Reykjavíkur og væri sér ljúft að færa þetta í tal við stjórn F.F.S.Í.

Sigfús Guðmundsson talaði um að varast væri að það yrði fært í tal við F.F.S.Í., hvort það gæti skaffað prófmenn í stað undanþágumanna, því það yrði ekki heppilegt.

Sigurður Stefánsson og Kristinn Sigurðsson tóku einnig til máls.

Kristinn Sigurðsson kom með tillögu:

"Að fela stjórninni að skrifa Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja og Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, um að fylgja fast eftir tillögum okkar í kennslumálum."

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði.

Kristinn Sigurðsson spurðist fyrir hvað fundurinn hugsaði sér að gera gagnvart bylgjusviðum talstöðva. Taldi þetta mjög ófullnægjandi ástand, þar sem þeir er ekki hefðu vissa bylgju, til dæmis 2311, hefðu ekki full not stöðvanna.

Formaður svaraði og taldi það þurfa breytast til batnaðar.

7. Sigurður Stefánsson spurði formann hvort samningarnir væru ekki til umræðu.

Formaður svaraði að félagið taldi ekki tímabært að segja upp samningum að svo komnu.

8. Páll Þorbjörnsson tók til máls um talstöðvarnar og benti á hvort ekki myndi hægt að fá styrkleik þeirra aukinn.

Karl Guðmundsson kom með þá tillögu að félagið sendi Landsímanum kvörtun vegna ónógrar gæslu við Vestmannaeyjaradio, á tímabilinu frá kl. 21 til 23 og 12 til 13.

Stjórninni var falið að tala við Landsímastöðvarstjórnann hér áður en kvörtunin yrði send til Reykjavíkur.

9. Kristinn Sigurðsson bað félagið að ná inn kaup sínu hjá Gísla Magnússyni útgerðarmanni hér, frá fyrra sumri.

Formaður taldi sér málið of skylt, til að hann gæti tekið það að sér, en lagði til að kosin yrði nefnd í það.

Sigurður Stefánsson upplýsti hvernig á slíkum málum væri tekið í Sjómannafélaginu Jötni. Samþykkt var að fela stjórninni málið.

10. Helgi Bergvinsson upplýsti að mál það er félagið hafði fyrir hann, hefði unnist nýlega í hæstarétti og flutti hann félaginu þakkir sínar, fyrir góða aðstoð í því.

Fleira ekki fyrir tekið.

22 félagar mættu, fundi slitið.

Eyjólfur Gíslason  
(ritari)

Gísli Eyjólfsson  
(vararitari)

## Blað á milli bls 260-261.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Afgreiðsluseðill No. 00443.

Útvegsbanki Íslands Vestmannaeyjum.

Fundargerðarbók.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi.

Bundið í skinn, 1 bók, gylling,

Afgreitt 1/2 1974.

Amkell.

## 90. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi mánudaginn 10. janúar í Verkamannaskýlinu kl. 8:30 síðdegis.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

Því næst var lesið upp svarbréf til Fiskideildar Vestmannaeyja, frá nefnd þeirri er kosin var á síðasta fundi félagsins 31/10-54 og hljóðaði svo:

"Við undirritaðir skipstjórar úr Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðanda á 31. október s.l. kosir til að svara spurningum Fiskideildar Vestmannaeyja um aflu þeirra er stundað hafa togveiðar í landhelgi að fengnu leyfi í ágúst og september 1954.

1. Okkar álit er að þykkvalúra fáist ekki svo að neinu nemi, á dýpra en 50-55 föðmum, og að humar veiðist ekki á grynna en 60 föðmum.

2. Okkar reynsla er sú að þar sem botnvarpa og dragnót er dregin þýði ekki að leggja önnur veiðarfæri til að fá fisk, því svo umrótar það botninum og fiskurinn virðist flýja af þeim svæðum.

3. Við fullyrðum að þorskur og langa sæki á þær slóðir sem humar heldur sig og höfum oft veitt því eftirtekt að hann er í fiskmiðum, sömuleiðis virðist langlúra og þykkvalúra vera eftirsótt æti fyrir þorsk og löngu.

Þegar þessar fiskitegundir og humar eru mjög eyddar stöðvast fiskurinn ekki á þeim svæðum.

Okkar heildarálit er því að þar sem friðunin er byggð á því að vernda fiskistofninn, þá megi alls ekki leyfa neinar veiðar með botnvörpu eða botnsköfum innan friðunartakmarkanna, og við skorum á Fiskideild Vestmannaeyja að fylgja þessu máli fast eftir."

2. Formaður las upp svohljóðandi bréf frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja og Sjómannafélaginu Jötni:

"Vestmannaeyjum 9. janúar 1955.

Eins og ykkur er sjálfsagt kunnugt hafa Sjómannafélagið Jötunn og Vélstjórafélag Vestmannaeyja sagt upp samningi sínum við Útvegsbændafélag Vestmannaeyja um fiskverð.

Þar sem önnur félög sem að þeim heildarsamningi stóðu hafa ekki sagt honum upp mun nýr samningur að sjálfsgöðu eingöngu gilda fyrir félögin hér.

Við teljum því skyldu okkar að bjóða Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðanda að gerast aðili að þeim samningi sem gerður verður og þá auðvitað að taka þátt í samningagerðinni.

Samkvæmt því hafa Jötunn og Vélstjórafélagið kosið 2 menn hvort í samninganefndina en einu sæti haldið lausu fyrir fulltrúa frá Verðandi ef félagið vill verða aðili að samningagerðinni.

Við vonum að þetta erindi okkar verði tekið til afgreiðslu hið fyrsta.

F.h. Sjómannafélagsins Jötuns

Sigurður Stefánsson formaður

F.h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja

Steinar Arason formaður "

Sigurður Stefánsson útskýrði svo bréfið og hver meaning þeirra hefi verið að bjóða uppá samvinnu. Það hefði verið þeirra kurteisuboð, þar sem þeir teldu að margir Verðandafélagar hefðu sameiginlegra hagsmuna að gæta með þeim.

Sighvatur Bjarnason og Júlíus Sigurðsson tóku til máls og létu álit sitt í ljós á þessu bréfi.

Fleiri umræður urðu ekki um málið.

Því næst fór fram leynileg atkvæðagreiðsla um hvort taka skyldi þessu boði eða hafna. Já sögðu 15, nei sögðu 21. 2 seðlar ógildir og 1 auður. Tilboðinu því hafnað með 6 atkvæða mun.

3. Því næst var stungið uppá mönnum í Gæslunefnd og hlutu þessir 9 menn kosningu:
- Sighvatur Bjarnason
  - Jóhann Pálsson
  - Jón Guðmundsson
  - Páll Ingibergsson
  - Júlíus Sigurðsson
  - Óskar Mattíasson
  - Sigurgeir Ólafsson
  - Steingrímur Björnsson
  - og Sveinbjörn Hjartarson.

Ársæll Sveinsson hvatti menn til að halda vel og brjóta ekki fiskiveiðasamþykktina því hún hefði verið frá því fyrsta, þessu byggðarlagi til sóma og öðrum veiðistöðvum til eftirbreytni.

4. Guðjón Valdason vakti máls á því að nauðsynlegt væri að samin væri róðratími fyrir næstkomandi haustvertíð, þar sem útlit væri fyrir að margir bátar myndu þá stunda línuveiðar. Kosin var 5 manna nefnd til að gera ályktanir og tillögur í því máli og skyldi hún skila sínu álitni á næsta fundi.

Þessir menn hlutu kosningu:

- Þorgeir Jólsson
- Eyjólfur Gíslason
- Guðjón Valdason
- Helgi Bergvinsson
- og Sigurgeir Ólafsson

5. Þá tók formaður félagslögin til umræðu.

Sigurður Stefánsson lagði fram svohljóðandi skriflega tillögu:

"Útgerðarmenn skulu ekki hafa atkvæðisrétt í kaupgjaldsmálum."

Þessi tillaga kom miklum umræðum og ólgu af stað og töluðu þessir menn með og á móti tillögunni:

- Guðjón Valdason
- Sighvatur Bjarnason
- Júlíus Sigurðsson
- Óskar Ólafsson
- Sigurður Stefánsson
- Kristinn Magnússon
- og Steingrímur Arason

og lýsti hann yfir á hvaða forsendum hann hefði gengið inn í þetta félag.

Eftir þetta málþóf var gengið til leynilegra kosninga um tillöguna og var hún felld með 7 atkvæða mun. Já sögðu 16, nei sögðu 23. Tveir seðlar auðir.

6. Formaður, Júlíus Sigurðsson, talaði um undanþágufargaðið og að hann hefði átt tal við Formannasambandsráðunautinn, sem hefði sagt að héðan frá Vestmannaeyjum væri búið að afgreiða 40 undanþágubeiðnir jákvæðar en 1 hefði verið neitað.

7. Eftirtaldir 4 menn sóttu um inntöku í félagið og var það samþykkt.

- Einar Hannesson, Faxastíg 4
- Ingvar Gíslason, Vestmannabraut 11
- Hjálmar Jónsson, Vesturveg 34
- Steingrímur Arnar, Faxastíg 39

Fleira ekki fyrir tekið.

42 félagar mættu.

Fundi slitið.

Eyjólfur Gíslason  
(ritari)



## 91. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 16. janúar 1955, og hófst hann kl. 2:20 eftir hádegi í Samkomuhúsinu.

1. Lesin upp síðasta fundargerð og samþykkt.
2. Formaður tók félagslögin til umræðu og bað Pál Þorbjörnsson að skýra frá störfum nefndar þeirrar er kosin var til að endurskoða lög. Páll byrjaði svo á að lesa upp lög og þær breytingar sem nefndin gerði á þeim og útskýrði það jafnframt.  
Þessum 9 eftirtöldum lagagreinum lagði nefndin til að yrði breytt:  
3. gr., 4. gr., 6. gr., 7. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr. og 16. gr.  
Formaður las síðan upp hverja breytingargrein. Hver grein var borin sérstaklega upp til samþykktar. Atkvæðagreiðsla fór fram með því að rétta upp hönd.  
Allar breytingargreinar voru samþykktar mótatkvæðalaust, nema 10. greinin, sem var um stjórnarkosningu félagsins. 10. greinin var samþykkt þannig með öllum atkvæðum gegn 3, að gilda skyldi sama fyrirkomulag og verið hefði, að tilnefna menn í stjórnarsætin á hverjum aðalfundi félagsins, og greiða síðan leynilega, atkvæði um þá.  
Þegar þetta mál hafði verið afgreitt, þakkaði formaður nefndarmönnum vel unnið starf, og bað þá taka að sér að yfirfara og leggja fram breytingar á styrktarsjóðslögunum ef þörf þykkti.  
Bar það undir atkvæði fundarins og var það samþykkt í einu hljóði.
3. Sighvatur Bjarnason sagði þar næst frá byrjunarstörfum hinnar nýkomnu gæslunefndar á fyrsta fundi hennar.
4. Eyjólfur Gíslason tók næstur til máls og sagði frá störfum nefndar þeirrar er kosin var á síðasta fundi til að gera tillögur að róðrarsamþykkt fyrir næstkomandi haustvertíð og leggja fram breytingar á núgildandi fiskiveiðasamþykkt.  
Las hann upp og lagði fyrir fundinn tillögugreinar sem nefndin hafði í samráði.  
Um þetta mál urðu umræður.  
Af nefndarmönnum tóluðu:  
Sigurgeir Ólafsson  
Guðjón Valdason  
og Eyjólfur Gíslason  
og aðrir:  
Páll Þorbjörnsson  
Júlíus Sigurðsson  
Sighvatur Bjarnason  
og Óskar Ólafsson  
  
Eyjólfur Gíslason lagði fram svohljóðandi skriflega tillögu:  
"Geri það að tillögu minni að gæslunefndinni sé falið að endurskoða þær tillögur sem nefnd sú er kosin var á síðasta fundi til að breyta róðrartímanum lagði fram og skila sínum tillögum á næsta fundi."  
Tillagan var borin upp og samþykkt í einu hljóði.
5. Kosnir voru 3 menn í veiðarfæramerkjanefnd og voru sömu menn sem hana sátu endurkosnir þeir:  
Jón Guðmundsson  
Jóhann Pálsson

og Sigfús Guðmundsson

6. Eftirtaldir 2 menn sóttu um inntöku í félagið og voru samþykktir:  
Þórður Stefánsson, Faxastíg 2 og Bjarni Sighvatsson, Brimhólabraut 9.

Fleira ekki tekið fyrir.

41 félagar mættu.

Fundi slitið kl. 5.

Eyjólfur Gíslason  
(ritari)

92. Aðalfundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 23. janúar 1955 og hófst hann kl. 2:30 e.h. á Hótel H.B.

1. Lesin var upp fundargerð síðasta fundar og samþykkt í einu hljóði.
2. Sótt var um inntöku tveggja félaga, þeirra Stefáns S. Stefánssonar, Gerði og Halldórs Halldórssonar, Helgafellsbraut 23.  
Voru þeir samþykktir einróma.
3. Sigurður Stefánsson gerði fyrirspurn hvort ekki bæri að taka fyrir lagabreytingar á undan aðalfundarstörfum.  
Formaður svaraði og skýrði frá að þetta hefði komið til umræðu hjá stjórninni en verið fellt. Bar formaður þetta síðan undir atkvæði fundarmanna. Var það fellt 6:4.
4. Gjaldkeri las þar næst upp ársreikninga félagsins.  
Sighvatur Bjarnason gerði fyrirspurn gagnvart greiðslu félagsins í málskostnað.  
Formaður svaraði og las upp 2 málsgreinar úr fundargerðarbókinni, er skýrðu þessi mál.
5. Gjaldkeri las upp reikninga styrktarsjóðsins og nöfn þeirra er var úthlutað styrk á síðasta ári.
6. Formaður las upp bréf frá Sjómannafélaginu Jötunn.
7. Stjórnarkosning.  
Í formannssæti var stungið upp á þessum mönnum:  
Helga Bergvinssyni  
Eyjólfur Gíslasyni  
Jóhanni Pálssyni  
Atkvæði féllu þannig að formaður var kjörinn Eyjólfur Gíslason með 23 atkvæðum.  
Varaformaður: Helgi Bergvinsson með 11 atkvæðum.  
Jóhann Pálsson fékk 5 atkvæði.  
  
Í ritarasætið voru þessir tilnefndir:  
Gísli Eyjólfsson  
Kristinn Pálsson  
Páll Þorbjörnsson  
Hjálmar Jónsson  
Sighvatur Bjarnason  
Atkvæði féllu þannig:  
Ritari: Gísli Eyjólfsson fékk 16 atkvæði.  
Vararitari: Kristinn Pálsson fékk 11 atkvæði.  
Hjálmar Jónsson fékk 6 atkvæði.  
Páll Þorbjörnsson fékk 4 atkvæði.  
Sighvatur Bjarnason 1 atkvæði.  
1 seðill var ógildur.  
  
Til gjaldkera voru þessir tilnefndir:  
Hjálmar Jónsson  
Elías Gunnlaugsson  
Stefán Stefánsson

Kosning fór þannig að gjaldkeri var kjörinn, Hjálmar Jónsson með 28 atkvæði.  
Varagjaldkeri: Stefán Stefánsson með 7 atkvæði.  
Elías Gunnlaugsson fékk 4 atkvæði.

Endurskoðendur voru tilnefndir þeir sömu og áður, þeir Eiríkur Jónsson og Karl Guðmundsson.

Þar næst fór fram kosning í sjómannadagsráð.

Úr ráðinu gengu 3 menn samkvæmt félagslögum, þeir Kristinn Pálsson, Sigfús Guðmundsson og Jóhann Pálsson.

Í þeirra stað hlutu þessir kosningu:

Kristinn Sigurðsson  
Karl Guðmundsson  
og Stefán Stefánsson

Sjómannadagsráð skipa nú:

Haraldur Hannesson  
Sigurgeir Ólafsson  
Kristinn Sigurðsson  
Karl Guðmundsson  
Stefán S. Stefánsson

Til vara: Haukur Jóhannsson

Sigurður Guðnason  
og Júlíus Ingibergsson

Samþykkt var að láta hafnamálanefnd falla niður.

Þá var kosin björgunaræfinganefnd.

Fundurinn samþykkir að fækka meðlimum hennar úr 6 niður í 3 menn.

Nefndina skipa nú:

Kristinn Sigurðsson  
Einar Jóhannsson  
Kristinn Pálsson

Er kjósa skyldi í ægisnefnd, samþykkir fundurinn að fela gæslunefnd störf ægisnefndar.

Gæslunefnd og ægisnefnd skipa þessir menn:

Sighvatur Bjarnason	Páll Ingibergsson
Jón Guðmundsson	Óskar Matthíasson
Júlíus Sigurðsson	Jóhann Pálsson
Sigurgeir Ólafsson	Steingrímur Björnsson
Sveinbjörn Hjartarson	

Skemmtinefnd.

Samþykkt var að geyma að kjósa í skemmtinefnd þar til með haustinu.

Fánanefnd.

Sömu menn voru kosnir í fánanefndina, þeir Guðni Grímsson og Karl Guðmundsson.

Styrkveitinganefnd var einnig endurkjörin en hana skipa:

Bjarni Jónsson  
Eiríkur Jónsson  
Páll Þorbjörnsson

- Þar með lauk stjórnar- og nefndarkosningu og var nú tekið kaffihlé.
8. Er menn höfðu neytt kaffis og kökur, fengið sér vindla o. s. frv. kvaddi fráfarandi formaður, Júlíus Sigurðsson, sér hljóðs.
- Þakkaði hann fundarmönnum og meðstjórnendum sínum samstarfið á liðnu stjórnarári og afhenti hinum nýkjörna formanni starfið.
- Fundarmenn þokkuðu fráfarandi formanni með lófaklappi.
- Hinn nýkjörni formaður Eyjólfur Gíslason gekk nú í formannssæti og kvaddi sér hljóðs.
- Sagðist hann ekki vilja þakka fundarmönnum þann vanda er hann væri í settur, en sagðist vona að þeir styrktu hann og styddu á komandi stjórnarári.
- Minntist einnig lítillega á liðin ár og starf félagsins og markmið þess.
9. Þá komu félagslögin til umræðu.
- Voru breytingar er samþykktar voru á síðasta fundi, að undanskyldri 10. gr., lesin upp. Voru þær bornar undir atkvæði og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.
- Formaður minntist einnig á nauðsyn þess, að prenta félagslögin, einnig að gefa beri út félagsskírteini.
- Júlíus Sigurðsson kvaddi sér hljóðs.
- Var hann á sama máli og formaður um nauðsyn á prentun félagslaganna, til fyrirbyggingar ágreiningi, er stundum risi á fundum.
- Var Páli Þorbjörnssyni því næst falin framkvæmd málsins, í einu hljóði.
- Páll bað um álit fundarins um, hvort hafa ætti félagsgjöldin og félagsskírteini saman, eða sitt í hvoru lagi.
- Til máls tóku Sighvatur Bjarnason og Júlíus Sigurðsson.
- Voru þeir sammála um að hafa beri lög og skírteini saman og einnig blöð fyrir kvitteringu gjaldkera við ársgjöldum.
- Borið undir atkvæði, samþykkt einróma.
10. Páll Þorbjörnsson kvaddi sér því næst hljóðs og ræddi af hálfu nefndar þeirrar er kosin var á síðasta fundi, tillögur um breytingar á lögum styrktarsjóðsins.
- Breytingarnar voru á 2. - 5. - 6. - 8. og 9. gr. Voru þær síðan bornar undir atkvæði og voru samþykktar í einu hljóði.
11. Sighvatur Bjarnason skýrði frá störfum gæslunefndar.
- Sagðist hann, ásamt Jóni Guðmundssyni, hafa farið til bæjarfógeta og leitað upplýsinga hjá honum, um vald gæslunefndar til sekta gagnvart brotum á fiskveiðasamþykktinni. Kvað bæjarfógeti það hægt með breytingum á fiskveiðasamþykkt.
- Páll Þorbjörnsson las því næst upp breytingar og viðbótartillögur gæslunefndar við fiskveiðasamþykktina, breytingar á 2.-3.-9. og 12. gr.
- Formaður gaf orðið laust, svo menn gætu látið álit sitt í ljósi á breytingunum.
- Sighvatur Bjarnason gaf upplýsingar gagnvart sektunum og að brotin fylgja mönnum alla tíð, en skoðast ekki fyrir hverja vertíð o.fl. upplýsingar gagnvart breytingum þessum.
- Gísli Magnússon tók næstur til máls. Taldi hann, að sektir væru of háar og menn myndu þess vegna hlífast við að kæra.
- Júlíus Sigurðsson taldi sektir síst of háar, því það væri nauðsynlegt, mönnum til umhugsunar og viðvörunar.
- Guðjón Valdason taldi að eftirlits þyrfti með því, að annað hvort hefðu allir ankur eða allir stjóra í útfara undir sandi og ekki styttra en 30 faðma í útfaranum.
- Sighvatur Bjarnason svaraði og sagði að nefndin hefði talið erfitt að binda þetta alveg fast og því ekki farið þá leið.
- Gísli Magnússon vildi að því yrði bætt við tillögurnar að menn hefðu ekki lengra en 1 1/2 faðm milli steina á netjum við veiðar undir sandi og eftirlit væri með því.

Júlíus Sigurðsson sagði að það væri óframkvæmanlegt fyrir eftirlitsnefnd að fylgjast með því, en menn hefðu þetta yfirleitt ekki mjög langt.

Formaður bað um álit fundarins, hvort bera skyldi upp breytingarnar og breytingartillögurnar hverja grein fyrir sig. Borið undir atkvæði, hvort skuli gert. Samþykkt að bera upp allt í einu, með öllum greiddum atkvæðum gegn tveim. Borið undir atkvæði í einu lagi og samþykkt, 1 á móti.

12. Júlíus Sigurðsson skýrði frá málssókn sjómannafélaganna um gjaldeyrismálið.

13. Sighvatur Bjarnason skoraði á félagsmenn að vera gæslunefndinni þægir á komandi vertíð og nota ekki gæslubátana sem ástæðu til brots, er þeir voru í starfi og þyrftu að una að þeir bátar, er fyrstir kæmu út, færu ekki alveg að línunni strax, því alltaf sigi í áttina.

Júlíus Sigurðsson skýrði fyrir mönnum afstöðu ljósa þeirra er afmarka línuna á Víkinni.

14. Óskar Ólafsson kvaddi sér hljóðs, og benti á hve alvarlegt væri orðið að allir smábátar (trillur) væru ljóslausir og sökum þess hefði legið við slysi, ei alls fyrir löngu.

Óskar ræddi einnig nauðsyn þess að trillubátar hefðu gúmmibáta um borð.

Páll Þorbjörnsson sagði að um þetta væru lagaákvæði þar sem tilgreind væru ljós fyrir opna báta. Ennfremur sagði Páll, að þetta bæri að kæra en ekki bíða eftir slysi. Eins að bátar hefðu uppi fiskveiðamerki sem ekki væri allment haft o.fl. gagnvart siglingareglum og merkjum.

Skýrði einnig frá talstöð sem Þjóðverjar voru komnir með fyrir gúmmíbjörgunarbáta og að nýjasti togari Þjóðverja hefði enga aðra báta en gúmmibáta.

Sighvatur Bjarnason og Júlíus Sigurðsson tóku einnig til máls, og töluðu um ljósleysi trillubáta.

Taldi Júlíus og að skora bæri á alla að hafa gúmmíbjörgunarbáta og kom með svohljóðandi tillögu, sem sett verði í víðlesin blöð:

"Aðalfundur S.s. Verðandi Vestmannaeyjum skorar á alla skipstjóra og útgerðarmenn í Vestmannaeyjum, að hafa gúmmíbjörgunarbáta í öllum bátum, stórum og smáum, sem fara á sjó frá Vestmannaeyjum."

Borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Tillaga kom fram um að þetta verði einnig sett tvisvar í útvarp svo og í bæjarblöðin.

Páll Þorbjörnsson ræddi um hvort ekki væri hægt að koma þessari tillögu sem frétt í útvarp.

Stungið var upp á Páli til að koma tillögunni á framfæri og var það samþykkt einróma.

15. Kristinn Sigurðsson taldi þörf á að send yrði áskorun til Björgunarfélags Vestmannaeyja og það vakið til starfa.

Eiríkur Jónsson gaf þær upplýsingar að listi til fjársöfnunar er legið hefði frammi í Verkamannaskýlinu frá Björgunarfélaginu hefði ekki verið sóttur og ekkert verið um hann hirt af félagsins hálfu.

Júlíus Sigurðsson kom með þá tillögu að björgunaræfinganefnd verði falið að endurvekja Björgunarfélagið til starfa. Tillagan borin undir atkvæði, samþykkt einróma.

16. Guðjón Valdason benti á að hættulegt væri þegar bátar kæmu á fullri ferð innan úr höfninni fyrir báta þá, er koma frá Básaskersbryggju.

Júlíus Sigurðsson benti á að þetta væri brot á hafnarsamþykktinni, en orð í tíma töluð.

Páll Þorbjörnsson tók einnig til máls, og ræddi siglingarreglur o.fl.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið kl. 18, 39 félagar voru mættir.

Eyjólfur Gíslason, formaður      Gísli Eyjólfsson, ritari

## 93. fundur haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi laugardaginn 12. febrúar 1955. Hófst kl. 15:30 í Verkamannaskýlinu.

1. Formaður bar upp inntökubeiðni fyrir Sigurð Ögmundsson, Litla Landi og Guðjón Ólafsson, Landamótum.  
Voru þeir samþykktir einróma.
2. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar.  
Samþykkt einróma.
3. Ritari las upp bréf frá frú Rósu Stefánsdóttur.
4. Formaður bar fram eftirfarandi tillögu:  
"Fjölmenntur fundur í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi, haldinn 12/2 1955, vítir harðlega þau rógskrif sem birst hafa í enskum blöðum um Íslendinga og höfð eru eftir enskum togaraskipstjóra.  
Fundurinn telur fulla ástæðu til að ensk fiskiskip séu ekki látin sitja fyrir íslenskum skipum með viðgerðir og aðra fyrirgreiðslu."  
Var tillagan samþykkt einróma.
5. Formaður kom þá að aðalefni fundarins.  
Nokkrir félagar höfðu óskað þess við formann að til þessa fundar væri stofnað ef verða mætti, að félagsmenn gætu komið með eitthvað raunhæft til lausnar verkfalli því, sem Sjómannafélagið Jötunn, Vélstjórafélag Vestmannaeyja og Útvegsbændafélag Vestmannaeyja eru í.  
Fylgdi formaður málefni úr hlaði með nokkurum orðum og bað fundarmenn ræða málið.  
Fyrstur tók til máls Júlíus Sigurðsson og ræddi hvort ekki væri hægt að kjósa nefnd af félagsins hálfu er gengið gæti milli deiluaðila.  
Karl Ólafsson tók í sama streng og taldi æskilegt að fundurinn gæti komið með einhverja miðlunartillögu.  
Kristinn Sigurðsson ræddi hvort ekki væri hægt að safna hér undirskriftum og skora á ríkisstjórnina að skerast í leikinn ef ekki gengi saman innan fárra daga.  
Sighvatur Bjarnason talaði næstur og skýrði að nokkru deiluatríði og afstöðu málanna nú.  
Sagði hann að það síðasta sem útvegsbændur hefðu boðið, er samningaumleitanir voru í Reykjavík, hefði verið að leggja gjaldeyrismálið í gerðadóm en því verið hafnað.  
Sigurður Stefánsson gerði grein fyrir afstöðu sjómanna og ástæðu fyrir því að þeir höfnuðu að láta málið í gerðadóm. Sagði Sigurður að bátagjaldeyrismálið væri orðið einskonar "prinsíp"-mál, beggja aðila.  
Sighvatur Bjarnason mótmælti Sigurði og taldi að dómur starfaréttar hefði ekki verið í gjaldeyrismálinu. Sighvatur taldi að "Verðandi" gæti komið með tillögu í deilunni er yrðu vel þagnar.  
Einnig að félagið gæti skipað nefnd, er eftir vill kæmi með eitthvað raunhæft, til lausnar deilunni.  
Jóhann Pálsson tók næstur til máls. Rækti hann allítarlega upphaf gjaldeyrismálsins, þriðjungastaðaskiptin, kaup mannskapsins og hlut útgerðarmannsins.  
Lagði Jóhann fram nokkur dæmi máli sínu til sönnunar og komst að þeirri niðurstöðu, að þriðjungastaðaskiptin, sem ættu að vera 33,33%, væru orðin um 43%. Sagði hann, sem og fleiri ræðumenn að vinna bæri að því sem mögulegt væri að flýta deilunni því hvað liði byði byggðarlagið í hvíld óbætanlegt tjón.  
Kristinn Magnússon og Júlíus Sigurðsson gagnrýndu nokkuð ræðu Jóhanns.  
Guðmundur Vigfússon taldi að skaðinn af verkfallinu væri orðinn um 20 milljón kr.

Sigurgeir Ólafsson varpaði fram þeirri spurningu hvort samninganefndir deiluaðila myndu fást til að koma saman og ræða málið við sáttanefnd frá "Verðanda".

Sighvatur Bjarnason svaraði og sagði fyrir hönd samninganefndar útvegsbænda, að hún væri alltaf til viðræðu, en málið væri hjá sáttasemjara.

Karl Ólafsson lagði til að kosin yrði 3ja manna nefnd er reyna skyldi sættir, með deiluaðilum.

Óskar Ólafsson spurði hvort samninganefnd "Jötuns" myndi vilja koma saman með sáttanefndinni.

Sigurður Stefánsson svaraði og sagði hana alltaf til viðræðu. Taldi Sigurður eðlilegast og best að sáttanefndin væri skipuð 4 mönnum, 3 mönnum frá "Verðanda" en fjórði maðurinn væri frá sáttasemjara og væri hann oddamaður.

Um þetta urðu nokkurar umræður og voru menn ekki á eitt sáttir hve fjölmenn sáttanefndin skyldi vera.

Sigurgeir Ólafsson kom með munnlega tillögu, þess efnis að kosin verði 3ja manna nefnd, til samstarfs við mann skipaðan af bæjarfógeta, er sé oddamaður.

Tillagan borin undir atkvæði, samþykkt einróma.

Í nefndina var stungið upp á þessum mönnum:

Páli Þorbjörnssyni

Jóhanni Pálssyni

og Sigurgeir Ólafssyni.

Pálmi Sigurðsson vildi bera fram annan lista, skipaðan þessum mönnum:

Kristni Magnússyni

Helga Bergvinssyni

og Júlíusi Sigurðssyni

en þeir báðust allir eindregið undan kosningu.

Var fyrri nefndin borin undir atkvæði, er féllu þannig:

37 atkvæði með, 18 atkvæði á móti.

6. Sighvatur Bjarnason skýrði frá því, að róðranefnd og merkjanefnd hefðu hlotið kosningu í bæjarráði.

7. Formanni var falið, að tilkynna bæjarstjóra ráðstöfun fundarins.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:00.

Eyjólfur Gíslason, formaður

Gísli Eyjólfsson, ritari



## 94. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 26. júní 1955 og hófst kl. 2:30 e.h. á Hótel H.B.

1. Formaður minntist látins félaga, Sigurðar Guðjónssonar frá Framnesi og bað fundarmenn rísa úr sætum, í virðingarskygni við hinn látna.

2. Lesin upp fundargerð síðasta fundar. Samþykkt einróma.

3. Formaður bar fram beiðni frá bæjarráði þess efnis að formenn fari á móti forseta Íslands á öllum mótorbátum er tiltækir séu, er hann kemur í heimsókn til Vestmannaeyja 3. júlí n.k.

Ársæll Sveinsson skipaði nánar ósk þessa. Sagði og lítilega, frá því er flotinn fór til móts við kónginn árið 1921.

Sighvatur Bjarnason lagði til að kosin yrði 3ja manna nefnd og hlutu þessir einróma kosningu:

Ólafur Sigurðsson

Einar Guðmundsson

Kristinn Pálsson

4. Formaður las upp bréf frá Fiskideildinni svohljóðandi:

"Fiskimálastjóri hefir falið mér að leggja fyrir Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðanda, til umsagnar meðfylgjandi erindi frá Atvinnumálaráðuneytinu dagsettu 6 þ.m. varðandi umsókn um veiðileyfi fyrir m/b Björgvin.

Er áriðandi að svar berist sem fyrst.

Fylgjiskjölin endursendist með svarinu.

Virðingarfyllst.

Trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands

Helgi Benónýsson (sign.)

Efni fylgiskjalanna er voru tvö var að Sveinbjörn Finnsson sótti um humarveiðileyfi fyrir m/b Björgvin við Vestmannaeyjar og vottorð frá bæjarfógeta Vestmannaeyja að m/b Björgvin hefði ekki misnotað leyfi til humarveiða síðastliðið sumar.

Jafnframt las formaður upp úr fundargerðarbók félagsins frá fundi er haldinn var 10. janúar 1955, bréf er sent var Fiskideild Vestmannaeyja útaf humraveiðum.

Páll Þorbjörnsson sagði frá svarbréfum, er Fiskideildin hefði sent útaf þessum málum.

Sighvatur Bjarnason talaði næstur og sagði að á Landsambandsfundi, hinum síðasta hefði þingfulltrúinn frá Eyrarbakka barist mjög fyrir leyfum þessum en þingheimur verið eindregið á móti.

Ársæll Sveinsson tók næstur til máls, og sagði m.a. að er tímar liðu væri athugandi að opna landhelgina stuttan tíma á ári, fyrir botnsköfur en það væri ekki tímabært nú eða á næstu árum.

Ársæll taldi það hreina hneisu og málstað Íslands til stór tjóns að leyfa undanþágur til botnsköfuveiða í landhelginni nú þegar.

Formaður lagði til að svarað yrði á sama hátt og fyrr.

Samþykkt einróma.

5. Formaður bað Sighvat Bjarnason að skýra frá viðtali er þeir áttu við yfirmann landhelgisgæslunnar, hr. Pétur Sigurðsson, er þeir félagar voru á ferð í Reykjavík fyrir skömmu.

Sighvatur sagði að þeir fengu góðar viðtökur hjá forstjóranum en ekki hefði hann lofað neinu ákveðnu um gæslu netanna utan landhelgisins. Hafði hann góð orð um að þegar þar að kæmi myndi fást á því máli einhver úrlausn eða bót, með góðri samvinnu og samtali við þá báta, sem legðu net sín í ?? línu.

Sighvatur taldi að tapast hefði fiskur nú síðast liðinn vetur, fyrir það að menn hættu sér ekki út fyrir landhelgislínuna.

Páll Þorbjörnsson talaði næstur og sagði að með rýmkunum landhelginnar hefði ekki verið slakað á neinum gömlum rétti og nokkur viðurkenning hefði verið orðin fyrir þessu svæði þ.e. gamli "Eyja-bankinn" og var hann afmarkaður á sérkortum áður Landhelgislínan var færð út.

Ólafur Sigurðsson benti á baujuréttinn og ræddi hann nokkuð.

Formaður lagði til að málið yrði tekið út af dagskrá og geymt til haustfundanna, en tekið þá til rækilegrar athugunar.

6. Sighvatur Bjarnason kvaddi sér hljóðs og minntist á dansleiki er haldnir eru á vertíðinni. Taldi hann dansleiki haldna af oft og var ekki vansalaust t.d. er haldinn væri dansleikur á páskadag er gæti jafnvel orðið aðdragandi að slysi. Dansleikir væru alltaf til stór tjóns, þar sem oft bæri við að bátar kæmst seint á sjó, og einstaka jafnvel ekki.

Tekið kaffihlé!

Formaður bar upp mál það er Sighvatur Bjarnason ræddi, undir fundinn.

Ársæll Sveinsson kom með munnlega tillögu, að fela stjórninni málið.

Samþykkt einróma.

7. Sigurður Þórðarson minntist á gímmíbjörgunarbatana og benti á nauðsyn þess að að gefnu tilefni yrðu menn skyldaðir til að blása bátana upp árlega með flöskunni. Frosið getur fyrir lokann með tíð og tíma.

Ársæll Sveinsson taldi rétt að athuga hvort Björgunarfélagið vildi greiða fyrir þessu máli, með því t.d. að eiga jafnan nokkurrar fullhlaðnar flöskur, því ein flaska á bát væri ónóg og þunglamalegt að sækja fyllingu til Reykjavíkur. Vildi fela stjórninni málið.

Eiríkur Jónsson benti á að skylda væri að vigta flöskuna og vægi full flaska 19-20 libs., en tóm um 12 libs.

Kristinn Sigurðsson ræddi um nauðsyn þess að hafður yrði einn æfingabátur og væri mönnum kennt á hann. Kvað hann þetta verk fyrir Björgunarfélagið og standa því næst. Einnig kvað Kristinn meira líf þurfa í Björgunarfélagið og taldi það starfa af lítið í seinni tíð.

Ársæll svaraði og ræddi nokkuð um Björgunarfélagið og starfsemi þess.

Taldi athugandi hvort slysavarnadeild kvenna vildi veita bát til æfinga.

Málið tekið út af dagskrá og skal geymast til haustsstarfsins.

8. Óskar Ólafsson hreyfði símamálinu, er áður hefur verið rætt á fundum félagsins.

Kvað Óskar það ekki vansalaust, að ekki skyldi vera hægt að komast í síma á Bäsaskersbryggju, hvenær sem er.

Sighvatur Bjarnason lofaði að hreyfa þessu máli á hafnarnefndarfundum.

Ársæll Sveinsson skýrði frá því að samkvæmt sögn símastöðvarstjóra væru ekki fleiri línur á bryggjuna, en fyrir þá síma er þegar eru þar, en vonaði að það stæði til bóta.

Lofaði Ársæll að hreyfa þessu á hafnarnefndarfundum.

Fleiri ræddu þetta mál og bar öllum ræðumönnum saman um að þetta almenningssímaleysi væri til hins mesta óhagræðis og gæti jafnvel staðið í vegi fyrir að forða mætti sköðum og slysum.

Helgi Bergvinsson benti á nauðsyn þess, að fá síma á bryggju þá, sem verið er að byggja og að það væri athugað í tíma.

9. Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.

Formaður óskaði þeim félögum, er fara á síldveiðar, fararheilla og góðrar veiði og sagði síðan fundi slitið.

Fundi slitið kl. 16:20, 32 félagar mættu.

Eyjólfur Gíslason, formaður

Gísli Eyjólfsson, ritari

## 95. fundur var haldinn í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi sunnudaginn 16. október og hófst kl. 16:00 í Akóges.

1. Lesin var fundargerð síðasta fundar. Samþykkt einróma.
2. Ritari las upp afrit af bréfi til Fiskideildarinnar í Vestmannaeyjum, dagsett 3/7 1955 og var varðandi humarveiðileyfi.  
Var í engu hvíkað frá fyrri afstöðu félagsins til slíkra leyfa, og send var til Fiskideildinni í bréfi dagsettu 31/10 1954 og er skráð í 90. fundargerð félagsins.
3. Ritari las upp afrit af skeyti er sent var til Þorsteins Jónssonar í Laufási, á 75. afmælisdegi hans. Fundarmenn hylltu afmælisbarnið, með lófaklappi.
4. Formaður félagsins þakkaði mönnum góða og skipulega þátttöku í siglingu flotanns móti forseta Íslands og frú hans í vor.
5. Formaður las upp bréf frá skipasmiðunum Bárði Auðunssyni, Eggert Ólafssyni og Ólafi Jónssyni.  
Fóru þeir þess á leit við Verðanda að félagið veitti þeim lið með skriflegri áherslu til hafnarnefndar Vestmannaeyja varðandi umsókn þeirra um lóð undir dráttarbraut, sunnan Friðarhafnarbryggju. Höfðu þeir sótt um lóð þessa 15. september 1954 en ekki fengið neitt svar.  
Sighvatur Bjarnason skýrði ferðir þessa bréfs í hafnarnefnd, Útvegsbændafélaginu og víðar.  
Sighvatur taldi nokkurs misskilnings gæta í þessu máli.  
Páll Þorbjörnsson ræddi og efni bréfsins. Var það síðan tekið út af dagskrá.
6. Ritari las bréf frá F.F.S.Í. varðandi næsta þing, og sendingu fulltrúa á þingið.  
Formaður félagsins ræddi um réttindamálið og kvað ástandið í þeim í svo mikilli niðurlægingu að ekki yrði lengur við unað og yrði að fá úr því bætt.  
Til skýringar las ritari úr bréfi frá F.F.S.Í. ritað í maí 1954 um nokkur mál frá 16. þingi sambandsins þar sem fulltrúar Verðanda og S.s. Bylgjan á Ísafirði reyfuðu breytingar á kennslufyrirkomulagi í siglingafræði fyrir fiskimenn.  
Páll Þorbjörnsson skýrði svo frá að er þetta var rætt á þinginu hefðu Reykvíkingar verið mjög á móti, en utanbæjarmenn með.  
Páll ræddi og afstöðu F.F.S.Í. til mála og meðferð þeirra og taldi hana ekki sem besta.  
Sighvatur Bjarnason tók næstur til máls, og lagði til að 30 tonna réttindin hyrfu með öllu, enda útheimta þau enga kunnáttu í siglingafræði og menn með 30 tonna réttindi því jafn nær í þeim fræðum.  
Sighvatur taldi þetta ástand með öllu óheft og sagði að t.d. væri það í einni verstöð, aðeins 1 maður af 7 sem væri með réttindi til stjórnar bát sínum, hinir 30 tonn eða jafnvel ekkert.  
Sighvatur kvað F.F.S.Í. sofandi í málinu. Kvaðst og harma það að ekki væri reynt að fá menn til að læra og afla sér bestu menntunar í þessum efnum.  
Formaður, Eyjólfur Gíslason, ræddi málið og afstöðu "Verðanda" til þess.  
Félagið gerði á sínum tíma fundarsamþykkt, um að mæla ekki með undanþágum og hefði þeirri stefnu verið haldið.  
Formaður tók til dæmis, um hraða afturför í undanþágufarganinu, er einn af reyndustu skipstjórum í þessu plássi, hefði árið 1945 fengið sér stærri bát en ekki haft næg réttindi til stjórna honum. Þrátt fyrir rúmlega 35 ára happadrjúgan skipstjórnarferil fékk hann neitun og varð að lokum að sækja um undanþáguna til ráðherra er veittu hana mjög treglega.  
Aftur á móti virtist svo sem hver sem væri fengi nú undanþágu, þó engin kunnátta í siglingafræði væri fyrir hendi.

Formaður bað menn ræða hvort senda skuli fulltrúa á F.F.S.Í.-þingið og þá tilnefna 2 féлага til ferðarinnar.

Sighvatur Bjarnason talaði um siglingatíma í sambandi við lærdóm til skipstjórnar.

Taldi hann það hreina ósvinnu að vélstjórar skuli ekki fá siglingatíma, mennirnir sem bestu aðstöðuna hefðu til lærdóms.

Runólfur Jóhannsson ræddi um undanþágur og hvernig hægt væri að komast fyrir það mein eins og hann komst að orði. Tók hann iðnaðarmenn til hliðsjónar og hvernig þeir komust fyrir undanþágufarganið er ríkti í þeirra stétt árið 1936.

Var nú kosið á þingið og hlutu þessir einróma kosningu:

Páll Þorbjörnsson

Sighvatur Bjarnason

Páll bað um að kosinn yrði varamaður ef hann, sökum annríkis, gæti ekki setið þingið.

Varamenn voru kosnir Kristinn Pálsson og Ársæll Sveinsson.

7. Formaður skýrði frá samtali er hann átti við formann Slysavarnardeildarinnar Eykyndils, frú Sigríði Magnúsdóttur, varðandi mál það er Sighvatur Bjarnason bar upp á síðasta fundi, um dansleiki á vertíðinni sér í lagi á páskadag.

Sighvatur Bjarnason tók til máls, og lagði til að Eykyndill yrði skrifað bréf varðandi þetta mál.

Páll Þorbjörnsson lagði og nokkuð til málanna.

8. Formaður ræddi um félagsgjöldin og innheimtu þeirra.

Varagjaldkerinn, Stefán Stefánsson, skýrði frá ástandinu í málinu. Sagði hann tap félagsins nema rúmum 9 þúsund krónum í óheimtum gjöldum frá síðustu vertíð.

Taldi Stefán heppilegast að í stöðu gjaldkera yrði kosinn maður sem ekki stundaði sjó, því erfitt væri fyrir tíma að standa vel að innheimtu og öðru slíka sökum tímaskorts.

Sagði hann öll árgjöld fyrir þetta ár óinnheimt og bað fundarmenn koma að loknum fundi og gjalda skatt sinn.

9. Kosið var í skemmtinefnd en það var samþykkt á aðalfundinum að geyma það til haustsins.

Einróma kosningu hlutu þessir:

Sveinbjörn Hjartarson

Sigurður Guðnason

Haukur Jóhannsson

Páll Þorbjörnsson skýrði frá því að hann hefði lagt drög að því, að fá kvikmyndir, er snerta sjómenn og taldi þeirra bráðlega von.

Taldi Páll að félag slíkt sem þetta gæti haft not af myndum þessum á skemmtifundum sínum.

Formaður þakkaði Páli upplýsingarnar.

Einnig var kosin afmælisnefnd.

Hana skipa samkvæmt einróma kosningu:

Ingvar Gíslason

Bjarni Sighvatsson

Magnús Helgason

Markús Jónsson

Elías Gunnlaugsson

Til vara: Sigurður Ögmundsson og Hilmar Rósmundsson.

10. Formaður ræddi slæma fundarsókn félaga.

11. Formaður minntist á ljósbaujuna við Eiðið og hvort hún væri eins nauðsynleg og áður en vitinn kom á Faxasker.

Var þetta borið upp samkvæmt ósk hafnarvarðar er taldi erfitt að leggja og halda baujunni á sínum stað, auk þess nokkuð kosnaðarsamt.

Bað formaður um álit fundarmanna.

Nokkurir tóku til máls.

Páll Þorbjörnsson taldi það afturför, ef baujan hyrfi.

Guðmundur Vigfússon taldi baujuna mjög til hjálpar og sagði dæmi því til sönnunar. Taldi frekar að keppa þyrfti að því að fá fleiri baujur.

Sighvatur taldi að ekki hefði verið um þetta talað á hafnarnefndarfundum, en nefndin bæri þó kostnaðarhlíð baujunnar og mál þetta því ekki svaravert.

Var einróma álit fundarins að hafa baujuna.

12. Kristinn Sigurðsson minntist á mál, er hann hefði borið upp á fundi á s.l. hausti, þar sem hann fór þess á leit við félagið, að það innheimti fyrir sína hönd kaup hans hjá Gísla Magnússyni útgerðarmanni. Málið hefði síðan sofnað útaf.

Upplýstist að mál þetta hafði verið falið fyrri stjórn félagsins.

Tóku nokkrir til máls og ræddu hvernig best og fljótast yrði að þessu máli unnið þar eð það þyldi litla bið sökum aldurs.

Vildu sumir fela málið nefnd frá félaginu en Páll Þorbjörnsson taldi best að fela lögfræðingi málið, láta hann kynna sér það og félagið fengi frá honum greinar eða álitsgjörð. Var það samþykkt einróma. Páli Þorbjörnssyni falið að tala við lögfræðing.

13. Sighvatur Bjarnason ræddi um Björgunarfélagið að nauðsynlegt væri að skrifa stjórn þess og fá fund í félaginu og reyna að endurlífga það.

Kristinn Sigurðsson skýrði nokkuð frá deyfðinni í Björgunarfélaginu og góðum loforðum um fundi er aldrei efndust.

14. Formaður minntist á mál, er Kristinn Sigurðsson reyfaði á fundi í félaginu, varðandi gúmmíbátana.

Runólfur Jóhannsson og Páll Þorbjörnsson ræddu nokkuð um málið, hleðslu á loftflöskum bátanna o.fl.

Sighvatur Bjarnason taldi ótækt að fýsibelgir þeir er bátunum fylgdu væru svo veikir eða kraftlitlir sem raun væri á og þyrfti þar úrbóta.

Ræddi og málið nokkuð, á víðari grundvelli.

15. Helgi Bergvinsson spurðist fyrir um bátinn sem verið hefur í uglum á Friðarhafnarbryggju en væri þar nú ekki lengur.

Runólfur Jóhannsson og Sighvatur Bjarnason ræddu þetta bátsmál og töldu það í mesta ólestri og úrbóta mjög þörf. Þyrfti nauðsynlega að fjölga bátunum.

Efitrfarandi tillaga til hafnarnefndar kom fram á fundinum og var samþykkt einróma:

"Fundur í S.s. Verðandi sunnudaginn 16. október 1955, skorar á hafnarnefnd Vestmannaeyja að hafa ekki færri en 3 (þrjá) árabáta í fullu standi og ávallt til taks, við höfnina."

Fleiri mál ekki fyrir tekin.

Fundi slitið kl. 18:30.

Fundurinn var illa sóttur, aðeins 19 félagar mættir.

Eyjólfur Gíslason, formaður

Gísli Eyjólfsson, ritari